



Kynferðisbrot á Íslandi 2001-2011

Gerendur; einkenni og afbrotahegðun

Guðrún Sesselja Baldursdóttir

Lokaverkefni til MS-gráðu
Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kynferðisbrot á Íslandi 2001-2011

Gerendur; einkenni og afbrotahegðun

Guðrún Sesselja Baldursdóttir

Lokaverkefni til MS-gráðu í sálfræði
Leiðbeinandi: Jón Friðrik Sigurðsson
Meðleiðbeinandi: Árni Kristjánsson

Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MS gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Guðrún Sesselja Baldursdóttir 2013

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða einkenni og afbrotahæðun þeirra sem dæmdir voru fyrir kynferðisbrot á Íslandi á árunum 2001-2011. Í rannsókninni var farið nákvæmlega yfir 381 dóm frá árinu 2001 til ársins 2011. Dómarnir snéru að öllum greinum kynferðisbrotakafla almennu hegningarlagna, nr. 19, frá 12. febrúar 1940. Útbúinn var gagnagrunnur í SPSS sem innihélt í heildina 60 breytur sem náðu yfir þær upplýsingar sem unnt var að finna í endurriti af dómunum. Endurritin af dómunum eru ekki stöðluð að öllu leyti þannig að í sumum dómum getur vantað upplýsingar um hegðun eða aðstæður sem teljast mikilvægar og koma fram í öðrum dómum. Þetta veldur því að talsvert var um brottfallsgildi í niðurstöðum. Lýsandi tölfræði var að mestu leyti notuð til þess að gera grein fyrir niðurstöðum, auk þess sem tengsl á milli breyta voru skoðuð og voru kí-kvaðratpróf notuð til þess að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli hópa og t-próf til að kanna marktækt á muni á meðaltölum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kynferðisbrot gegn börnum séu ólík brotum gegn fullorðnum að mestu leyti, þrátt fyrir að meðalaldur gerenda sem brjóti gegn börnum og fullorðnum hafi reynst nánast sá sami. Einungis í fimm tilfellum braut gerandi gegn barni og fullorðnum og einungis í tveimur tilfellum voru brot bæði gegn stúlku og dreng. Gerendur höfðu mjög sjaldan framið kynferðisbrot áður (svo vitað væri) en þegar um brot gegn börnum var að ræða, höfðu gerendur að jafn stórum hluta framið endurtekin og stök brot gegn þeim þolanda sem um var að ræða hverju sinni. Oftar var um endurtekin brot að ræða þegar mikil tengsl voru á milli geranda og barns en brot gegn ókunnugum börnum voru frekar stök. Kynferðisbrot gegn fullorðnum þolendum voru í flestum tilfellum stök brot sem áttu sér stað á nóttunni og gerandi og þolandi voru í meirihluta tilfella báðir undir áhrifum áfengis. Rannsóknin er liður í að auka þekkingu á kynferðisbrotum en mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöðurnar lýsa aðeins þeim kynferðisbrotum sem fara fyrir dóm og takmarkast við upplýsingar sem gefnar eru upp í dómsskjölum hverju sinni. Ekki ætti að alhæfa um kynferðisbrot á Íslandi út frá þeim.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Yfirlit yfir myndir	5
Yfirlit yfir töflur.....	5
Kynferðislegt ofbeldi	6
<i>Lagalegar skilgreiningar</i>	9
<i>Lög er varða brot gegn börnum</i>	12
Kynferðisbrot á Íslandi	15
<i>Afdrif kynferðisbrota á Íslandi</i>	16
Kynferðisbrot erlendis	17
Kynferðisbrot gegn börnum.....	19
<i>Umfang kynferðisbrota gegn börnum</i>	21
<i>Kynferðisbrot gegn börnum - tilkynningar til yfirvalda.....</i>	22
<i>Sifjaspell og brot gegn tengdum börnum</i>	24
<i>Áhrif tengsla gerenda og þolenda á brot</i>	26
Barnagirnd	27
Hagnýting á réttarsálfræði í afbrotarannsóknum	28
<i>Tengslagreining</i>	29
<i>Ólíkar aðstæður og ólíkar niðurstöður.....</i>	33
<i>Fjölbreytileiki brota (e. polymorphism).....</i>	34
<i>Fjölbreytileg kynferðisbrot gegn börnum</i>	35
<i>Fjölbreytileg afbrotahegðun í stærra samhengi</i>	39
<i>Gagnrýni á skilgreiningar og flokkun kynferðisbrotamanna.....</i>	41
<i>Ítrekunarbrota.....</i>	42
Afdrif dæmdra kynferðisbrotamanna og úrlausnir á sviði viðurlaga	45
Meðferð kynferðisbrotamanna	47
Rannsóknarmarkmið.....	51
Aðferð	54
<i>Rannsóknargögn</i>	54
<i>Framkvæmd.....</i>	54
<i>Tölfræðiúrvinnsla.....</i>	59
Niðurstöður	60
Lýsandi tölfræði.....	60
<i>Fjöldi dóma.....</i>	60

<i>Brotaflokkar</i>	61
<i>Fjöldi dóma út frá lagagreinum</i>	62
<i>Þolendur:</i>	63
<i>Fjöldi þolenda</i>	63
<i>Aldur þolenda</i>	65
<i>Fjöldi og aldur þolenda</i>	66
<i>Kyn þolenda</i>	67
<i>Gerendur:</i>	68
<i>Kyn gerenda</i>	68
<i>Aldur gerenda</i>	68
<i>Margir gerendur</i>	69
<i>Vímuefni</i>	71
<i>Tími dags</i>	72
<i>Staðir</i>	72
<i>Ítrekunarbrott</i>	73
<i>Endurtekin brott gegn sömu þolendum</i>	75
<i>Hótanir</i>	75
<i>Lokkun</i>	76
<i>Líkamlegt ofbeldi, annað en kynferðislegt</i>	77
<i>Meðferð gerenda</i>	77
<i>Játningar</i>	78
<i>Megintilgátur - Tengsl gerenda og þolenda</i>	79
<i>Aldur þolenda (barna) eftir tengslum:</i>	80
<i>Kyn þolenda (barna) eftir tengslum</i>	81
<i>Blóðtengsl</i>	82
<i>Tengsl og útrekun</i>	82
<i>Tengsl og hótanir</i>	83
<i>Tengsl og lokkun</i>	84
<i>Tengsl og líkamlegt ofbeldi, annað en kynferðislegt</i>	84
Samantekt	85
<i>Samantekt á lýsandi tölfræði</i>	85
<i>Dómar</i>	85
<i>Þolendur</i>	86

<i>Gerendur</i>	86
<i>Staður og tími</i>	89
<i>Ítrekunartbrot</i>	89
<i>Hótanir og lokkun</i>	90
<i>Meðferð</i>	90
<i>Játningar</i>	91
<i>Megintilgátur samantekt</i>	91
<i>Tengsl gerenda og þolenda og eiginleikar brota</i>	91
Takmarkanir rannsóknarinnar.....	94
Umræða.....	95
Hagnýting	97
Heimildaskrá.....	99
Viðauki	108
<i>Refsingar</i>	109
<i>Þróun refsinga:</i>	109
<i>Tengsl og sakfellingar</i>	112

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Fjöldi dóma á ári.	60
Mynd 2. Fjöldi dóma á ári, skipt upp eftir héraðsdómum.	61

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Fjöldi dóma við hvern héraðsdóm fyrir sig.	54
Tafla 2. Breytur í dómasafnsgrunni.	56
Tafla 3. Fjöldi dóma eftir brotaflokkum.	61
Tafla 4. Brotaflokkar – Fleiri en ein tegund brots í sama dómi. Kynferðisbrot gegn barni, kynferðisbrot gegn fullorðnum og varsla kláms.	62
Tafla 5. Fjöldi dóma sem enda með sakfellingu, skipt eftir lagagreinum.	62
Tafla 6. Fjöldi dóma sem enda með sýknu, skipt eftir lagagreinum.	63
Tafla 7. Fjöldi þolenda eftir brotaflokkum.	64
Tafla 8. Fjöldi dóma eftir tegund brots út frá fjölda þolenda	65
Tafla 9. Fjöldi dóma eftir tegund brota og því hvort um er að ræða einn þolanda eða fleiri.	65
Tafla 10. Aldur þolenda þegar þolendur voru fleiri en einn.	66
Tafla 11. Kyn þolanda eftir tegundum brota.	67
Tafla 12. Aldri gerenda skipt í aldursbil og eftir brotaflokkum	69
Tafla 13. Tími dags sem brot á sér stað, eftir tegund brots.	72
Tafla 14. Staðir þar sem kynferðisbrot fara fram, eftir brotaflokkum.	73
Tafla 15. Ítrekun kynferðisbrota, eftir tegund brots.	74
Tafla 16. Tíðni brota hvers gerenda, eftir tegund brots.	75
Tafla 17. Hótanir eftir því í hvaða tilgangi hótunin er, flokkað eftir brotaflokkum.	76
Tafla 18. Fjöldi þeirra sem hafa leitað sér meðferðar, eftir tegund brots.	77
Tafla 19. Meðferðaraðilar sem gerendur hafa leitað til eftir ákæru.	78
Tafla 20. Játningar eftir tegundum brota.	79
Tafla 21. Tengsl gerenda og þolenda eftir brotaflokkum.	80
Tafla 22. Aldur þolenda eftir tengslum þeirra við gerendur.	81
Tafla 23. Tíðni brota eftir tengslum gerenda og þolenda, þegar þolendur eru börn.	83
Tafla 24. Lokkun gerenda, skipt upp eftir tengslum við þolendur	84

Kynferðislegt ofbeldi

Skilgreining á kynferðisofbeldi er langt frá því að vera einföld. Fólk með ólík viðhorf getur haft ólíkar hugmyndir um hvað teljist vera kynferðislegt ofbeldi og þegar þolendur eru börn eru þau sjálf oft ekki meðvituð um að þau séu beitt ofbeldi.

Viðhorf fólks til kynferðislegs ofbeldis getur verið gríðarlega ólíkt og Lonsway og Fitzgerald (1994) segja að dæmi séu um að almenningur telji atburðir ekki vera nauðgun ef þolandi hafi farið sjálfviljugur heim með geranda eftir fyrsta stefnumót og aðeins sé um nauðgun að ræða ef gerandi noti vopn. Þá eru Lonsway og Fitzgerald (1994) ekki að tala um skoðun meirihluta almennings heldur fámennan hóp sem þó er til. Svipaðar niðurstöður komu fram í BA-ritgerð Ágústu Örnú Sigurdórsdóttur frá 2012 sem fólst í því að skoða viðhorf íslenskra háskólanema til nauðgana. Þátttakendur sem svöruðu voru að vísu ekki margir eða 141 og aðeins 18% af heildarúrtakinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu samt sem áður að 1% þátttakenda var sammála þeirri fullyrðingu að ekki væri hægt að tala um nauðgun ef manneskja hefði gefið til kynna að hún hefði áhuga á kynnum af kynferðislegum toga. Rannsókn Ágústu Önnu sýndi enn fremur að 6% þátttakenda var sammála því að ekki væri um nauðgun að ræða ef kona hefði átt marga bólfélaga og sýndi mikinn áhuga á kynlífi. Þetta eru vissulega fáir þátttakendur sem svara og enn færri sem voru sammála þessum fullyrðingum en sýnir þó að viðhorf fólks eru ólík og á meðal fólks er fólk með þessi viðhorf til nauðgana. Að sama skapi segja Agnes B. Tryggvadóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Jakob Smári og Eyrún Jónsdóttir (2009) frá niðurstöðum íslenskrar rannsóknar frá árinu 2001 á viðhorfi háskólanema til nauðgana. Í þeirri rannsókn var skoðað hvenær þátttakendur teldu þvingað kynlíf verða að nauðgun. Með þvinguðu kynlífi var átt við kynmök án samþykkis beggja aðila og áttu þátttakendur að svara hversu sammála þeir voru fullyrðingum um nauðgun. Dæmi um fullyrðingu var að ekki væri um nauðgun að ræða ef karlmaður hefði mök við konu gegn hennar vilja ef hún hefði á sér lauslætisorðspor. Niðurstöðurnar sýndu fram á að langstærstur hluti þátttakenda taldi þvingað kynlíf vera nauðgun en þó var hluti þátttakenda eða 4,4% sem var sammála því að ekki væri um nauðgun að ræða ef konan sýndi kynlífi mikinn áhuga og hefði átt sér marga rekkjunauta, þrátt fyrir að kynmökun í umrætt sinn væru ekki með hennar samþykki. Þá taldi 12,4% þátttakenda ekki um nauðgun að ræða ef annar aðilinn væri of ölvaður til þess að veita samþykki sitt fyrir kynmökum. Þessar tvær rannsóknir sýna að hluti

þátttakenda, þó lítil sé, er sammála því að aðstæður geti réttlætt þvingað kynlíf eða nauðganir. Rannsóknirnar sýna að hluti þátttakenda, þó lítil sé, telur að þolendur beri sjálfir ábyrgð á nauðgunum en sú staðreynd að þolandi hafi áður sýnt mikinn áhuga á kynlífi og sú staðreynd að þolandi hafi haft marga rekkjunauta í gegnum tíðina geri það að verkum að hverjum sem er sé heimilt að stunda mök með honum án þess að fá samþykki hans til þess.

Ranghugmyndir um nauðganir viðgangast í raun og eru þær líklegar til þess að viðhalda viðhorfum sem fría gerendur ábyrgð og réttlæta nauðganir en slíkar ranghugmyndir hafa verið teknar saman í rannsóknum og samanstanda þær yfirleitt af neikvæðum staðalímyndum um þolendur nauðgana (Krahe, Temkin og Bieneck, 2007). Lonsway og Fitzgerald (1994) segja það sama einkenna ranghugmyndir um nauðganir og einkennir staðalímyndir almennt en það er að meirihluti nauðgana fellur ekki undir þessar ímyndir en um leið og einhver nauðgun gerir það þá er þeirri sögu haldið á lofti. Eyssel og Bohner (2011) flokka ranghugmyndir um nauðganir gróflega niður í fjóra flokka. Í fyrsta lagi þegar þolandinn er sjálfur talinn bera ábyrgð á nauðguninni (konur ögra karlmönnum með klæðaburði og hegðun sem leiðir til þess að þeim er nauðgað), í öðru lagi þegar lítið er gert úr rauntíðni nauðgana (segja fæstar nauðgunarkærur eigi við rök að styðjast), í þriðja lagi þegar gerandinn er fríður ábyrgð (talað um að kynhvöt karla sé svo mikil í því sambandi) og í fjórða lagi þegar sagt er að aðeins ákveðnar týpur kvenna lenda í því að vera nauðgað (t.d. oftast eru það lauslátar konur sem stunda bari ákaft sem er nauðgað). Lonsway og Fitzgerald (1994) taka fram að langstærstur hluti ranghugmynda um nauðganir finnist hjá karlmönnum.

Það er svo að þegar um fullorðið fólk er að ræða eru greinilega skiptar skoðanir um hvaða atburði ætti að túlka sem kynferðislegt ofbeldi og hverja ekki. Hvort sú túlkun sé réttlætanleg eða ekki er mun skýrara þegar athæfi beinist gegn börnum. Finkelhor (1994a) bendir reyndar á aðstæður sem börn geti upplifað sem kynferðisofbeldi þó að þær væru kannski ekki skilgreindar sem slíkar en það er þegar foreldrar vanrækja barn sitt með endurteknum kynlífsathöfnum í návist þess, án þess þó að barnið taki nokkurn þátt. Þá er barnið sjálft ekki misnotað en kynlífstengdir atburðirnir geta engu af síður haft varanleg áhrif á það. Finkelhor (1994a) segir þó óljóst hvort eigi að flokka slíkt sem vanrækslu eða kynferðisofbeldi og á meðan slíkt er óljóst getur það til dæmis haft áhrif á flokkun og tíðni kynferðisbrotamála þegar þolendur hafa upplifað það sem slíkt. Eins geta verið skiptar skoðanir um hvort skilgreina eigi atburði þar sem fullorðið fólk telur

sig verða fyrir kynferðislegri áreitni þegar til dæmis gerandi berar sig á kynferðislegan hátt eða stundar kynferðislegt athæfi í návist annarra, sem kynferðislegt ofbeldi eða ekki.

Skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) á kynferðislegu ofbeldi (e. *Sexual violence*) er svona:

...hvers konar kynferðislegt athæfi eða tilraunir til þess, óvelkomnar kynferðislegar athugasemdir eða tilburðir eða atvik sem fela í sér verslun með kynlíf eða aðra háttsemi sem beint er gegn manneskju á kynferðislegan og þvingandi hátt af hendi annarrar manneskju óháð sambandi hennar við þolandann, í hvaða aðstæðum sem er, þar með talið en ekki einskorðað við heimili eða vinnustað (Krug o.fl., 2002, bls. 149; þýtt af höfundu).

Þessi skilgreining á kynferðislegu ofbeldi er ýtarleg og ætti að ná yfir flest slík brot gegn einstaklingi en skilgreining og notkun á hugtakinu kynferðislegt ofbeldi getur samt verið ólík eftir rannsóknum og þarf að taka tillit til þess, sérstaklega ef það á að bera saman rannsóknir. Misjafnt getur verið hvað hver og einn, rannsakandi eða þolandi, telur til kynferðislegs ofbeldis og mikilvægt er að vera meðvitaður um það þegar rýnt er í tölurnar. Niðurstöður rannsókna litast af eiginleikum úrtaka hverju sinni. Þegar rannsaka á kynferðisbrot stendur valið á milli þess að skoða það sem þolendur hafa að segja, upplýsingar úr lögregluskýrslum eða dómum. Vegna þess hversu stór hluti kynferðisbrota kemur ekki til kasta yfirvalda er erfitt að alhæfa um kynferðisbrot og brotamenn út frá þeim gögnum sem fást úr lögregluskýrslum eða dómsúrskurðum en þessi tegund gagna hefur þó sína styrkleika. Styrkleikinn felst í ítarlegum rannsóknum og stöðluðum aðferðum. Á Íslandi er ferill kynferðisbrota sem kærð eru til lögreglu þannig að fyrst rannsakar lögregla málin og felur sú rannsókn í sér að upplýsa hvort framið hafi verið brot sem sæta eigi saksókn og hver hafi framið það. Lögreglan tekur svo ákvörðun um að annaðhvort hætta rannsókn og vísa máli frá eða að ljúka rannsókn og senda málið til ríkissaksóknara, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Ríkissaksóknara, sem fer með saksókn í öllum kynferðisbrotum, ber að meta hvort það eigi að senda mál fyrir dóm eða ekki. Ef ríkissaksóknari telur að það sem fram hefur komið í máli sé ekki nægilegt eða sé ólíklegt til þess að sakfella þann ákærða getur hann felt málið niður en að öðrum kosti höfðar hann opinbert mál á hendur ákærða (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, e.d.). Öll þessi vinna sem fer fram áður en mál kemur fyrir dóm

gerir það að verkum að hægt er að líta á dómsúrskurði sem nokkuð áreiðanlega heimild. Mikilvægt að taka öllum niðurstöðum með það í huga hvaðan þær koma og að íhuga þann möguleika að úrtökin hafi einhver sérkenni sem einskorðast við þesskonar úrtak (Painter, 1986).

Lagalegar skilgreiningar

Lög og reglur á Íslandi sem varða kynferðisofbeldi eru í kafla XXII almennu hegningarlaganna (hgl.) nr. 19, frá 12. febrúar 1940 og spanna kynferðisbrotalögin greinar 194 – 210. Nánar tiltekið þá fjalla 194. -199. gr. hgl. um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks. 200.-202. gr. hgl. fjalla um kynferðisbrot gegn börnum, 206. gr. hgl. er um vændi, 209.gr. hgl. er um brot gegn blygðunarsemi og 210. gr. hgl. er um vörslu og dreifingu kláms.

Árið 1992 þótti vera komin tími til og stór skref tekin í að laga lög um kynferðisbrot að þeim breytingum sem orðið höfðu í íslensku samfélagi frá árinu 1940. Meðal annars hafði mikil kvennréttindabarátta átt sér stað og kynferðisbrotakaflinn frá 1940 sem hafði verið tekinn upp eftir dönskum lögum frá 1930, þótti ekki lengur boðlegur. Þá var brotakafla íslensku hegningarlaganna um svokölluð skírlífisbrot breytt og eftir það féllu þau brot undir heitið kynferðisbrot. Aðeins konur nutu refsiverndar samkvæmt skírlífisbrotakaflanum og aðeins karlar gátu verið gerendur og voru markmiðin með þessum breytingum í fyrsta lagi að gera ákvæði um kynferðisbrot ókynbundin. Í öðru lagi voru ákvæði um kynferðisbrot aðlöguð að þeim breytingum sem höfðu orðið á ákvæðum um kynferðisbrot á hinum Norðurlöndunum. Í þriðja lagi voru gerð gleggri skil á milli verknaðarlýsinga, sérstaklega varðandi mörkin milli nauðgunar og annarrar kynferðislegrar nauðungar. Og í fjórða og fimmta lagi var miðað að því að refsivernd væri almennt aukin með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnu við samræði og að refsivernd barna og ungmenna var aukin sérstaklega (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Nauðgun er skilgreind í 194. gr. almennu hgl. og refsingar fyrir brot gegn greininni skilgreind.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyffjum eða öðrum sambærilegum hætt i (Almenn hegningarlög nr. 40/1992).

Ýmis atriði eru tekin til greina við mat á refsingum fyrir nauðgun og til refsipýnginga koma atriði eins og ungur aldur þolanda sé hann barn yngra en 18 ára, ef ofbeldi geranda er stórfellt, ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, ef gerandi er starfsmaður á stofnun þar sem þolandi er vistmaður eða ef gerandi misnotar aðstöðu sína og ef þolandi er háður geranda fjárhagslega í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi. Hámarksrefsing fyrir nauðgun fer þó aldrei umfram 16 ár.

Engin skilgreining á samræði hafði verið í hegningarlögunum frá 1940 en þegar lögum um kynferðisbrot var breytt árið 1992 var lagt til í frumvarpi að fullframið samræði yrði áfram eins og tückast hafði í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Skilgreining á samræði var þó víðari eftir breytinguna og talið var nægjanlegt að getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti og sáðlát þyrfti ekki að hafa átt sér stað og meyarhaft þyrfti ekki að hafa rofnað. Einnig voru lýsingarnar aðlagðar að brotum þar sem gerandi og þolandi voru af sama kyni. Þessi skilgreining á nú við samræði en er í sjálfu sér ekki mikilvæg því önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði (Alþingistíðindi 1991-92). Með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir, það sem í lögunum er kallað „önnur kynferðismök“, að jöfnu við samræði árið 1992, var réttarvernd barna sérstaklega aukin mikið. Samkvæmt Huldu Elsu Björgvinsdóttur (2004) hefur þó reynt á skilin milli „annarra kynferðismaka“ og „kynferðislegrar áreitni“ í framkvæmd og telur hún mikilvægt að það komi skýrt fram hver þau séu. Við breytinguna á lögunum árið 1992 var miðað við sænsk og norsk hegningarlög og talið best að skilgreina „önnur kynferðismök“ frekar þröngt og varð skilgreiningin þannig;

„...kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kemur í stað hefðubundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogate). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu“. (Alþingistíðindi 1991-92).

Kynferðisleg áreitni fellur undir 199. gr. almennu hgl. en undir það fellur hegðun sem ekki fellur undir samræði eða önnur kynferðismök.

Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, útrekað eða til þess fallið að valda ótta. (Almenn hegningarlög Lög nr. 40/2003).

Samkvæmt Ragnheiði Bragadóttur (2006) hefur þessi flokkun og skilgreining á hugtökunum samræði, önnur kynferðismök og önnur kynferðisleg áreitni almennt gefist vel. Önnur kynferðismök voru lögð að jöfnu við samræði og segir Ragnheiður dómaframkvæmd síðustu ára sýna að dómar fyrir þessar gerðir brota hafa verið sambærilegir.

Nokkurn samhljóm má finna í íslenskum lögum og lögum hinna Norðurlandanna enda voru dönsk hegningarlög frá 1930 höfð til hliðsjónar þegar íslensk hegningarlög voru sett árið 1940 og hafa norsk og sænsk hegningarlög verið notuð til viðmiðunar þegar endurbætur hafa átt sér á íslenskum hegningarlögum (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Ragnheiður Bragadóttir (2006) bendir á að í norskum lögum sé nauðgun skilgreind á mjög svipaðan hátt og nauðgun er skilgreind í 194. gr. almennu hgl. og að önnur kynferðismök séu lögð að jöfnu við nauðgun þar eins og hér. Eitt atriði segir hún þó vera ólíkt með norskum og íslenskum lögum en það er að í þeim norsku er refsihámark fyrir nauðgun af stórfelldu gáleysi tilgreind sérstaklega og er refsihámarkið lægra en fyrir nauðgun af ásetningi. Ekki er gerður greinamunur á þessu í íslenskum lögum.

Hámarksrefsing fyrir nauðgun í norskum lögum er 15 ár en getur orðið 21 ár þegar tekið er tillit til atriða er varða til refsihækkana en er 16 ár á Íslandi. Hámarksrefsing í Noregi fyrir nauðgun af stórfelldu gáleysi er hins vegar 5 ár (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Í sænskum hegningarlögum er skilgreiningin á nauðgun og öðrum kynferðismökum einnig sambærileg og í þeim íslensku. Viðurlög í Svíþjóð eru þó vægari en á Íslandi og í Noregi en þar er hámarksrefsing fyrir nauðgun 10 ára fangelsi.

Þegar kynferðisbrotakafli almennu hegningarlaganna er borin saman við löggjöfina í Bretlandi, þá má sjá talsverðan mun á áherslum. Í kynferðisbrotakafli bresku laganna frá 2003 má sjá að áhersla er lögð á að samþykki fyrir kynferðismökum

sé greinilegt. Gerandi er sekur um nauðgun (*e. rape*) ef ekki var um samþykki að ræða og ef hann hefði átt að geta áttað sig á að þolandi væri ekki samþykkur. Brot gegn þessari grein geta varðað lífstíðarfangelsi (The Sexual Offences Act 2003). Í íslenskum lögum sem varða nauðgun (194. gr. almennu hegningarlögunum), er ekki í beinum orðum tekið fram að samþykki sé nauðsynlegt heldur er meiri áhersla lögð á að gerandi nái fram vilja sínum með ofbeldi.

Lög er varða brot gegn börnum

Árið 1992, sama ár og kaflanum um kynferðisbrot í íslenskum hegningarlögum var breytt, tók samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gildi á Íslandi. Í 19. gr. samningsins kemur fram að hvert aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi og þar á meðal kynferðislegu ofbeldi, 200. gr.-202 gr. áttu að sjá til þess (Ragnheiði Bragadóttur, 2006).

Til marks um hversu mikilvæg réttindi barnsins eru á Íslandi, höfum við til viðbótar við almennu hegningarlögin Barnaverndarlög (nr. 80/2002). Þeim er sérstaklega ætlað að verja réttindi barna. Í 1. gr. barnaverndarlögunum, segir að miðast eigi við að öll börn eigi rétt á almennri vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Foreldrum beri að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju (Barnaverndarlög á Íslandi nr. 80/2002). Samkvæmt 2. gr.

barnaverndarlögunum er markmiðið með þeim að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Þessi lög miða að almennum réttindum barna en í barnaverndarlögum er í 98. gr. ákvæði sem miðar að því sérstaklega að vernda börn fyrir líkamlegu ofbeldi. Þar er svo sérstaklega minnst á kynferðislegt ofbeldi. Í 98. gr. barnaverndarlögunum segir að ef maður sem hefur barn í sinni umsjá misbýður því kynferðislega, varðar það refsingu (98. gr. barnaverndarlögunum á Íslandi nr. 80/2002).

Í 200. – 202. gr. almennu hgl. segir að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára hefur gerst brotlegur við lög. Þá segir í lögum er varða brot þar sem um sifjatengsl er að ræða að hver sá sem hefur samræði eða önnur

kynferðismök við barn sitt eða annan niðja eða barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, hefur gerst brotlegur við lög.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir (2004) fór yfir túlkun dómstóla á hugtakinu önnur kynferðismök í brotum gegn börnum og komst að því að um talsverða mismunun var að ræða þegar kom að því að meta atburði, eftir því hvort þolandi var stúlka eða drengur. Ef um stúlku var að ræða virtist verknaður flokkast sem kynferðislega áreitni ef gerandi sleikti kynfæri þeirra utanverð en önnur kynferðismök ef um innanverð kynfæri var að ræða. Sambærileg aðgreining átti ekki við þegar þolandi var drengur og telur hún það bagalegt, sérstaklega í ljósi þess að upplifun barna er líklegast svipuð í báðum tilfellum, óháð kyni barnsins. Hún telur mikilvægt að fá nákvæmar lýsingar á verknaði gerenda til þess að dæma út frá en bætir við að hafa verði í huga að börn hafi ekki þroska til þess að meta kynferðislega háttsemi og geti til dæmis stroka að mati barns verið fróun í huga geranda.

Almennu hegningarlögin sem snúa að kynferðisbrotum gegn börnum hafa tvisvar tekið breytingum síðan árið 1992. Það var árið 2002, en breytingarnar snérust um að ekki mætti greiða unglungi yngri en 18 ára fyrir kynmök, þó almennt hafi svokallaður kynferðislegur lágmarksaldur verið 14 ár á þessum tíma. Árið 2007 var svo gerð önnur breyting á hegningarlögunum sem varð til þess að refsímörk fyrir kynferðisbrot gegn börnum hækkuðu. Fyrir breytinguna átti hver sá sem hafði samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, að sæta fangelsi allt að 12 árum. Eftir breytinguna urðu viðurlögin þau sömu og fyrir nauðgun skv. 194 gr. laganna, eða ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum og nú fyrir brot gegn barni yngra en 15 ára en áður var það 14 ára. Þá var bætt við ákvæði um að ungan aldur þolanda skuli virða til þyngingar skv. 1.mgr. 195. gr. laganna og á það við ef þolandi er barn yngra en 18 ára. Þá er skerpt á fjölskyldutengslum geranda og þolanda í 201. gr. laganna að því leyti að þar bætast við þau tengsl að hver sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára sem er skylt honum í beinan legg eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg skuli sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 árum fangelsi sé barn yngra en 16 ára (Lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum).

Kynferðislegur lágmarksaldur í norskum hegningarlögum er 14 ára og þar gildir til hækkunar refsingar ef brotið er endurtekið gegn þolanda sem er yngri en 10 ára. Í

sænskum hegningarlögum er lágmarksaldurinn 15 ára en eins og í íslenskum lögum þá falla brot gegn börnum á aldrinum 15-17 ára einnig undir nauðgun ef þolandi er afkomandi geranda eða tengdur honum á sambærilegan hátt með fósturtengslum (Ragnheiður Bragadóttir, 2006). Í breskum lögum er kynferðislegur lágmarksaldur 16 ára. Það á líka við í Bretlandi að brot gegn börnum á aldrinum 15-17 ára falla undir nauðgun ef þolandi er afkomandi geranda (The Sexual Offences Act 2003).

Í íslenskum hegningarlögum er magn eða tegund ofbeldis ekki metið sérstaklega þegar um kynferðisofbeldi gagvart barni er að ræða. Þar er miðast við að kynmök fullorðins manns við barn sé gróf misnotkun á valdi. Fullorðinn hefur alltaf yfirburðarstöðu gagnvart barni og í brotinu felst því alltaf ofbeldi og misneyting og til dæmis er því ekki veitt athygli hvort barn veiti mótspyrnu eða ekki (Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum á Íslandi má sjá í ýtarlegri greiningu Ragnheiðar Bragadóttur (2009) á kynferðisbrotadómum í Hæstarétti. Þar má sjá að dómar fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa á undanförunum árum verið að þyngjast. Ragnheiður telur dómana upp í bók sinni Kynferðisbrot – Dómabók og þar má sjá þegar brot gegn 202. gr. hgl. eru skoðuð þá hafa dómar farið hækkandi síðan 2002 og aldrei áður hafa dómar fyrir þessi brot verið eins háir og þeir voru árið 2008 (Ragnheiður Bragadóttir, 2009). Þetta er jákvæð þróun miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum, að hækkun á refsirammaum sé í raun að skila sér í þyngri dómum þó að það sé langt frá því verið sé að nýta allan refsirammann. Þá kemur fram í bók Ragnheiðar að í heildina hefur frá árinu 1992 verið dæmt í 206 kynferðisbrotamálum í Hæstarétti. Af þeim dómum eru 169 sakfellingar, 22 sýknudómar og 15 ómerkingar- og heimvísunardómar (þar sem dómi er vísað aftur í héraðsdóm). Samkvæmt þessum tölum enda 82% þeirra kynferðisbrota sem fara fyrir Hæstarétt með sakfellingu. Þá tekur Ragnheiður það fram að sakfellingum sé að fjölga hratt en það sé í samræmi við fjölgun dóma.

Í þessari rannsókn voru teknar saman niðurstöður um refsingar í dómum sem fallið hafa í héraðsdómum landsins. Þær niðurstöður eru birtar en þar sem greining á refsingum fellur ekki undir meginmarkmið rannsóknarinnar þá eru þær birtar í viðauka.

Kynferðisbrot á Íslandi

Þegar kynferðisbrot eru skoðuð út frá afbrotatölfræði, það er hversu mörg brot eru kærð til lögreglu, hversu mörg verða aldrei meira en tilkynning í hve mörgum málum er ákært og svo hversu margir dómar hafa fallið í slíkum málum, er mikilvægt að hafa í huga að eitt sérkenni kynferðisbrota er að hluti þeirra kemur aldrei til kasta lögreglu og þar af leiðandi enn síður dómstóla. Þessi staðreynd kemur fram í rannsóknum á almenningi þar sem til dæmis er óskað eftir þátttakendum sem hafa lent í kynferðisofbeldi (eins og gert var í rannsókn Lamb og Edgar-Smith frá 1994) eða í rannsóknum sem gerðar eru í athvörfum fyrir fólk sem orðið hafa fyrir slíku ofbeldi. Þar er talsvert hlutfall þátttakenda sem aldrei hafa tilkynnt lögreglu um að brotið hafi verið gegn þeim (London, Bruck, Ceci og Shuman, 2005).

Dæmi um þetta frá Íslandi má sjá í árstölum Stígamóta. Stígamót tekur á móti fólki frá 18 ára aldri vegna ofbeldis sem það hefur verið beitt, bæði í æsku og á fullorðinsárum og þar má sjá að aðeins lítill hluti þeirra sem hefur orðið fyrir hvers kyns ofbeldi hefur kært það til lögreglu. Samkvæmt ársskýrslum Stígamóta, hafði meðalfjöldi þeirra sem koma í sína fyrstu heimsókn til Stígamóta vegna sífjaspells, nauðgana, nauðgunartilrauna eða kynferðislegar áreitni, á árunum 2002-2009, verið 288 tilfelli á ári. Svo má sjá í sömu skýrslum að af öllum þeim tilkynningum sem berast Stígamótum, bæði um kynferðisofbeldi og annað ofbeldi, eru að meðaltali um 86% tilvika sem *ekki* eru kærð til lögreglu (Ársskýrslur stígamóta 2002-2009). Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) framkvæmdi árið 2007-2008 rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum og voru þátttakendur 3000 konur á Íslandi á aldrinum 18 til 80 ára sem valdar voru af handahófi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að á síðustu 12 mánuðum áður höfðu 1,6% þeirra verið beittar kynferðislegu ofbeldi, óháð tengslum þeirra við geranda. Ekki var tekið fram hversu stór hluti þeirra sem hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi hafði tilkynnt um brotið til yfirvalda en af öllum þeim sem hafði einhvern tímann orðið fyrir einhverskonar ofbeldi hafði um 13% þeirra tilkynnt um það til yfirvalda (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Í árlegum tölfræðiúttektum Ríkislögreglustjóra má sjá þann fjölda mála sem tilkynnt eru til lögreglu. Í úttekt frá 2009, má sjá að tilkynningar um kynferðislegt ofbeldi frá árinu 2001 – 2010 hafa verið að meðaltali 317 á ári. Flestar tilkynningar bárust árið 2008 eða 368 en þar áður voru þær flestar árið 2003 eða 359. Á árunum

2004, 2005 og 2006 voru fæstar tilkynningar eða á bilinu 277-288 (Ríkislögreglustjóri, 2004-2006).

Eðlilegt er að fjöldi tilkynninga ár hvert til lögregluembættisins og til Stígamóta séu ekki samrýmanlegar því ekki er endilega um sömu málin að ræða og fjöldi þeirra mála sem berast Stígamótum geta átt við brot sem áttu sér stað fyrir löngu síðan þegar fórnarlamb sem er fullorðið var barn og engin áform eru um að kæra þau til yfirvalda.

Þegar skoðað er hversu mörg þeirra kynferðisbrota sem koma til kasta yfirvalda eru brot gegn fullorðnum, má sjá að árið 2010 voru slík brot 169 eða 63,5% allra kynferðisbrota sem beindust gegn þolanda (þá eru undanskilin brot sem varða vændi og vörslu klámefnis). Þegar meðalfjöldi tilkynninga um kynferðisbrot frá árinu 2007-2009 er skoðaður má sjá að í brotum sem beinast að fullorðnum þolendum voru að meðaltali 171,3 tilkynningar á ári. Þessi fjöldi er sambærilegur við fjölda tilkynninga árið 2010 (Ríkislögreglustjóri, 2010). Ef tímabilið 2004-2008 eru skoðað má sjá að meðalfjöldi tilkynninga um kynferðisbrot gegn fullorðnum þau ár eru 185,2 tilkynningar á ári (Ríkislögreglustjóri, 2009). Nánar er skýrt frá fjölgun milli einstakra brotaflokka og árið 2009 voru fleiri tilkynningar um nauðganir heldur en höfðu verið að meðaltali fjögur ár á undan (130 tilkynningar á móti 109,8 áður) en mikil fækkun var á blygðunarsemisbrotum árið 2009 frá því hafði verið að meðaltali fjögur ár á undan eða um tæp 44% fækkun (Ríkislögreglustjóri, 2009).

Afdrif kynferðisbrota á Íslandi

Fram til ársins 2007 fyrndust kynferðisbrot eins og önnur brot og einhverjir þolendur ekki náð að kæra áður en fyrningartíminn var runnin út. Fyrningartími brota gegn almennu hegningarlögum var á bilinu tvö til fimmtán ár, eftir eðli brota (Lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum). Með lagabreytingu þann 27. mars árið 2007 var fyrning afnumin þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri og um er að ræða nauðgun (brot gegn ákvæðum 194. gr., 1. málsgrein), fyrir sífjaspellsbrot (200. gr. 1. málsgrein) og fyrir kynferðisbrot gegn barni (201. gr.). Einnig var því komið við í sömu lögum að fyrningarfrestur fyrir brot sem varða brot gegn börnum teljist frá þeim degi sem barn nær 18 ára aldri, ekki fyrr og á það við um brot þar sem starfsmaður/umsjónarmaður brýtur gegn vistmanni (gegn ákvæðum 197. gr.), misnotkun á sér stað í skjóli valda v. fjárhagshagsmuna, atvinnu eða trúnaðarsambands (198. gr.),

um er að ræða kynferðislega áreitni (199. gr.) kynferðislega áreitni þar sem sifjatengsl eru til staðar og samræði/önnur kynferðismök milli systkina, (2.–3. mgr. 200. gr.), kynferðislega áreitni gagnvart barni (2. mgr. 201. gr.) og samræði eða önnur kynferðismök við barn (202. gr.) (Lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum). Í kjölfar þessarar breytinga hafa fleiri möguleika á því að kæra brot þó svo langur tími hafið liðið frá atburðunum.

Í febrúar 2011 gaf Ríkislögreglustjóri út skjal þar sem farið er yfir afdrif kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008. Þessi brot höfðu átt sér stað árið 2008 eða fyrr og árið 2011 hafði þeim verið lokið af hálfu lögreglu eða ríkissaksóknara. Þar kom fram að þegar um nauðgun eða kynferðislega misneytingu (1. eða 2. mgr. 194. gr. almennu hgl.) var að ræða var rannsókn hætt eða vísað frá hjá lögreglu í 52 eða 51,5 % tilfella. Í 30 eða 29,7% tilfella voru kærur felldar niður hjá ríkissaksóknara. Í einu tilfellinu var skilorðsbundin frestun ákæru en 18 kærur eða 17,9% þeirra enduðu með dómi (Ríkislögreglustjóri, 2011b).

Þegar ástæður þess að lögregla hættir rannsókn máls, eða því er vísað frá hjá lögreglu, eru skoðaðar má sjá að helstu ástæðurnar þegar brot varða nauðgun (1. og 2. mgr. 194. gr. almennu hegningarlaganna), eru að máli er ekki fylgt eftir af brotþola eða kæra er dregin til baka. Þetta á við í 36,5% tilfella og getur falið í sér að brotþoli vill ekki gefa skýrslu, bera vitni eða taka þátt í rannsókn málsins og þrátt fyrir heimild lögreglu til þess að halda rannsókn áfram þá eru sannanir í slíkum málum yfirleitt af það skornum skammti að ekki eru taldar líkur á að áframhaldandi rannsókn skili árangri. Í 27% tilfella er ekki grundvöllur til áframhaldandi rannsóknar vegna þess að gerandinn er ekki þekktur og í 27% tilfella vegna þess að sönnunargögn þykja ekki nægjanleg. Aðrar ástæður voru röng skráning máls (n=2) og rangar sakagiftir (n=3) en það fól í sér samkvæmt Ríkislögreglustjóra að ef augljóst þótti af vitnum og ef þolandi viðurkenndi að ekki hafði verið um brot að ræða (Ríkislögreglustjóri, 2011b).

Kynferðisbrot erlendis

Erfitt getur verið að bera saman fjölda kynferðisbrota sem koma til kasta yfirvalda á milli landa þar sem skilgreiningar á brotum, lagaumhverfi og aðferðir við skráningu geta verið ólíkar milli landa. Til dæmis var meðalfjöldi nauðgana í löndum Evrópu skoðaður á vegum Evrópuráðsins (*e. the council of Europe*) og kom þar fram að meðalfjöldi

skráðra nauðgana í þeim 36 löndum Evrópu sem rannsökuð voru, var 6,6 á hverja 100.000 íbúa. Þegar aðeins var litið á fjölda skráðra nauðgana í Svíþjóð kom í ljós að þar voru skráðar nauðganir lang flestar af skráningum allra landanna eða 18,2 á hverja 100.000 íbúa (Von Hofer, 2000). Þessar tölur gefa ekki rétta mynd af fjölda nauðgana í Svíþjóð miðað við í öðrum löndum og er varasamt að nota samanburð á opinberum tölum sem byggjast á lögreglurannsóknum eða dómum því þær eru ekki samanburðarhæfar. Sú leið sem hentugust er til þess að fá réttmætan samanburð á umfangi vandans er að nota sambærilegar þolendarannsóknir (von Hofer, 2000). Þegar tíðni kynferðisbrota í öðrum löndum er skoðuð má sjá til dæmis að í Kanada, sem er mjög framarlega í rannsóknum á sviði kynferðisbrota, kemur fram í þolendarannsóknum að hlutfall kynferðisbrota sem tilkynnt er til lögreglu er mjög lágt eða um eitt af hverjum tíu kynferðisbrota (Brennan og Taylor-Butts, 2008). Brennan og Taylor-Butts (2008) segja erfitt að áætla raunverulega tíðni kynferðisbrota í landinu en miðað við þolendarannsóknir frá árinu 2004 höfðu rétt tæplega 2% þátttakenda eða 512 þúsund manns, orðið fyrir kynferðisofbeldi á síðustu 12 mánuðum áður. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar reglulega frá árinu 1988 (*General Social Survey (GSS) on Victimization*) og eru þátttakendur 15 ára og eldri Kanadabúar sem valdir eru af handahófi. Árið 2004 hafði um 3,3% kvenna orðið fyrir kynferðisofbeldi á síðastliðnum 12 mánuðum en 0,7% karla. Það var mjög svipað hlutfall og hafði verið í könnuninni árið 1999. Tíðni kynferðisbrota í Kanada hefur í raun samkvæmt þolendarannsóknum verið tiltölulega stöðug frá árinu 1988 til ársins 2004 á meðan tilkynningum til yfirvalda á sama tímabili hefur fækkað lítillega.

Í Bretlandi höfðu á árunum 2009-2010 um 2% kvenna á aldrinum 16-59 ára og tæplega 1% karla á sama aldursbili orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Þetta sýndu niðurstöður úr bresku afbrotakönnuninni (*e. British Crime Survey*) sem hefur rúmlega 45 þúsund þátttakendur sem svara spurningum um reynslu þeirra af afbrotum, meðal annars kynferðisbrotum. Niðurstöðurnar eru sambærilegar við niðurstöðurnar frá árinu áður en miðað við árin 2004-2005 hefur kynferðisbrotum fækkað. Þegar spurt var um tilkynningar á kynferðisbrotum á árunum 2008-2009 til yfirvalda kom í ljós að 11% þolenda alvarlegra kynferðisbrota hafði tilkynnt þau (Flatley, Kershaw, Smith, Chaplin og Moon, 2010).

Þá má sjá að niðurstöðurnar fyrir Kanada og Bretland eru mjög svipaðar og niðurstöður þolendarannsóknar RBF á Íslandi.

Kynferðisbrot gegn börnum

Í kynferðisbrotum þar sem þolendur eru börn eru brotin sérstaklega ósvífin þar sem ráðskast er með traust barna til fullorðinna og börnin þvinguð til þess að taka þátt í því sem er þeim algjörlega óeðlilegt að taka þátt í.

Börn ráða litlu og oft engu um hverja þau umgangast og það gerir þau útsettari fyrir hvers kyns ofbeldi. Börn sem eru misnotuð af fjölskyldumeðlim eiga ekki auðvelt með að fara burt. Þegar börn búa í hættulegu hverfi geta þau ekki tekið upp á því af sjálfsdáðum að flytja burt. Þegar börn ganga í skóla þar sem níðst er á þeim geta þau ekki skipt um skóla eða hætt þegar þau langar til. Það að börn hafi ekkert um það að segja með hverjum þau ferðast, búa, læra, borða o.s.frv. gerir þau að auðveldari fórnarlömbum (Finkelhor og Leatherman, 1994).

Eðli kynferðisbrota gegn börnum er af tvennu tagi. Hluti þeirra varðar kynferðislega hegðun í garð barna sem væri ekki óeðlileg hegðun ef um fullorðna einstaklinga væri að ræða, eins og kynferðislega snertingu sem fer fram með vilja tveggja fullorðinna. Börn eru óþroskuð og að miklu leyti háð fullorðnum og þess vegna er algjörlega óeðlilegt að þau verði fyrir slíku ofbeldi af hendi fullorðinna. Ákveðin hluti kynferðislegrar hegðunar í garð barna felur hins vegar í sér ofbeldi og þvingun sem einnig væri misnotkun þó sú hegðun ætti sér stað á milli fullorðinna einstaklinga, eins og hvers kyns þvingaðar kynferðisathafnir (Finkelhor og Leatherman, 1994).

Þegar einkenni kynferðisbrota gegn börnum eru skoðuð má sjá til dæmis í rannsókn Smith o.fl. (2000) þar sem þátttakendur voru 3.220 konur að meðalaldur þeirra þegar fyrsta brotið gegn þeim fór fram var 10,9 ár og að í meirihluta tilfella var aðeins um stakt brot að ræða (55% tilfella) en einnig var stór hluti þeirra sem hafði lent í ítrekuðum brotum af hendi sama geranda yfir lengri tíma (45%). Í rannsókninni kom fram að langstærstur hluti kvennanna þekkti þann sem braut gegn þeim. Í 22,4% tilfella var gerandinn kærasti/vinur, í 22,1% tilfella var gerandinn skyldmenni annað en bróðir eða faðir/stjúpfaðir, í 22% tilfella var gerandinn kynningi, í 15,4% tilfella var gerandinn faðir/stjúpfaðir, í 5,6% tilfella var gerandinn bróðir og í aðeins 10,1% tilfella var gerandinn þeim ókunnugur. 2,4% vildu ekki segja til um tengslin.

Í rannsókn Kilpatrick, Saunders og Smith (2003) í Bandaríkjunum höfðu 74% þeirra unglunga sem skýrðu frá kynferðislegu ofbeldi, verið beittir því af hálfu einhvers sem þeir þekktu vel. Um 32% þeirra voru vinir þeirra og 21% voru fjölskyldumeðlimir

en önnur tengsl voru ekki tekin fram. Meira en helmingur allra kynferðisbrota sem unglíngarnir höfðu lent í áttu sér stað annaðhvort á þeirra eigin heimili eða í næsta nágrenni þess (30% á heimilum þeirra og um 24% í næsta nágrenni þess) og um 15% brotanna fór fram í skóla þolendanna. Í rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar (2000) á íslenskum kynferðisbrotamönnum kom það sama fram, að algengt væri að gerendur brutu á börnum sem þeir þekktu vel (vinur eða ættingi) eða í 65% tilfella. Hjá gerendum sem brutu gegn fullorðnum var algengast að fórnarlömbin væru kunningjar þeirra eða í 42% tilfella. Það sama kom einnig fram í rannsókn Fleming (1997), að gerendur voru í flestum tilfellum kunnugir þolendunum og þar af voru 41% þeirra skyldmenn. Rannsókn Elliott, Browne og Kilcoyne (1995) fól í sér að taka nákvæm viðtöl við dæmda kynferðisbrotamenn og fá hjá þeim upplýsingar varðandi brotin og það hvernig þeir nálguðust fórnarlömb sín. Í þeirri rannsókn kom fram að 58% gerenda braut aðeins gegn stúlkum, 14% brutu aðeins gegn drengjum en 28% brutu gegn bæði stúlkum og drengjum. Í rannsókninni kom einnig fram að brotin fóru að stærstum hluta fram heima hjá geranda (61%), næstoftast fóru þau fram heima hjá þolanda (49%), þar á eftir fóru þau fram úti (44%). Sjaldgæfara var að þau færu fram annarsstaðar en staðir sem einnig voru nefndir voru heima hjá vini geranda (13%), nálægð við heimili geranda (6%) og svo í bíl (4%). Í rannsókn Elliott, Browne og Kilcoyne (1995) kom einnig fram hvernig aðferðir gerendurnir notuðu til þess að komast í kynferðislega nálægð við barnið en algengast var að þeir þættust vera í leik eða vera að kenna börnunum um líkamann, þar á eftir kom fram að þeir reyndu að einangra sig og barnið frá öðrum með því að fá að passa það, sumir notuðu mútur og buðust til að skutla börnunum, aðrir notuðu skilning og ástúð í garð barnsins, sumir fengu alla í fjölskyldunni til þess að treysta sér fyrst, sumir notuðu sögur, lygar, töfra eða fjársjóðsleit til að nálgast börnin, aðrir báðu börnin um að hjálpa sér. 84% gerendanna notuðu ávalt eina til tvær þessara aðferða við að fremja brot sín. Rannsóknin sýndi einnig fram á að það er hluti gerenda sem hótar þolendum til þess að halda kynferðislegu sambandi við þá en misjafnt var hvernig gerendur notuðu hótanirnar. Sumir hótuðu þeim alvarlegum afleiðingum ef þeir myndu segja frá, hluti þeirra notaði reiði og líkamlegt ofbeldi til þess að hóta þeim, hluti sagðist myndi hætta að elska þau ef þeir fengu ekki sínu framgengt eða að barninu væri sjálfu um að kenna.

Umfang kynferðisbrota gegn börnum

Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining stóðu að rannsókn á kynhegðun barna á Íslandi árið 2004 og í henni kom fram að 13,6% stúlkna á framhaldsskólaaldri sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur, en 2,8% drengja (Ársskýrsla BVS 2006-2007).

Í stóru handahófsúrtaki í Bandaríkjunum, sýndi rannsókn Briere og Elliot (2003) að af þeim 935 þátttakendum sem svöruðu spurningarlista sem þeir fengu sendan, sögðust um 32% kvenna og 14% karla hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku og að ofbeldið hefði hafist að meðaltali um 9 ára aldur. Í rannsókn Fleming (1997) frá Ástralíu þar sem þátttakendur voru 710 fullorðnar konur sem voru valdar af handahófi hafði um 20% þeirra orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Í rannsókn Smith o.fl. (2000) þar sem þátttakendur voru 3.220 konur var hlutfalli þónokkuð lægra en þar höfðu 9% þeirra eða 288 verið beittar kynferðislegu ofbeldi í æsku. Í doktorsritgerð Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur sem byggir á gögnum rannsóknar Barnaverndarstofu og Rannsóknar og greiningar árið 2004, kemur fram að stúlkur í framhaldsskólum á Íslandi séu tvisvar sinnum líklegri en drengir til þess að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og að það sé líklegast til þess að eiga sér stað á aldrinum 13-17 ára (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Þessar tölur eru í samræmi við það sem Finkelhor og Leatherman (1994) komust að en samkvæmt þeim eru stúlkur í Bandaríkjunum tvisvar sinnum oftar fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis í barnæsku en strákar. Að auki nefna þeir að það hlutfall haldist þegar stúlkurnar eldist. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið víðsvegar um heiminn eru hlutföllin í samræmi við þetta. Í Bandaríkjunum var gerð stór rannsókn árið 1996 þar sem hringt var af handahófi í fjölda fjölskyldna sem höfðu unglínglinga á aldrinum 12-17 ára. Af þeim 4,023 sem tóku þátt, sögðust um 13% stúlkna og 3,4% drengja hafa upplifað kynferðislegt ofbeldi (Kilpatrick, Saunders og Smith, 2003).

Finkelhor (1994b) ályktar að á bilinu 7%-36% stúlkna hafi verið misnotaðar kynferðislega en á bilinu 3%-29% drengja. Þá telur hann að munurinn á milli rannsókna sé óhjákvæmilegur þar sem aðferðir og úrtök séu ekki eins auk þess sem hugtakið kynferðisofbeldi sé skilgreint á fleiri en eina vegu. Þegar á heildina sé litið, séu stúlkur 1,5-3 sinnum oftar fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis heldur en drengir.

Kynferðisbrot gegn börnum - tilkynningar til yfirvalda

Samkvæmt afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra frá árinu 2010 var það árið tilkynnt um 97 kynferðisbrot gegn börnum til lögreglunnar og samkvæmt tölfræði árána frá 2004 – 2008 var að meðaltali tilkynnt um 94,6 brot á ári þau ár. Þessi fjöldi virðist vera nokkuð stöðugur en tilkynningar árið 2010 eru þó frekar fáar þegar meðalfjöldi tilkynninga árin 2007-2009 er skoðaður. Þá má sjá meðalfjöldi tilkynntra kynferðisbrota gegn börnum á árunum 2007-2009 er 134,3 tilkynningar á ári. Þessa aukningu tilkynninga má líklegast rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaga árið 2007 þar sem kynferðislegur lágmarksaldur var hækkaður úr 14 ára upp í 15 ára en ekki er útskýring á reiðum höndum varðandi 28% fækkun á tilkynningum um kynferðisbrot gegn börnum árið 2010 frá árinu áður (Ríkislögreglustjóri, 2009).

Þau kynferðisbrot sem koma til kasta yfirvalda eru aðeins brot þeirra kynferðisbrota sem framin eru og kynferðisbrot gegn börnum eru þar alls engin undantekning. Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á því hvort börn segi yfirhöfuð einhverjum frá því ef þau eru beitt kynferðislegu ofbeldi og í framhaldi af því hvort tilkynnt sé um brotin til yfirvalda. Í úttekt London o.fl. (2005) er farið yfir ellefu fyrri rannsóknir á þolendum kynferðislegs ofbeldis. Þátttakendur voru mismargir, allt frá tólf manns upp í fjögur þúsund manns og úr mismunandi samsettum úrtökum. Af þeim ellefu rannsóknum sem London o.fl. (2005) skoðuðu, voru nokkrar þar sem þátttakendur voru valdir af handahófi. Þeir voru spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn og sögðust á bilinu 6% – 27% þeirra hafa orðið fyrir slíku fyrir 18 ára aldurinn. Þá var misjafnt hvers kyns ofbeldi það var, allt frá særðri blygðunarsemi upp í nauðgun. Af þessum fórnarlömbum höfðu um 31% - 42% þeirra sagt einhverjum frá ofbeldinu, fyrir 18 ára aldurinn. Þegar úrtök samanstóðu af þátttakendum sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku og leitað sér aðstoðar vegna þess eða svarað auglýsingum þegar óskað var eftir slíkum þátttakendum í rannsókn var hlutfallið örlítið hærra. Hlutfall þeirra sem hafði sagt einhverjum frá ofbeldinu sem börn, var á bilinu 36%-54%. Þetta sýnir að það virðist vera munur á þátttakendum eftir því hvernig þeir veljast í rannsóknirnar. Þegar litið er á allar ellefu rannsóknirnar, má sjá að það er almennt um helmingur þátttakenda eða minna sem segir *ekki* frá ofbeldinu sem börn og þegar litið er nánar á tölurnar má sjá að af öllum rannsóknunum var í fjórum þeirra spurt

um hvort tilkynnt hafi verið um kynferðisofbeldið til yfirvalda. Á bilinu 10%-18% þátttakenda þeirra rannsókna svaraði því játandi (London o.fl. 2005).

Ástæðurnar fyrir því að ekki er tilkynnt til yfirvalda um alvarleg afbrot eins og kynferðisbrot geta verið margar og má að einhverju leyti finna í þolendarannsóknum. Í ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2009 voru nefnd dæmi um ástæður sem þolendur höfðu gefið fyrir því að tilkynna ekki um brot og voru þær að; mál væru oft fyrnd þegar fólk treysti sér til þess að ræða um þau og leiti loks til Stígamóta, fólk treysti sér ekki í yfirheyrslur og það hafði ekki trú á að það myndi ná fram rétti sínum fyrir dómstólum. Einnig er nefnt að þeir sem beittir séu kynferðisofbeldi, séu svo þjakaðir af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þeir treysti sér ekki til þess að kæra og finnst þeir jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálfir. Það kom til dæmis fram í könnun hjá Stígamótum að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem sögðu að sér hefði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna (Ársskýrsla Stígamóta 2010). Einnig kom þetta fram hjá Fleming (1997) að helstu ástæður fyrir því að konurnar höfðu aldrei sagt frá kynferðislegu ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir í æsku voru þær að skömmuðust sín (í 47 af 80 tilfellum eða 59%), að engin gæti hjálpað þeim hvort sem er (í 23 af 80 tilfellum eða um 29%) eða að þeim sjálfum yrði kennt um eða refsað fyrir kynferðisofbeldið eins og þekkt er hjá þolendum kynferðislegs ofbeldis (í 19 af 80 tilfellum eða um 24%). Samkvæmt Smith o.fl. (2000) skiptu tengsli við gerendur máli þegar skoðaði var hvort stúlkur væru líklegar til þess að segja frá kynferðislegu ofbeldi og kom í ljós að af 288 þátttakendum sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, voru þær sem þekktu gerandann tvisvar sinnum líklegri til þess að halda ofbeldinu leyndu heldur en þær sem ekki þekktu gerandann. Einnig kom fram að eftir því sem þær voru eldri þegar þær lentu í ofbeldinu voru þær líklegri til þess að segja einhverjum frá og veltir hann upp sem ástæðu fyrir því að eftir því sem börnin eru eldri því meðvitaðari séu þau um mörk tengd kynferðislegri snertingu og geri sér grein fyrir að verið sé að brjóta á þeim.

Ligiéro (2009) gerði rannsókn sem fólst í ýtarlegum viðtölum við níu konur sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn. Niðurstöður hans voru á sömu leið. Helstu ástæður fyrir því að þær sem ekki sögðu frá strax voru þær að þær héldu að engin myndi trúa þeim og það myndi leiða til þess að þeim yrði refsað fyrir að ljúga til um kynferðisofbeldið.

Sifjaspell og brot gegn tengdum börnum

Mannfræðingar hafa bent á að öll samfélög hafi reglur um kynmök milli tengdra einstaklinga. Á Vesturlöndum snúa þessar reglur fyrst og fremst að nánnum skyldleika en annars staðar getur sifjaspell átt við mun víðari tengsl (Holy, 1996).

Á Íslandi er sifjaspell samkvæmt 200. gr. almennu hegningarlaganna brot þar sem gerandi hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja, önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja eða samræði eða önnur kynferðismök milli systkina. Enn frekar eru samkvæmt 201. gr. almennu hegningarlaganna lögð að jöfnu við sifjaspellsbrot brot þar sem gerandi hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg“

Westermarck kenningin (e. The Westermarck Hypothesis) síðan 1891 segir að maðurinn hafi þróast og aðlagast því að forðast sifjaspell. Westermarck vill meina að það sé óskynsamlegt fyrir mannkynið í þróunarlegum skilningi að fjölga sér með náskyldum vegna hættu á genagöllum og telur nálægð systkina í æsku mikilvægan þátt sem komi í veg fyrir að þau laðist að hvort öðru síðar á lífsleiðinni (Westermarck, 1891). Westermarck (1891) segir til stuðnings kenningar sinnar að þetta sé eins og í öðrum tilvikum náttúruvals, að skaðlegar tilhneigingar eigi að hverfa burt og eftir standi æskilegur fjölbreytileiki sem sé nauðsynlegur til þess að viðhalda tegundinni. Samt sem áður virðist sifjaspell alltaf eiga sér stað, í öllum samfélögum og virðist ekki vera að hverfa, andstætt því sem kenning Westermarck (1891) spáir fyrir um og þrátt fyrir bann við slíkum verknaði í flestum samfélögum.

Í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra frá árinu 2009, má sjá meðalfjölda kynferðisbrota á árunum 2004-2008 skráðan eftir flokkum. Á þessu tímabili voru að meðaltali um 63 kynferðisbrot gegn barni yngra en 15 ára, á ári, sem ekki voru þeirra eigin börn eða uppeldisbörn. Að meðaltali voru um 32 brot þar sem um fjölskyldubönd var að ræða. Þá voru nánast jafn margar tilkynningar um sifjaspellsbrot og brot gegn börnum uppalanda (gerandi er uppalandi) eða í báðum tilfellum um 5% allra tilkynninga á ári. Í sömu skýrslu er tekið fram að á árunum 2004-2008 er fjöldi tilkynninga um sifjaspellsbrot breytilegur milli ára. Árið 2008 hafi flestar tilkynningar verið eða 26.

Samkvæmt ársskýrslum Stígamóta frá árinu 2002-2010, hefur hlutfall þeirra sem leitað hafa til Stígamóta vegna sifjaspellsbrota, verið á bilinu 19%-53% af öllum sem

leita til þeirra ár hvert (á bilinu 93-157 manns) (Ársskýrslur Stígamóta frá 2002-2010). Miðað við að á Íslandi búi um 320 þúsund manns (Mannfjöldaskrá Hagstofu Íslands), þá eru í kringum 0,5% af íbúum landsins sem leita til Stígamóta ár hvert vegna sifjaspells.

Finnsk rannsókn Sariola og Uutela (1996) á 9000 manna úrtaki 15 ára unglinga sem svöruðu spurningalista í skóla, sýnir fram á að 0,5% þeirra höfðu orðið fyrir kynferðisbroti sem telst til sifjaspells. Sariola og Uutela (1996) nefna tölur frá öðrum löndum og þar með Svíþjóð, með tíðni sifjaspella á bilinu 0,4%-1% fyrir alla landsmenn. Í Noregi var tíðnin talin vera 1,3% og í Bandaríkjunum á bilinu 1,6%-1,8%.

Í rannsókn Goldman (1988) frá Ástralíu kom í ljós að af öllum kynferðisbrotum innan fjölskyldu var meirihlutinn á milli systkina eða 57%. Í rannsókn Sariola og Uutela (1996) voru algengustu brotin á milli föður og dóttur eða bróður og systur, þar sem karlmaðurinn braut gegn stúlkunni. Þá voru kynferðisbrot þar sem ekki voru um blóðtensl að ræða mun algengari heldur en þar sem blóðtensl voru til staðar. Í um 75% af þeim brotum sem voru á milli feðgina/stjúpfedgina, var ekki um blóðtensl að ræða heldur stjúptensl (Sariola og Uutela, 1996).

Frekari mun á eiginleikum brota sem er tilkominn vegna stjúptengsla má sjá í rannsókn Carlstedt o.fl. (2009) á gerendum í Svíþjóð en þar kom ekki fram marktækur munur á því hver tengsl geranda og þolanda voru eftir því á hvaða aldri þolandi var en þegar brot feðga/feðgina voru tekin út, mátti sjá ólíkt mynstur eftir því hvort um brot líffræðilegs föður var um að ræða eða brot stjúpföður. Þegar um brot líffræðilegs föður gegn barni var að ræða þá voru hlutfallslega flest þeirra brota gegn börnum á aldrinum 0-5 ára (9/31), því næst 6-11 ára (23/90) en fæst gegn börnum á aldrinum 12-15 ára (6/41). Þetta segir okkur að eftir því sem þolendur voru eldri, þá voru færri brot af hendi líffræðilegs föður. Í brotum þar sem stjúpfaðir braut gegn stjúpbarni sínu voru hlutfallslega flest brot gegn börnum á aldrinum 6-11 ára (14/90), því næst á aldrinum 12-15 ára (5/41) en fæst gegn börnum á aldrinum 0-5 ára (3/31). Það segir okkur að stjúpfeður brjóta síst gegn ungum stjúpbörnum sínum og má velta upp ástæðum fyrir því. Til dæmis getur það verið vegna þess að þegar um svo ung börn er að ræða séu færri stjúpfeður komnir í myndina eða að stjúpfeðurnir taki lengri tíma í að láta til skarar skríða heldur en feðurnir.

Áhrif tengsla gerenda og þolenda á brot

Samkvæmt Finkelhor (1994a) eru kynferðisbrot að vissu leyti ólík eftir því hver tengsl milli gerenda og þolenda eru. Hann fór yfir það í rannsókn sinni 1994, hvort munur væri á brotum eftir því hvort gerandi og þolendur væru tengdir fjölskylduböndum eða ekki. Hann komst að því að þessi tengsl höfðu áhrif á það á hvoru kyninu gerandi braut. Í tilfellum þar sem þolendur voru stúlkur voru gerendur oftast tengdir þeim fjölskylduböndum heldur en ef þolendur voru drengir. Í 33%-50% af tilfellum stúlnanna en í 10%-20% tilfella hjá drengjum. Samkvæmt Fischer og McDonald (1998) sem gerðu rannsókn á rúmlega 1.000 lögregluskráum úr kynferðisbrotamálum í Kanada, þá eru drengir líklegri en stúlkur til þess að vera misnotaðir af ókunnugum aðilum, yfirboðurum sínum og kunningjum heldur en stúlkur.

Tengsl hafa fundist á milli þess að gerandi og þolandi séu tengdir fjölskylduböndum og endurtekinnar brotahegðunar í garð þolenda. Þegar um fjölskyldutengsl er að ræða, eiga brotin sér yfirleitt stað yfir lengri tíma og eiga sér stað oftast heldur en ef ekki er um slík tengsl að ræða (Erickson, Walbek og Seely, 1988; Fischer og McDonald, 1998),

Erickson o.fl. (1988), telur að þau brot sem eiga sér stað innan fjölskyldu séu oftast alvarlegri heldur en hin og Finkelhor (1994a) er sammála honum að því leyti að hann telur afleiðingar þeirra fyrir fórnarlambið verða verri. Ef brotin eru skoðuð og alvarleiki þeirra metinn, þá segja Fischer og McDonald (1998) að brot þar sem gerandi og þolandi eru ekki tengdir fjölskylduböndum samanstandi af grófari kynferðisathöfnum í hvert sinn heldur en ef um fjölskyldubönd milli gerenda og þolenda væri að ræða. Þeir benda þó á að aldur þolenda geti haft áhrif á þetta en þeir sem brjóta á þolendum utan fjölskyldu, brjóta að meðaltali á eldri þolendum og hærri aldur er oftast tengdur við grófari brot. Það á við um brot bæði innan fjölskyldu og utan.

Þrátt fyrir að hærra hlutfall gerenda utan fjölskyldu fremji grófari brot gegn þolendum, þá nota þeir líka oftast lokkun eins og peninga eða sælgæti, á meðan þeir sem brjóta á þolendum innan fjölskyldunnar banni þolendum að segja frá (Fischer og McDonald, 1998). Gerendur utan fjölskyldu virðast þurfa að nota beinskeyttari og skipulagðari aðferðir til þess að ná til fórnalamba sinna, sem hefur væntanlega mikið með aðgengi og traust að gera.

Almennt séð er talið að þolendur séu að meðaltali yngri hjá gerendum sem tengjast þeim fjölskylduböndum heldur en hjá þeim sem ekki gera það. Þá eiga þeir sérstaklega

við börn upp að 5 ára aldri (Fischer og McDonald, 1998). Hér telja Fischer og McDonald (1998) líklegustu skýringun vera að innan við 5 ára aldurinn er aðgengi að börnum að langmestu leyti bundið við fjölskyldumeðlimi, sem svo misnota sér þær aðstæður og þeir sem ekki hafa slíkan aðgang leita eftir eldri börnum sem auðveldara er að komast að. Þessa niðurstöðu var þó ekki að finna í rannsókn Carlstedt o.fl. (2009) á kynferðisbrotum gegn börnum sem komu til kasta yfirvalda í Svíþjóð á árunum 1993-1997. Gerendur voru 185 og allir dæmdir sekir fyrir brot sín sem voru gegn þolendum á aldrinum 0-15 ára. Þar voru brot gegn börnum undir 5 ára aldri ekki oftast framín af gerendum tengdum þeim fjölskylduböndum heldur en ekki.

Barnagirnd

Ýmsir þættir virðast ráða því hvað það er sem fær fullorðna til þess að brjóta kynferðislega á börnum en þessir þættir eru ekki alltaf þeir sömu. Barnagirnd (*e.pedophilia*) er afbrigðileg kynheigð (*e. paraphilia*) sem kemur aðallega fram hjá körlum en getur einnig komið fram hjá konum en í mun minna mæli (Nolan-Hoeksema, 2004). Í opinberum tölum, sjá t.d. MacLeod, og Page, (2010), Greenfeld (1997) og Richards (2011), er einmitt þekkt að gerendur í kynferðisbrotum séu í yfir 90% tilfella karlmenn

Barnagirnd, samkvæmt greiningarskilmálum DSM-IV greiningarkerfis bandarísku geðlæknasamtakanna, felur í sér að viðkomandi hefur mikinn kynferðislegan áhuga á eða hefur sýnt af sér þess konar hegðun, í garð ókynþroska barns eða barna. Aðstæðurnar verða að fela í sér að viðkomandi sé 16 ára eða eldri og allavega 5 árum eldri en barnið sem áhuginn beinist að. Viðkomandi þarf annað hvort að hafa fylgt löngunum sínum eftir eða þá að þær valdi honum óþægindum (Fauman, 2002).

Þegar sérfræðingur greinir barnagirnd, greinir hann auk þess á milli þeirra sem eingöngu hneigjast að börnum og þeirra sem hneigjast bæði að börnum og fullorðnum, þeirra sem eingöngu brjóta gegn blóðskyldum börnum og svo þeirra sem hneigjast aðeins að öðru kyninu og þeirra sem hneigjast að báðum kynjum (Fauman, 2002).

Freund, Watson og Dickey (1991) notuðu tæki sem mælir holdris til þess að mæla mun á karlmönnum með barnagirnd og þeim sem ekki voru með barnagirnd, til þess að sjá hvort munur væri á þeim varðandi kyn þess sem kynferðislegur áhugi þeirra beindist að. Þá mældu þeir mun á mönnum með barnagirnd, mönnum sem hafa nauðgað fullorðnum konum og karlmönnum sem laðast að fullorðnum en hafa aldrei framið

kynferðisbrot. Niðurstöður þeirra sýndu að menn með barnagirnd voru líklegri en hitil þess að örvast kynferðislega óháð kyni þess sem athygli beindist að. Talið er að kyn barns skipti minna máli eftir því sem barnið er yngra og barnið hefur ekki þroskuð kyneinkenni og þeir sem brjóti gegn ungu barni séu líklegri til þess vera sama hvers kyns barnið er (Levenson, Becker og Morin, 2008).

Kynferðisbrotamenn með barnagirnd skera sig frá öðrum sem hafa brotið kynferðislega gegn börnum á þann hátt að þeir hafa frekar brotið gegn fleiri og yngri börnum. Það hefur sýnt sig að þeir sem brjóta gegn drengjum brjóta almennt gegn fleiri þolendum heldur en þeir sem brjóti gegn stúlku (Levenson, Becker og Morin, 2008).

Fleiri hlutir einkenna menn með barnagirnd samkvæmt Seto (2008). Samkvæmt honum er félagshæfni manna með barnagirnd lakari en annara og eiga þeir oft í erfiðleikum með að nálgast fullorðna og leita þess vegna til barna. Þessir menn hafa oft þá hugmynd að kynlíf með börnum sé ekki rangt eða að börnin njóti þess, þeir hafa erfitt skap sem sýnir sig í tilfinningasveiflum, kvíða, stressi og þunglyndi. Þetta hefur einnig áhrif á samskipti við þá sem ættu að kallast jafningjar þeirra. Eitt segir Seto (2008) einkenna alla þá sem haldnir eru barnagirnd og fremja kynferðisbrot, það er að þá skortir hömlur. Hömlulaus verknaður þeirra veldur því að þeir þurfa að lifa í ótta um að það komist upp um brot þeirra og þeir verði handteknir, hann hefur slæmar afleiðingar fyrir þolendur og þeir þurfa að líta fram hjá gildum og lögum samfélagsins til þess að fremja slíka verknaði.

Líkt og með fjölda kynferðisbrota í heild, þá má áætla að viss hluti manna með barnagirnd komi aldrei til kasta yfirvalda eða meðferðaraðila og er þess vegna ómögulegt að segja til um hversu margir það eru sem upplifa slíkar kenndir.

Hagnýting á réttarsálfræði í afbrotarannsóknum

Með því að safna saman eiginleikum kynferðisafbrotá eigum við möguleika á að fá mikið af upplýsingum sem einkenna brotamennina og brotin. Hingað til hafa slíkar rannsóknir að mestum hluta nýst í klíníska vinnu með gerendum, bæði tengdri áhættumati og meðferð en eftir því sem upplýsingarnar eru nákvæmari og yfirgrípsmeiri, því fleiri hluti má nýta þær í, svo sem í rannsóknir á afbrotum (Beuregard o.fl., 2010). Atferlisráðgjafar á sviði sakamálarannsókna (*e. Behavioural Investigative Advisers*) eru sérfræðingar á sviði afbrotahæðunar og starfa gjarnan sem ráðgjafar við rannsóknir sakamála erlendis (Rainbow og Gregory, 2011). Hlutverk atferlisráðgjafa við

afbrotarannsóknir er að greina aðstæður sem þeir eða aðrir rannsakendur hafa skráð niður, reyna að finna hvort samskonar eða lík brot hafi verið framin áður og að forgangsraða hlutum í rannsóknum (Rainbow og Gregory, 2011). Rainbow, Almond og Alison (2011) segja hlutverk atferlisráðgjafa einnig vera að átta sig á hvort rannsakendur séu farnir að stýrast af hugsunarvillum frekar en því sem gögn málsins gefa til kynna. Staðfestingarvillan (*e. confirmation bias*) er dæmi um slíka hugsunarvillu er en hún er algeng tilheiging sem einkennist af því að fólk leitast við að staðfesta eigin tilgátur í stað þess að hafa hugann opinn fyrir öllu því sem verður á vegi þeirra (Gilovich, 1991). Hlutverk atferlisráðgjafans væri í þeim tilfellum til dæmis að miðla málum þannig að ekki sé litið fram hjá mögulegum lausnum þar sem sönnunargögn eru til staðar, vegna þess að einblínt sé á eigin hugmyndir.

Beuregard o.fl. (2010) segir að til þess að rannsóknir á afbrotahegðun kynferðisbrotamanna nýtist sem best, séu fjórir þættir sem rannsóknirnar þurfi að ná yfir. Það er í fyrsta lagi að skrá stöðuleika eða fjölbreytileika kynferðisafbrot (*e. sexual polymorphism*) hvers brotamanns. Í öðru lagi er það hvort ítrekunarbrot kynferðisbrotamanna sem áður hafa hlotið refsingu fyrir mörg kynferðisbrot sem voru annað hvort öll innbyrðis lík eða öll innbyrðis ólík, séu það einnig þegar þeir brjóta af sér aftur. Í þriðja lagi eru viðbrögð lögreglu við ákveðnum eiginleikum sakborninga og í fjórða og síðasta lagi svokallaðir *A – C útreikningar* (*e. actions–characteristics*). *A-C* útreikningar fela í sér að nota hegðun (*e. action*) gerenda og aðstæður á glæpavettvangi til þess að meta líklega eiginleika (*e. characteristics*) óþekkts brotamanns. Það getur verið hvort líklegt sé talið að um fyrsta brot hans sé að ræða, hver aldur hans er og atvinnustaða (Goodwill o.fl. 2009). Aðstæður sem gagnlegt er að taka inn í slíka rannsókn er samkvæmt *Canter og Youngs (2003)*, hvenær atburður á sér stað, hvar hann á sér stað á hverjum hann bitnar, eiginleikum geranda, afbrotasögu, almennar bakgrunnsupplýsingar og tengsl hans við aðra. Slíkar rannsóknir verða svo grunnur fyrir almenna vitneskju um stöðugleika í hegðun brotamanna að teknu tilliti til umhverfis- og félagslegra þátta.

Tengslagreining

Til þess að ákvarða hvaða þættir hegðunar eru mikilvægir fyrir fyrirfram ákveðin málaflokk og hvernig megi nota þá til að draga ályktanir þarf að nota aðleiddar aðferðir (*e. inductive reasoning*). Aðleiðsla er grunnhugtak í vísindum sem byggir á reynslu og

slíkar aðferðir skal nota frekar en afleiddar aðferðir (*e. deduction*) sem fela í sér að ákvarðanir og ályktanir séu teknar út frá lögmálum eða meginreglum (Goodwill o.fl., 2009). Í *investigative* sálfræði þýðir það einmitt það sem Wilson og Alison (2005) nefndu, að réttast sé að safna upplýsingum úr fjölda mála og ennfremur að prófa hvort einhver tengsl séu milli athafna eða aðstæðna. Ráðleggingar sérfræðinga byggjast svo algjörlega á rannsóknum á brotum sem hafa verið tilkynnt áður en ekki er ályktað út frá persónulegum kenningum eða fyrirframhugmyndum (Canter og Youngs, 2003 og Goodwill o.fl., 2009).

Gagnlegt er að skoða brotaraðir gerenda sem hafa framið fleiri en eitt brot og sjá með því hvort viðkomandi haldi sig við ákveðnar aðferðir eða hegðun í afbrotum sínum. Eins hvort ákveðin brot einkennist af ákveðinni hegðun.

Hegðunarmynstur afbrotamanna er mikilvægt í „*investigative sálfræði*“ og stöðuleiki í hegðunarmynstri er grundvöllur fyrir tengslaggreiningu sem er notuð til dæmis til þess að tengja afbrot við gerendur. Tengslaggreining er aðferð sem miðar að því að rannsaka þær aðferðir sem brotamaður notar við að fremja afbrot og skrá þær vandlega niður samkvæmt stöðluðum aðferðum. Ásamt því eru skráðar niður aðstæður á vettvangi og jafnframt allar þær upplýsingar sem þekktar eru í hvert sinn. Þessar upplýsingar eru svo skoðaðar og fundið út hvort hegðunarmynstur sé til staðar. Ef svo er, má nota slíkar upplýsingar þegar gerandi er óþekktur, til þess að álykta með meiri vissu en áður, um hvort röð afbrota sé af völdum sama geranda eða ekki (Hazelwood og Warren, 2003). Af þessu má leiða að slíkar upplýsingar geti hugsanlega nýst við að flokka afbrot nánar niður og gefið mynd af dæmigerðum afbrotum eftir þessum flokkum. Slíkt geti svo nýst við rannsóknir afbrota.

Samkvæmt Grubin, Kelly og Brunson (2001) getur það að finna eiginleika sem einkenna ákveðna tegund afbrota hjálpað til við sakamálarannsóknir á þrjá vegu. Í fyrsta lagi þá auðveldar það upplýsingaöflun í næstu afbrotum af sömu tegund, því þá eru til hugmyndir um það að hverju sé best að byrja á að leita. Í öðru lagi þá má rannsaka tvö aðskilin mál sem eitt (ef þau virðast vera af völdum sama geranda) og spara þannig mannafla og fjármuni. Í þriðja lagi má nota eiginleika afbrota sem sannað hefur verið að fari saman, sem sönnunargagn við réttarhöld og hefur það að minnsta kosti verið gert í Bandaríkjunum (Hazelwood og Warren, 2003).

Samkvæmt Bennell, Jones og Melnyk, (2009) eru tveir þættir mikilvægir til þess að tengslaggreining virki. Það er í fyrsta lagi ályktunin varðandi stöðugleika í hegðun (*e.*

the behavioral stability assumption) þar sem gengið er út frá því að að brotamenn sýni stöðuleika á milli sambærilegra brotaraða sem aftur sýnir þá hversu mikið má búast við að hegðunin sé breytileg næst þegar viðkomandi brýtur af sér. Í öðru lagi er það ályktunin um að hegðun sama aðila í brotaröð sé yfirleitt aðgreinanleg frá hegðun annarra afbrotamanna í samskonar afbrotum (*e. behavioural distinctiveness assumption*).

Slíkar kenningar eiga uppruna sinn í persónuleikasálfræði þar sem hugmyndin; „*besta spáin um framtíðarhegðun er fyrri hegðun*“, er vel þekkt. Walter Mischel (2004) segir einmitt að slíkur stöðugleiki í hegðun sé til staðar. Hann tekur þó sérstaklega fram að aðstæður skipti öllu máli. Hegðun manna á milli sömu aðstæðna getur verið stöðug en óstöðugleiki á milli ákveðinna gerða af aðstæðum getur líka verið stöðugur. Sem dæmi um slíkt nefnir Mischel (2004) tvær manneskjur sem sýna jafn mikla árásargirni (*e. aggression*) en sýna þessa hegðun í ólíkum aðstæðum. Annar aðilinn er árásargjarn við fólk sem hann hefur vald yfir en er sérstaklega vingjarnlegur við þá sem hafa vald yfir honum. Hinn aðilinn gerir öfugt. Þrátt fyrir að árásargirnin sé að meðaltali sú sama þá getur verið að litid verði fram hjá öðru tilfellinu þegar verið er að skoða árásargirni í aðeins öðrum af þessum tveimur aðstæðum, þrátt fyrir að hún sé stöðug. Þættir sem hafa áhrif á stöðugleika hegðunar og geta tengst afbrotahegðun eru til dæmis tegund hegðunar, það er hvort hún byggir á meðvitaðri ákvörðun þess sem hana framkvæmir eða hvort hún velti á hvatvísi eða viðbrögðum við umhverfinu. Hegðun sem veltur á hvatvísi eða viðbrögðum er líklegri til að vera stöðug heldur en hegðun sem byggir á meðvitaðri ákvarðanatöku (Furr og Funder, 2004). Aldur hefur líka áhrif á stöðugleika hegðunar en fullorðnir eru stöðugari en börn og er það talið skýrast af þroska, að barn sýni breytilegri hegðun en fullorðinn vegna þess að aukinn þroski getur haft áhrif á hegðun (Woodhams, Hollin og Bull, 2007). Þessir þættir ásamt vangaveltum um hvort stöðugleiki sé milli almennrar hversdagslegar hegðunar og afbrotahegðunar eða hvort einungis afbrotahegðun hvers brotamanns sé stöðug eru mikilvægir þegar álykta á um brotamenn.

Furr og Funder (2004) komust einnig að því að þegar verið er að kanna hvernig aðstæður hafi áhrif á að fólk sýni stöðuga hegðun, kom fram að ef aðstæður voru þær sömu eða mjög líkar voru meiri líkur á eins hegðun. Það sem meira var, komust þeir ekki einungis að því, heldur kom fram að ekki væri nóg að grandskoða og skrá niður umhverfisþætti, heldur hafði upplifun fólks á aðstæðum meira að segja. Ef fólk upplifði aðstæður sem líkastar, þá sýndi það stöðugri hegðun.

Í rannsókn Hanson o.fl. (1995) á ítrekun kynferðisbrota gegn börnum þar sem 328 afbrotamönnum sem voru að ljúka afplánun fyrir ýmiss konar brot var fylgt eftir í 15-30 ár, kom í ljós að fyrri brot voru besta spáin um næstu brot. Þau töldu niðurstöðurnar ýta undir möguleikann á því að þróa sérstakar aðferðir til þess að skilja og halda þeim sem misnota börn í skefjum. Þau töldu brenglaðar hugmyndir geranda um kynlíf vera líklegar til þess að sjást í brotum hans og gerandi með fastmótaða skoðun á hvernig fórnarlamb hann kysi og hvernig kynlíf hann vildi stunda væri líklegri til þess að sýna stöðuga hegðun milli afbrota. Þau töldu mögulega skýringu á stöðugleika í afbrotahegðun reyndar líka geta falist í tækifærum sem gerendum bjóðast. Þau tækifæri sem bjóðast honum í daglega lífinu, eru þau sem hann nýtir og þess vegna eru þau stöðug. Eitt dæmi getur verið umgengni við tilvonandi fórnarlömb. Ef einn kynferðisbrotamaður ver stórum hluta síns tíma á börum og annar ver stórum hluta síns tíma við skóla og leikvelli er líklegt að fórnarlömb þeirra séu ólík. En þá má aftur halda fram að gerendurnir kjósi sér aðstæðurnar og þess vegna bjóðist honum þessi „tækifæri“. Einnig getur verið að gerendur sem eru andfélagslegir í háttum og/eða sýni almenna illsku séu síður vandlátir þegar fórnarlömb eru valin og þeir treysta meira á samhengi og tækifæri. Þessir gerendur myndu tilheyra hópi tækifærissinnaðra kynferðisbrotamanna (Hanson o.fl. 1995).

Kynferðisbrot og þá sérstaklega nauðgun er brotaflokkur sem hentar vel til þess að nota tengslaggreiningu og jafnvel til að nota „*profiling*“ á. Þessi brotaflokkur hentar betur en margir aðrir vegna þess að brotamaðurinn á í nánnum samskiptum við þolendur og veitir þar með ýmsar mikilvægar upplýsingar sem má nota til greiningar (Santtila, Junkkila og Sandnabba, 2005). Afbrotafræðilegar rannsóknir hafa sýnt mikilvægi þess að rannsaka tengslin og samskiptin milli geranda og þolenda í kynferðisbrotum til þess að skilja betur slíka glæpi (Leclerc, Proulx, Lussier og Allaire, 2009).

Ólafur Örn Bragason (2011) talar um að gerendur yngri en 18 ára, hafi árið 2010 borið ábyrgð á 26 kynferðisbrotum á Íslandi (þar af 92% drengir). Miðað við afbrotatölfæði ríkislögreglustjóra frá því sama ári er það 8% af þeim heildarfjölda brota það árið (Ríkislögreglustjóri, 2010). Varðandi unga gerendur, þá fór Caldwell (2002) í gegnum fjölda rannsókna á ungum gerendum, gerendum sem teljast börn sjálfir og komst hann að því að hegðun þeirra er mun óstöðugari og fjölbreyttari heldur en fullorðinna kynferðisbrotamanna. Vegna misleits hóps ungra gerenda, mikilvægs þroska sem á sér stað á unglingsárum og fárra ítrekunarbrota í þessum hópi, er mjög ólíklegt að hægt sé að nota tengslaggreiningu og flokkun hjá ungum gerendum eins og gert er hjá

fullorðnum kynferðisbrotamönnum (Caldwell, 2002). Þó eru til rannsóknir sem sýna að brotahegðun ungra gerenda skeri sig einnig frá hegðun fullorðinna gerenda á þann hátt að þeir eigi það frekar til að brjóta af sér í hópi, sem síður tíðkast hjá fullorðnum kynferðisbrotamönnum (Finkelhor, Ormrod og Chaffin, 2009).

Ólíkar aðstæður og ólíkar niðurstöður.

Sumar rannsóknir hafa sýnt að hegðun gerenda sé fjölbreytt en aðrar að hún sé það ekki en þær rannsóknaraðferðir og úrtak sem notað er í hvert sinn geta haft mikið um það að segja hver niðurstaðan verður (Beauregard, 2010). Þegar litið er á rannsóknir sem fara yfir fyrri rannsóknir nefnir Beauregard (2010) dæmi sem sýni misræmi á milli niðurstaðna eftir því hvort um opinber gögn væri að ræða eða ekki. Þegar um opinber gögn var að ræða, voru um 15% brota innbyrðis ólík en þegar um spurningarlista sem brotamennirnir svari sjálfir var að ræða, hækkaði þetta hlutfall upp í 53%.

Það sama má sjá í rannsókn Heil, Ahlmeyer og Simons (2003), þar sem kynferðisbrotamenn sem hlotið hafa meðferð og talað er við í klínískum aðstæðum játa að hafa brotið á mjög fjölbreyttum hópi þolenda, það er á ólíkum aldri, báðum kynjum og mistengdum þeim sjálfum. Í rannsókninni svöruðu brotamenn spurningarlistum annars vegar sem hluta af meðferð sem þeir undirgengust í fangelsinu. Hins vegar voru kynferðisbrotamenn sem svöruðu spurningarlista sem hluta af skilorðssamningi sínum. Þeir höfðu ekki hlotið markvissa meðferð fyrir kynferðisbrotamenn áður en þeim var sleppt úr fangelsinu en var gert að sækja sérhæfða meðferð fyrir kynferðisbrotamenn til félagsþjónustu. Í rannsókninni sýndu niðurstöður að brotamenn í báðum hópum viðurkenndu fleiri brot en þeir höfðu verið dæmdir fyrir og hópurinn sem hafði hlotið meðferð og svaraði spurningum sem hluta af meðferð, játaði mun fleiri brot og að hafa brotið á fjölbreyttari hóp þolenda heldur en hinir. Sama hvaða ástæður eru fyrir þessum mun, þá sýndi rannsókn Heil, Ahlmeyer og Simons (2003) fram á að þegar opinber gögn voru skoðuð, höfðu aðeins 7% brotamanna brotið gegn þolendum á ólíkum aldri og 8,5% höfðu brotið gegn þolendum af báðum kynjum. En þegar brotamennirnir voru yfirheyrðir eftir meðferðina hækkaði hlutfallið í báðum tilfellum gríðarlega og aðeins 11% sögðust hafa einungis brotið gegn einni gerð þolenda.

Fjölbreytileiki brota (e. polymorphism)

Þegar hegðun og afbrot kynferðisbrotamanna eru skoðuð, er áhugavert að taka fyrir hvort ítrekuð brot sama geranda séu innbyrðis ólík eða hvort sami gerandi brjóti oftast af sér á svipaðan hátt og svo hvort skipta megi gerendum upp eftir ákveðnum eiginleikum eða hegðun sem þeir deili með hvorum öðrum. Í þessu sambandi er oftast skoðað kyn polanda og aldur, tengsl milli geranda og þolenda og hvers kyns hegðun er um að ræða (Beauregard, 2010).

Samkvæmt Beauregard (2010) þá er það þekkt úr rannsóknum á afbrotahegðun að hegðun geranda er ekki endilega sambærileg á milli tvöggja eða fleiri afbrota sem hann fremur. Þá getur verið í sumum tilfellum að aðferðir við afbrot þróist með reynslu brotamannsins en í öðrum tilfellum getur mynstrið og hegðunin verið ólík þó um samskonar afbrot sé að ræða. Beauregard (2010) bendir þó á að rannsakendur á sviði kynferðisbrota hafa verið hikandi við að líta svo á að þetta sama eigi við um kynferðisbrot og að fjöldi rannsókna í gegnum tíðina hafi stutt þá kenningu að kynferðisbrotamenn kjósi sér ákveðnar týpur (e. type) fórnarlamba. Þá sé haldið sérstaklega í skiptingu á milli gerenda sem brjóta á fullorðnum og þeim sem brjóta á börnum.

Grubin o.fl. (1998) skoðuðu hegðun raðnauðgara og fundu út að breytileiki í hegðun var mun minni innan brotaraðar eins brotamanns en breytileiki á milli ótengdra brotaraða. Mokros og Alison (2002) hafa skoðað slíkan stöðugleika og niðurstöður þeirra, eins og niðurstöður Grubin o.fl. (1997) benda til þess að það sé að vissu leyti persónubundið hvernig brotin fara fram. Þeir leggja þó mikla áherslu á að taka aðstæðurnar sem brotið er framið við með í reikninginn. Þá nefna þeir dæmi um að tengsl megi finna á milli hina ýmsu aðstæðna og eiginleika nauðgana, til dæmis nefna þeir rannsókn sem hafi sýnt að tengsl hafi fundist milli þess að nauðgun eigi sér stað í bíl og þess að gerandinn sé í sambúð og einnig að ólíklegra sé að sá sem fremur nauðgun í bíl hafi verið dæmdur fyrir nauðgun áður. Mokros og Alison (2002) telja mögulegt að halda utan um slíka þekkingu og það geti auðveldað rannsokendum að hafa flokkað brotamenn frekar niður þegar þarf að leita að óþekktum geranda.

Rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar (2000) á dæmdum kynferðisbrotamönnum á Íslandi sýndi fram á mun á kynferðisbrotamönnum eftir því

hvort þeir brutu gegn fullorðnum eða börnum. Þeir sem brutu gegn börnum þekktu fórnarlambið betur. Þá kom einnig fram í rannsókn þeirra að eir sem brutu gegn börnum játuðu frekar brot sín, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi og þeir sögðust mun síður hafa verið undir áhrifum áfengis heldur en hinir á meðan verknaði stóð. Rannsókn Blumenthal, Gudjonsson og Burns (1999) sýndi fram á mun á aldri gerenda eftir því hvort brotið beindist gegn barni (46,5 ára) eða fullorðnum (33 ára) og einnig kom þar fram að að brot gegn börnum virðast frekar vera skipulögð fram í tímann en brot gegn fullorðnum frekar tilviljanakennd. Þessi aldursmunur kom ekki fram í rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns F. Sigurðssonar (2000) en þar voru þeir sem brutu gegn börnum að meðaltali 29 ára en þeir sem brutu gegn fullorðnum 26 ára, munurinn var ekki marktækur.

Samkvæmt Hanson, Scott og Steffy (1995) eru kynferðisbrotamenn sem brjóta á börnum ólíkir brotamönnum sem ekki fremja kynferðisbrot varðandi margt. Bakgrunnar þeirra eru gjarnan ólíkir, hjúskaparstaða þeirra ólík, ásamt menntun og svo er líka munur á ítrekunarbrotum þeirra. Þau komust að því að af 191 manni sem hafði áður brotið kynferðislega gegn barni var ítrekunarbrott mun oftast einnig kynferðisbrot gegn barni heldur en ítrekunarbrott þeirra 137 afbrotamanna sem höfðu áður framið önnur brott en kynferðisbrot. Tilfelli voru 35% á móti 1,5% tilfella. Hins vegar báru afbrotamenn sem ekki höfðu brotið kynferðislega gegn barni ábyrgð á langstærstum hluta ofbeldisbrota, öðrum en kynferðisbrotum.

Beauregard (2010) segir að rannsóknir á kynferðisbrotamönnum og „profiling“ rannsóknir, sem snúast um að nota gögn sem eru fyrir hendi til þess að finna óþekktan brottamann, bendi í sömu átt. Rannsóknir sýni að kynferðisbrotamenn sýni ýmist stöðuga eða breytilega hegðun, háð aðstæðum og hegðun í brotinu. Það sé því vert að skoða þessi tengsl.

Fjölbreytileg kynferðisbrot gegn börnum

Skipting varðandi aldur þolanda, kyn þolanda og skyldleika þolanda og geranda er góður útgangspunktur þegar rannsaka á hegðun kynferðisbrotamanna. Þessi skipting er áberandi í kynferðisbrotakafli almennu hegningarlögunna en aldur þolanda og skyldleiki hafa áhrif við ákvörðun refsingar í kynferðisbrotum gegn börnum (Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940). Það hversu algengt er að rannsakendur greini á

milli þeirra sem hneigjast eingöngu að börnum og þeirra sem hneigjast bæði að börnum og fullorðnum gefur tilefni til þess að kanna síðar nefnda hópinn sérstaklega.

Dixon, Nunes og Bradford (2005) báru saman gerendur sem höfðu brotið á barni í fjölskyldu sinni og skiptu gerendum upp eftir því hvort þeir höfu brotið á mjög ungu barni (yngsta barn yngra en 6 ára) eða aðeins eldri börnum (yngsta barn 12 ára). Rannsóknin fór fram á deild sem meðhöndlar kynhegðunarvandamál (*e. sexual behaviors clinic*) á spítala í Ottawa í Bandaríkjunum. Í hópnum sem braut á yngri börnum voru 48 gerendur en í hópnum sem braut gegn eldri börnum voru 71 gerandi. Rannsakendurnir komust að því að þeir sem brutu gegn yngri þolendum voru líklegri til þess að eiga sögu um vímuefnanotkun eða áfengissýki. Þeir áttu einnig við fleiri kynferðisleg vandamál að stríða og höfðu fleiri geðræn vandamál. Greining á afbrotahæðun þeirra sýndi að þeir sem brutu gegn yngri þolendum brutu oftast gegn fleiri en einum þolanda heldur en þeir sem brutu gegn eldri þolendum. Einnig voru þeir líklegri til þess að hafa brotið gegn drengjum heldur en hinir og þeir voru líklegri til þess að hafa neitað að hafa framið brotin sem þeir voru dæmdir fyrir. Samkvæmt Firestone o.fl. (2005) hefur einnig verið gerð sambærileg rannsókn sem ber saman gerendur sem hafi brotið gegn börnum ótengdum þeim. Það er börnum sem eru yngri en 5 ára og börnum á aldrinum 8-12 ára. Gerendurnir áttu margt sameiginlegt en eitt var þó ólíkt en það var aldur geranda. Gerendur sem brutu gegn yngri börnum voru almennt yngri. Annað sem einkenndi þá einnig var að þeir voru líklegri til þess að neita brotum og skoruðu hærra á andfélagslegum þáttum persónuleikaprófs (*PCL-R*).

Levenson, Becker og Morin (2008) segja að kyn barns sem brotið er gegn skipti minna máli fyrir geranda eftir því sem barnið sé yngra og sýndi rannsókn þeirra fram á að ef gerandi hafði brotið gegn barni yngra en 6 ára var líklegra að hann hefði brotið gegn bæði dreng og stúlku heldur en ef brotið hafði verið gegn eldra barni. Ef um brot gegn barni yngra en 6 ára var að ræða var einnig líklegra að brotin væru gegn börnum af báðum kynjum ef gerandi hafði verið greindur með alvarlega geðröskun (*e. major mental illness*). Ef gerandi var greindur með barnagirnd, var hann mun líklegri til þess að brjóta gegn börnum yngri en 6 ára og þar af leiðandi báðum kynjum. Þessi greining Levenson, Becker og Morin (2005) gefur það skýrt til kynna að þegar um mjög ung börn er að ræða, þá skiptir kyn þeirra litlu sem engu máli fyrir gerendur og ef alvarlegir andlegir annmarkar eru fyrir hendi þá virðast gerendur ennfrekar brjóta á hvaða fórnarlambi sem komast yfir. Það ýtir undir hugmyndir um að hömlur skipti miklu máli

þegar sumir kynferðisbrotamenn virðast geta haft betri stjórn á sér en aðrir. Niðurstöður rannsóknar Carlstedt o.fl. (2009) á kynferðisbrotum gegn börnum í Svíþjóð frá 1993-1997 segja sambærilega sögu. Þar kom í ljós að þeir gerendur sem brutu gegn börnum á aldrinum 0-5 ára brutu oftast gegn bæði drengjum og stúlkum og þeir voru líklegri til þess að hafa verið greindir með barnagirnd. Rannsókn Guay o.fl. (2001) sýndi að þeir gerendur sem brutu eingöngu gegn kynþroska börnum brutu í flestum tilfellum á drengjum. Einnig mátti sjá í rannsókn Carlstedt o.fl. (2009) að stærsta hlutfall þolenda voru eingöngu drengir þegar þolendurnir voru á aldrinum 12-15 ára (11 af 41).

Guay o.fl. o.fl. (2001) nefna rannsókn Marshall o.fl. frá 1991, sem dæmi um rannsókn sem sýnt hafi fram á tiltölulega lágt hlutfall brotamanna með fjölbreytilegan áhuga á fórnarlömbum. Í þeirri rannsókn voru menn spurðir um ýmis mál varðandi kynlöngun sína og hugmyndir þegar þeir voru í mati og viðtölum á göngudeild fyrir kynferðisbrotamenn. Þar kom í ljós að aðeins 14% þeirra karlgerenda sem brutu gegn stúlkum og 11,8% karlgerenda sem brutu gegn drengjum og í heildina, 7,9% þeirra sem brutu gegn blóðskyldum börnum höfðu haft fjölbreyttan hóp fórnarlamba.

Guay o.fl. (2001) rannsökuðu sjálf hópa þolenda kynferðisbrotaamanna og skiptu gerendum niður í fjóra hópa eftir því hvernig fórnarlömbin voru. Í fyrsta lagi voru þolendur flokkaðir niður eftir aldri þar sem 13 ára aldur og yngri voru börn, 13-16 ára unglingar en 16 ára og eldri voru fullorðnir. Í öðru lagi skipti hann þeim upp eftir tengslum, þar sem þeir sem voru taldir þekkja þolanda voru kunningjar, fjölskyldumeðlimir, vinir, yfirmenn/menn með völd yfir þolanda, makar og fyrrverandi makar. Í þriðja lagi eftir kyni þolanda og í fjórða lagi eftir því hvort gerandi og þolandi voru blóðskyldir eða ekki. Niðurstöðurnar staðfestu skiptingu á gerendum í flokka eftir þolendum. Gerendur völdu í flestum tilfellum þolendur á svipuðum aldri. Þeir sem brutu gegn börnum í fyrsta skiptið, brutu almennt gegn börnum í næstu skipti þar á eftir og þeir sem brutu gegn fullorðnum þolanda gerðu það aftur í næstu skipti. Í þeim tilfellum þar sem menn fóru frá því að brjóta á fullorðinni konu yfir í að brjóta gegn barni, voru þau brot alltaf gegn unglingsstúlkum. Mesti óstöðuleikinn var hjá þeim sem brutu fyrst gegn unglingsþolanda en þeir fóru mest á milli aldursbila, frá unglingi yfir í barn eða fullorðinn þolanda. Rannsakendurnir töldu óstöðugleika þessa hóps jafnvel megi rekja til þess að annað hvort eigi þessir gerendur ekki margt sameiginlegt og ættu ekki að teljast sem ákveðinn hópur eða að það að velja kynþroska fórnarlamb sé annað hvort

málamiðlun þegar ekki er annað fórnarlamb til staðar þegar gerandi brýtur af sér eða ákvörðun tekin út frá aðstæðum á þeim tíma sem brotið fór fram.

Í gamalli rannsókn Gebhard o.fl. (1965) var farið nákvæmlega yfir kynferðisbrot 1.500 kynferðisbrotamanna sem sóttu viðtalsmeðferðir á viðeigandi stofnun. Brotunum var skipt mjög nákvæmlega niður í flokka og nákvæmar lýsingar gefnar á hverjum flokki brotamanna. Flokkarnir eru mun nákvæmari en tíðkast og alhæfingar út frá þeim voru ekki sparaðar en á meðal þeirra atriða sem byggja á tölfræði úr brotum þessara kynferðisbrotamanna kom fram að þeir gerendur sem brutu endurtekið af sér, kusu sér fórnarlömb sem tengdust þeim á sama hátt og fyrri fórnarlömb þeirra höfðu gert. Samt sem áður var hluti gerenda sem fór frá því að brjóta á þolendum sem þeir þekktu yfir í að brjóta á þolendum sem þeir þekktu ekki. Hluti þeirra útskýrði það með því að brotin gegn þeim sem þeir þekktu hefðu verið óvart og af því þeir höfðu upplifað ánægju út úr því broti hafi þeir ákveðið að leita að svipuðu fórnarlambi aftur sem ekki var tengt þeim. Guay o.fl. (2001) er sammála honum varðandi þessa útskýringu um breytingu á vali fórnarlamba og hann telur líka mögulegt að gerendum hafi fundist aðstæður þvinga þá til þess að leita að svokölluðum kynlífs-staðgengli (*e. sex surrogate*) utan kunningjahóps síns. En það er staðgengill sem líkist þeim sem þá langaði í raun að vera með (Guay o.fl., 2001). Þegar þolendur voru skoðaðir með tilliti til aldurs þeirra og tengsla við geranda var stöðugasti hópur geranda, sá sem braut á ókunnugum konum. Þetta telja Guay o.fl. (2001) geta verið vegna þess að þessi hópur leitar sérstaklega að ákveðinni típu fórnarlamba og hefur sig svo frammi við þá konu sem passar við hans hugmyndir. Þessi hegðun var sambærileg hjá þeim gerendum sem brutu á börnum sem voru ótengd þeim en í þeim hópi voru karlar sem brutu á ungum drengjum langstærsti hlutinn. Þegar skýringar var leitað, þótti markvert að sjá að stór hluti þessara brotamanna voru og höfðu alltaf verið einhleypir og áttu engin börn. Það gæti útskýrt að þeir höfðu lítinn aðgang að börnum skyldum sér og leita þess vegna í önnur börn. Önnur skýring á þessum staðnaða (*e. fixated*) áhuga á fórnarlambi getur verið ákveðin afbrigðileg kynferðisleg löngun sem veltur ekki á aðstæðum heldur fær gerendur til þess að leita eftir þeim fórnarlömbum sérstaklega (Guay o.fl., 2001). Niðurstöður Guay o.fl. (2001) sýndu enn fremur að þeir sem brjóta á stjúpbörnum sínum, (ásamt þeim sem brjóta á konum sem þeir þekkjá) áttu fjölbreyttastan hóp fórnarlamba.

Rannsókn Guay o.fl. (2001) sýndi ekki aðeins fram á ákveðið mynstur í vali á fórnarlömbum heldur einnig fram á ákveðið mynstur í þróun brota hjá þeim gerendum

sem fremja endurtekin brot. Þeir brotamenn sem brutu ítrekað af sér og brutu í fyrsta skiptið á eigin börnum, gerðu það aftur í næsta skipti en skiptu svo gjarnan yfir í að brjóta á barni sem er kunnugt þeim en ekki þeirra eigin. Ástæðuna telja Guay o.fl. geta verið vegna breyttra aðstæðna og tækifæra.

Sem dæmi um flokkun á kynferðisbrotamönnum sem brjóta gegn börnum nefna Wilson og Alison (2005), flokkun Cohen o.fl. sem var frá árinu 1969, en þar var lýst fjórum tegundum slíkra brotamanna. Það voru í fyrsta lagi þeir sem höfðu kynferðislegan áhuga sem einskorðaðist við börn (*e. paedophile-fixated*). Þeir sem tilheyrðu þessum hópi höfðu haft langvarandi og eingöngu kynferðislegan áhuga á börnum en ekki fullorðnum. Oft höfðu þeir átt í platónsku sambandi við fórnarlamb sitt áður en þeir frömdu sín fyrstu brot sem einkenndust þá lágmarks valdbeytingu og sjaldnast af hegðun þar sem kynfæri komu við sögu. Í öðru lagi voru þeir sem höfðu sætt sig við kynferðislegt samband við börn vegna vankanta í samskiptum við fullorðna (*e. paedophilie-regressed*) og svo í þriðja lagi voru það þeir sem stýrðust af árásargirni frekar en kynferðislegum löngunum (*e. paedophilie-aggressive*). Síðar bættu Cohen og félagar við einum flokki en í hann féllu þeir sem nýttu sér varnarlaus og oftast ókunnug börn til þess að uppfylla kynferðislegar þarfir sínar (*e. exploitative*) (Wilson og Alison, 2005).

Fjölbreytileg afbrotahegðun í stærra samhengi

Önnur hlið á máli kynferðisbrota er að kynferðislegur áhugi þarf ekki alltaf að vera til staðar. Aðstæðurnar í kynferðisbroti geta verið þannig að gerandi hefur alla stjórn á aðstæðum og ótakmarkað vald yfir þolanda, sérstaklega þegar þolandi er barn og mögulegt er að ofbeldismaður sækji í slíkar aðstæður hvort sem hann hafi kynferðislegan áhuga á börnum eða ekki (Carlstedt o.fl. 2009).

Svo er margt sem getur komið til og haft áhrif á það hvernig og hvort kynferðisbrotamaður fremur ítrekuð brot eða ekki. Hazelwood og Warren (2003) segja til dæmis að hugmyndir gerenda geti þróast, skap þeirra á verknaðarstundu getur verið ólíkt, tímasetningar og utanaðkomandi aðstæður geta haft áhrif á afbrotahegðunina.

Talað er um tvær kenningar sem gætu skýrt breytilega hegðun kynferðisbrotamanna. Í fyrsta lagi er það hin mikla kynlífshegðun sem einkennir þá, til dæmis óhefluð kynhvöt sem lýsir sér í gagntekningu á kynlífi og ópersónuleg

kynlífsreynsla, sem veldur því að viðkomandi eiga í erfiðleikum með að stjórna kynhvötum sínum sem skýrir svo aftur afhverju þeir eru líklegri til þess að leitast eftir kynferðislegri fullnægingu þrátt fyrir að það sé ekki á viðeigandi hátt (Lussier, Leclerc, Cale og Proulx, 2007). Í öðru lagi getur breytileg hegðun kynferðisbrotamanna verið vegna almennrar illsku og hafa rannsóknir sýnt að með aukinni afbrotahegðun þá eykst umfang afbrigðilegrar kynhegðunar og hugsana (Lussier, Leblanc og Proulx, 2005; Smallbone og Wortley, 2004).

Þessar tilgátur eru í samræmi við almennu glæpakeninguna (*e. the general theory of crime*) frá Gottfredson og Hirschi (1990) þar sem tengsl sjálfsstjórnar og afbrotahegðunar eru mikil. Þeir halda því fram að afbrot séu oftast framin í aðstæðum sem auðvelt er að fremja þau í og því muni fólk með litla sjálfsstjórn vera líklegt til þess að fremja afbrot þegar það lendir í slíkri aðstöðu. Þeir segja einnig að fjölbreytta afbrotahegðun megi útskýra með lítilli sjálfsstjórn og ganga svo langt að halda því fram að svo sé alfarið. Afbrotamenn með litla sjálfsstjórn eru ekki líklegir til að vera sérhæfðir í einum brotaflokkum eða aðferð. Þegar þeir til dæmis brjótist inn í hús eru þeir eins líklegir til þess að fremja kynferðisbrot ef aðstæðurnar bjóði aðstæðurnar upp á það. Þetta er í samræmi við það sem Woodhams, Hollin og Bull (2007) segja en í þessum tilfellum væri hægt að líta sem svo á að lítill sjálfsstjórn hafi áhrif á að viðkomandi brjóti ítrekað af sér, þó það sé ekki alltaf á sama hátt, þá hafa aðstæðurnar mikið um það að segja að viðkomandi brjóti af sér aftur og jafnvel megi búast við því að hann myndi gera það ítrekað í framtíðinni í samskonar aðstæðum. Richards (2011) vill meina að þetta eigi líka við þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða. Hann segir að ekki allir kynferðisbrotamenn fari með það að markmiði að misnota börn heldur hafi aðstæður og tækifæri eitthvað um það að segja.

Þetta er einnig í samræmi við það sem Smallbone og Wortley (2001) segja, en þeir leggja til að hlutverki aðstæðna verði veitt meiri athygli þegar þessi brot eru rannsökuð.

Lussier, Leblanc og Proulx (2005) skoðuðu 388 dæmda kynferðisbrotamenn í Kanada sem höfðu áður verið dæmdir fyrir einhvers konar brot, með tilliti til almennu glæpakeningar Gottfredson og Hirschi (1990). Þeir fundu út að hegðun þeirra sem frömdu kynferðisbrot gegn fullorðnum og þeirra sem brutu á börnum væri ólík. Í tilfellum þeirra sem brjóta gegn fullorðnum var afbrotahegðunin afleiðing lítillar sjálfsstjórnar en það átti ekki við um þá sem brutu gegn börnum. Þetta er ólíkt kenningum Gottfredson og Hirschi varðandi afbrot og tækifæri til afbrota, því þetta

gefur til kynna að ólíkir þættir standi að baki ólíkum brotum en ekki einhver einn þáttur eins og lítil sjálfsstjórn (Lussier, Leblanc og Proulx, 2005). Þessi rannsókn er enn ein ástæðan fyrir því að skoða mun á þeim sem brjóta gegn börnum og fullorðnum, því þeir virðast vera ólíkir.

Gagnrýni á skilgreiningar og flokkun kynferðisbrotamanna

Til eru rannsóknir (t.d. Soothill, Francis, Sanderson og Ackerley, 2000) sem benda til þess að kynferðisbrotamenn séu ekki eins sérstakur hópur og klínískt, empírískt og kenningalega hafði verið ýjað að. Smallbone og Wortley (2004) fóru yfir 583 rannsóknir á kynferðisbrotum úr opinberum gögnum og úr viðtölum við gerendur. Þeir segja dæmi um rannsóknir sem sýni að kynferðisbrotamenn séu í raun líklegri til þess að vera dæmdir líka fyrir annarskonar brot, bæði áður og eftir að þeir fremja kynferðisbrot.

Beauregard (2010) vill einnig meina að nýlegar rannsóknir hafi þó sýnt fram á kynferðisbrotamenn breyti hegðun sinni á milli glæpa ásamt því að smekkur þeirra á fórnarlömbum geti breyst.

Sem dæmi um rannsókn sem mikið hefur verið vitnað í og sýnir fram á fjölbreytta hegðun kynferðisbrotamanna er gömul rannsókn Abel o.fl., frá árinu 1988. Hún var framkvæmd á tveimur stofnunum í Bandaríkjunum og voru þátttakendur 561 karlar sem sóttu þangað sjálfviljugir mat á og/eða meðferð við afbrigðilegri kynáráttu. Mönnunum hafði verið vísað á þetta úrræði af heilbrigðisstarfsfólki sem hafði metið andlegt heilbrigði þeirra, eftir afplánun fangelsisvistar eða eftir öðrum ábendingum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þeir þátttakendur sem höfðu beitt konur kynferðisofbeldi höfðu í mörgum tilfellum einnig gert það við stúlkubörn eða haft sögu um afbrigðilega kynhegðun eins og sýni- eða gægjuhneigð. Einnig kom fram að stór hluti þeirra sem hafði brotið gegn börnum kaus ekki endilega ákveðna típu fórnarlamba. Þá sýndi rannsókn Abel o.fl. einnig að um 67 % gerenda brutu einungis á kvenþolendum en um 12% brutu eingöngu á karlþolendum. Þá voru um 20% sem brutu á báðum kynjum. Um 49% brutu einungis gegn þolendum í einum aldurshópi, 31,3% brutu gegn þolendum í tveimur hópum og 11,2% brutu gegn þolendum í öllum hópunum. Þegar skyldleiki geranda og þolenda var skoðaður, kom fram að um 56% braut eingöngu á þolendum óskyldum sér. Um 12% braut einungis gegn þolendum sem voru blóðskyldir þeim. Um 23% brutu gegn bæði skyldum og óskyldum þolendum.

Þessar tölur frá Abel o.fl. (1988) eru ólíkar því sem margar aðrar rannsóknir um stöðugleika í hegðun kynferðisbrotamanna hafa sýnt og skýrir Abel (1988) það með því að sérstaklega mikið hafi verið lagt í viðtölin við kynferðisbrotamennina, líklegast meira en hefðbundið sé og að brotamennirnir hafi fundið að mikill trúnaður ríkti milli þeirra og rannsækenda, sú sé ekki alltaf raunin. Þeir hafi því gefið mun betri og ítarlegri svör.

Það skal látið liggja á milli hluta hvort rannsókn Abel (1988) hafi þá sérstöðu sem hann telur sjálfur, umfram aðrar rannsóknir en þetta er vissulega ein af þeim rannsóknum sem sýnir að ekki er allt klippt og skorið varðandi flokkun á kynferðisbrotamönnum. Rannsókn Abel hefur þó verið gagnrýnd fyrir að þar sé til dæmis of mikið mál gert úr tengslum sem koma fram aðeins í fáum tilfellum eins og tengslum skaðlauss blætis og skaðlegrar kynhegðunar, en litið fram hjá því að í mun meira mæli er slík hegðun algerlega ótengd. Þá hefur rannsóknin verið gagnrýnd fyrir að vera óskýr en samt sem áður hefur mikið verið vitnað í hana (Grubin, 1998).

Ítrekunarbrott

Samkvæmt afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra frá árinu 2009 má sjá að 30% þeirra sem kærðir voru fyrir kynferðisbrot það árið voru kærðir fyrir fleiri en eitt slíkt brott. Af þeim voru 17,8% kærðir fyrir tvö brott en 11,9% kærðir fyrir þrjú eða fleiri brott. Þetta er hærri tíðni heldur en til dæmis í líkamsárásam, þar eru í heildina 15% kærðir fyrir fleiri en eitt brott (Ríkislögreglustjóri, 2009). Ástæða fyrir þessu gæti verið sú að margir þeirra sem kærðir eru fyrir kynferðisbrot, eru gerendur sem hafa verið að brjóta af sér mörgum sinnum og jafnvel samfelld í langan tíma áður en þeir eru ákærðir og nær kærán yfir þau brott (Smith o.fl., 2000 og Ríkislögreglustjóri, 2009). Eins og rannsóknir hafa sýnt, þá er stórt hlutfall þolenda sem tilkynnir seint um slíkt brott til yfirvalda (Smith o.fl., 2000).

Rannsóknir hafa reyndar sýnt fram á að ítrekunartíðni kynferðisbrota eftir að gerandi hefur hlotið dóm, er frekar lág miðað við önnur brott. Til dæmis sýndi íslensk rannsókn Helga Gunnlaugssonar afbrotafræðings og fleiri (2001) að fimm árum eftir að afplánun lauk, höfðu 15% þeirra sem höfðu framið kynferðisbrot verið fangelsaðir á ný slíkt brott, miðað við til dæmis tæplega 50% þeirra sem höfðu setið inni fyrir fjármunabrott (Eric Baumer, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Krístinsdóttir og Richard Wright, 2001).

Rannsókn Hanson og Bussiere (1998) fól í sér nákvæma greiningu á 61 fyrri rannsóknum á kynferðisbrotamönnum. Þar kom fram að líkur á því að kynferðisbrotamenn endurtækju slík brot voru ekki miklar. Þegar ítrekunartíðni var skoðuð eftir fjögur til fimm ár frá afplánun refsingar, hafði að meðaltali 13,4% kynferðisbrotamannanna framið kynferðisbrot aftur (úrtak, n = 23.393). Það voru þó undirhópar sem voru líklegri til þess að endurtaka kynferðisbrot en það voru aðallega þeir sem höfðu afbrigðilegar (*e. deviant*) hugmyndir um kynlíf og höfðu áður framið kynferðisbrot. Einnig voru þeir sem flosnað höfðu upp úr meðferð vegna kynferðisbrota líklegri til þess að brjóta af sér aftur heldur en þeir sem kláruðu slíkar meðferðir. Þættir eins og aldur og fjöldi annarskonar afbrota, skiptu minna máli þegar um ítrekuð kynferðisbrot var að ræða. Þessir þættir skiptu þó máli þegar spáð var fyrir um almenna endurbrotahegðun (ekki kynferðisbrot) og var sambærilegt og hjá öðrum afbrotamönnum og telja Hanson og Bussiere (1998) mikilvægt að skilja á milli þessara tegunda brota þegar framkvæmt er áhættumat. Það er að finna út hversu líklegir gerendurnir séu til þess að brjóta af sér aftur og hversu líklegir þeir séu til þess að fremja kynferðisbrot aftur.

Sjöstedt o.fl. (2004) gerðu rannsókn á öllum þeim kynferðisbrotamönnum í Svíþjóð sem luku afplánun á árunum 1993-1997 (N = 1,303). Þau komust að því að kynferðisbrotamenn brjóta frekar af sér aftur á öðrum sviðum heldur en á sviði kynferðisbrota. En þeir sem frömdu ítrekuð kynferðisbrot voru líklegir til að brjóta af sér á sama hátt og þeir höfðu gert í fyrri skiptið, sérstaklega hvað varðar einkenni þolanda. Þá nefna þau rannsókn Soothill o.fl. frá 2000 þar sem fylgst var með hegðun 6000 kynferðisbrotamanna í Bretlandi sem brutu af sér á tímabilinu 1963-1994. Þeim var skipt niður í fjóra flokka eftir brotum. Í fyrsta lagi var það kynferðisbrot gegn konu, í öðru lagi var það kynferðisbrot gegn karlmanni, í þriðja lagi kynferðisbrot gegn stúlku undir 16 ára og í fjórða lagi var það ósæmileg kynferðisleg hegðun milli tveggja karla (sem á þeim tíma þótti brotlegt). Í ljós kom að 60% allra brotamannanna hafði hlotið dóm fyrir annarskonar brot en 26% af hópnum hafði hlotið annan dóm fyrir kynferðisbrot og það voru í flestum tilfellum samskonar brot og þeir höfðu áður verið dæmdir fyrir.

Rannsókn Sjöstedt o.fl. (2004) sýndi að stöðuleikinn væri mestur í brotum sem beinast að karlmönnum, börnum, skyldmönnum og ókunnugum (ekki kunningjum eða vinum). Auknar líkur á að endurtaka brot gegn samskonar þolanda voru í þeim tilfellum sem fullorðinn karlmaður braut aftur gegn fullorðnum karlmanni, 180 sinnum meiri

heldur en hjá einhverjum sem hafði áður brotið gegn konu. Auknar líkur á að brjóta aftur gegn samskonar þolanda voru 17 sinnum meiri ef þolandinn var barn, 27 sinnum meiri ef þolandinn var skyldmenni og um 9 sinnum meiri ef þolandinn var ókunnugur. Þá sýndu þau fram á að þeir brotamenn sem brutu af sér án snertingar í sínu fyrsta broti, voru í engum tilfellum með kynferðisbrot sem sitt fyrsta eða algengasta ítrekunarbrot. Þeir sem höfðu sýnt af sér ósæmilega kynferðislega hegðun eða sært blygðunarsemi, án stertingar, þeir sem höfðu þvingað þolanda til samfara og þeir sem höfðu veitt þolanda líkamlega áverka héldu að miklu leyti áfram slíkri hegðun í næstu brotum. Það er í samræmi við það sem Gebhard o.fl. (1965) höfðu komist að. Þeir sem beittu ofbeldi voru líklegastir til þess að brjóta af sér aftur, svo komu þeir sem ekki brutu af sér með snertingu (til dæmis með sýniþörf eða gægjuhneigð). Ólíklegastir til þess að brjóta aftur af sér voru þeir sem höfðu brotið gegn barni innan fjölskyldu sinnar. Þessi niðurstaða Gebhards o.fl. (1965) er ekki í samræmi rannsóknir sem sýna tíða endurtekna brotahegðun innan fjölskyldu en vert er að huga að því hvort ítrekuð brot eftir að gerandi hefur verið dæmdur fyrir brotin sé einnig raunin.

Þegar kemur að ítrekuðum kynferðisbrotum gegn börnum gerðu Harris og Hanson (2004) rannsókn á 4.724 kynferðisbrotamönnum og var þátttakendum fylgt eftir í allt að 15 ár eftir að afplánun lauk. Stærstur hluti þeirra sem afplánaði refsingu fyrir kynferðisbrot gegn barni hafði ekki framið annað kynferðisbrot við lok þessara 15 ára. Þau komust enn fremur að því að þeir kynferðisbrotamenn sem höfðu haft fyrri kynferðisbrot gegn börnum að baki fyrir síðustu afplánun voru líklegri til þess að vera handteknir fyrir slík brot aftur eftir næstu afplánun heldur en þeir sem luku afplánun fyrir kynferðisbrot gegn börnum í fyrsta skipti. Þá skipti sá tími sem hafði liðið frá broti einnig máli, eftir því sem lengri tími hafði liðið frá broti því ólíklegra var að brotamaður bryti aftur af sér. Hanson og Brussere (1998) komust að því með því að fara í gegnum 61 eldri rannsókn, að af 9.603 kynferðisbrotamönnum sem brutu gegn börnum, hafði 13% þeirra brotið af sér aftur eftir fimm til sex ára eftirfylgni. Prentky, Knight og Lee (1997) gerðu rannsókn þar sem þátttakendur voru 111 karlmenn sem höfðu afplánað refsingu á árunum 1960-1984, fyrir kynferðisbrot gegn barni ótengdu sér og hún sýndi að 36% af 111 gerendum höfðu brotið af sér aftur þegar það var kannað 24 árum eftir afplánun dóms.

Seto (2008) segir þá kynferðisbrotamenn sem haldir eru barnahneigð vera líklegri en aðra kynferðisbrotamenn til þess að brjóta af sér aftur. Þetta segir hann vera vegna

Þess að þeir þættir sem aðgreini þá sem haldnir séu barnagirnd frá öðrum kynferðisbrotamönnum, vera þætti sem einnig séu tengdir ítrekuðum kynferðisbrotum. Þetta eru þættirnir; kynferðisleg örvun af ásýnd barna, brot gegn drengjum og brot gegn ótengdum börnum.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um ástæður fyrir því að tíðni ítrekunar á kynferðisbrotum gegn börnum virðist vera fremur lág en samkvæmt Gottfredson og Hirschi (1990) og Smallbone og Wortley (2001), þá er eðlilegt að tíðni kynferðisbrota gegn börnum sé lág hjá geranda sem hefur verið áður verið dæmdur því í mörgum tilfellum þá takmarkar samfélagið í kringum hann aðgengi hans að börnum vegna fyrri hegðunar.

Afdrif dæmdra kynferðisbrotamanna og úrlausnir á sviði viðurlaga

Refsingar fyrir kynferðisbrot hafa verið að hækka á síðustu árum (Ragnheiður Bragadóttir, 2009) og ítrekunartíðni kynferðisbrota eftir afplánun refsingar er með því lægsta sem gerist hjá afbrotamönnum (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Samt er krafa frá samfélaginu um að taka þessi mál fastari tókum og alltaf má gera betur, þessar kröfur eru eins víða um heiminn (sjá til dæmis Thomas, 2000 og Bonnar-Kidd, 2010).

Rannsóknir á viðhorfi fólks á Íslandi til afbrota hafa verið gerðar reglulega síðan árið 1989 en Helgi Gunnlaugsson, í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, gerði slíkar rannsóknir árin 1989, 1994, 1997 og 2003. Árið 2003 náði rannsóknin til 1200 manns á aldrinum 18-80 ára á Íslandi, sem hringt var í og það spurt hvaða afbrot fólki þætti mesta vandamálið í íslensku samfélagi. 18,9% þátttakenda sagði að helsta vandamál í íslensku samfélagi væru kynferðisbrot. Þetta er svipað hlutfall og áður hafði verið en árið 1989 sagði 21,2% kynferðisbrot vera helsta vandamálið í íslensku samfélagi, árið 1994 voru það 20,6%, árið 1997 voru það 24,4% (Helgi Gunnlaugsson, 2003).

Kynferðisbrot gegn börnum hafa eflaust áhrif á mótun þessara viðhorfa en þeir sem fremja kynferðisbrot gegn barni eru litnir hornauga í samfélaginu og eru mörg dæmi um að þeir verði fyrir aðkasti í sínu nærumhverfi eftir að hafa afplánað refsingu fyrir slík brot (Bonnar-Kidd, 2010). Sérstaklega á þetta við og magnast upp þar sem tíðkast að auglýsa viðveru kynferðisbrotamanna í hverfum og bæjum með tilkynningum og myndbirtingum um leið og þeir flytja sig um set. Þetta tíðkast í sumstaðar í Bretlandi (Helgi Gunnlaugsson, 2011) og í Bandaríkjunum (Bonnar-Kidd, 2010).

Það var ekki bara almenningur í Bandaríkjunum sem ákvað að grípa til þess ráðs að tilkynna um viðveru dæmdra barnaníðinga heldur ákvað ríkisstjórn landsins að beita róttækum aðferðum til þess að reyna að draga úr kynferðisbrotum og lækka ítrekunartíðni slíkra brota. Í maí 1996 voru því sett lög, Megan's Law, sem varða skráningu á upplýsingum um dæmda kynferðisbrotamenn og slíkar upplýsingar gerðar aðgengilegar fyrir almenning á Internetinu. Þann 7. júlí, 2007 undirritaði svo George W. Bush hin svokölluðu Adam Walsh Protection lög (AWA). Þessi lög fólu í sér skuldbindingu allra ríkja til þess að halda utan um slíka skráningu. Samkvæmt þessum lögum áttu öll ríki Bandaríkjanna að taka upp eftirlitskerfi með dæmdum kynferðisbrotamönnum sem felur meðal annars í sér að þeir séu bundnir ýmsum skilyrðum eftir að fangelsisvist líkur. Þá eru þeir færðir á skrá yfir dæmda kynferðisbrotamenn, hafa tilkynningarskyldu gagnvart nærsamfélaginu og stundum er fylgst með þeim með staðsetningartæki. Þeir skulu skila inn fingraförum, lófaförum og lífsýni og ef vistarverur breytast þá hafa þeir 3 daga til þess að tilkynna yfirvöldum um breytt heimilisfang, brot á þeirri reglu varðar fangelsisvist. Einnig má takmarka leyfi þeirra til þess að slæpast um, ásamt því að vefaðgangur þeirra er takmarkaður (Bonnar-Kidd, 2010). Þessi lög voru samin til þess að taka hart á kynferðisbrotum gegn börnum og endurspeglar sýn meirihluta ríkisstjórnar þess tíma á málefni af þessu tagi en þessi lög eru ekki byggð á rannsóknum á sviðinu. Slík herferð beinir athyglinni að brotum þar sem gerandinn er þólandanum ókunnugur en rannsóknir hafa einmitt sýnt að í meirihluta tilfella er gerandinn einhver sem þekki brotapolann og rannsóknir hafa enn fremur sýnt að í yfir 90% tilfella eru þeir sem dæmdir eru fyrir kynferðisbrot gegn barni eða unglingi, að fremja slíkt brot í fyrsta skipti (Bonnar-Kidd, 2010).

Varðandi tilkynningarskyldu kynferðisbrotamanna þá má einnig sjá í grein Bonnar-Kidd (2010) að áhrifin af því að vita af slíkum íbúa í hverfinu hefur verið mjög slæm í sumum tilfellum. Þá hefur gripið um sig ofsahræðsla hjá nágrönnum og foreldrar og börn ná ekki að lifa eðlilegu lífi vegna ótta við að viðkomandi kynferðisbrotamaður leiti á þeirra börn næst. Einnig hefur þessi tilkynningaskylda gert brotamönnum erfiðara fyrir að fá vinnu og einnig að haldast í vinnu og dæmi eru um að þeir hafi verið reknir eftir að þessi skráning hófst, þrátt fyrir að hafa unnið á viðkomandi stað í fjölda ára. Þrátt fyrir að tekið sé fyrir það í lögum, hafa samt komið upp dæmi þar sem bankað er upp á hjá skráðum brotamanni og ráðist er á hann með afli. Því tilheyrir að slíkar heimsóknir hafi ratað á rangar dyr og fyrir barðinu á barsmíðum hafi orðið saklaus íbúi.

Þess má einnig geta að ekki er um slík lög að ræða fyrir dæmda morðingja (Bonnar-Kidd, 2010).

Fyrir utan þær neikvæðu afleiðingar sem slík meðferð dæmdra brotamanna hefur á möguleika þeirra til þess að byggja upp líf sitt og jafnvel bæta sitt ráð eftir að hafa setið í fangelsi þá hafa rannsóknir í Bandaríkjunum sýnt að síðan lögin tóku gildi árið 1996, þá hefur endurtekning brotahegðunar hjá dæmdum kynferðisbrotamönnum ekki minnkað. Ekki er því hægt að líta fram hjá þeim neikvæðu afleiðingum sem slík aðferð hefur, bæði á brotamennina og ekki síst nágranna þeirra (Bonnar-Kidd, 2010).

Þessi fordæming á afbrotum barnaníðinga á sér ekki bara stað úti í frjálsu samfélagi heldur líka innan fangelsisveggja og er það gott dæmi um hversu víðtæk fyrirlitningin er (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Ákveðinn hluti almennings virðist vera á þeirri skoðun að enn eigi að þyngra refsingar og jafnvel að kynferðisbrotamenn eigi að taka úr umferð, það er að þeir eigi ekki að fá að taka þátt í samfélaginu og skuli sitja sem lengst í fangelsi. Í endurteknum rannsóknum Helga Gunnlaugssonar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á viðhorfum til afbrota, hefur í öllum rannsóknum fimm sem gerðar hafa verið komið fram að meirihluti Íslendinga telur refsingar við afbrotum almennt of vægar. Árið 2008 taldi rúmlega þriðjungur þátttakenda refsingar almennt vera of vægar en meira en helmingur þátttakenda taldi refsingar við kynferðisbrotum vera of vægar (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Meðferð kynferðisbrotamanna

Þegar meðferð er skoðuð sem úrræði fyrir kynferðisbrotamenn hafa rannsóknir sýnt að meðferð getur hjálpað til, hugsanlega varðandi lægri ítrekunartíðni brotlegrar hegðunar, minni endurtekningu á fangelsun og varðandi bættu lífsánægju þeirra sem sækja meðferðina (Witt, Greenfield og Hiscox, 2008). Víða um heim er þörfin fyrir samþætta nálgun á lausnum varðandi kynferðisbrotamenn orðin viðurkennd og í mörgum löndum er farið að bjóða upp á meðferðarúrræði fyrir þá sem afplána refsingar eða hafa lokið afplánun refsingar fyrir kynferðisbrot. Ennþá eru þó mörg lönd sem ekki bjóða uppá meðferðir og enn önnur sem gera engar ráðstafanir til þess að reyna að koma í veg fyrir ítrekun kynferðisbrota eftir afplánun refsingar (UNAFEI, 2006).

Í gegnum tíðina hefur þó ekki alltaf verið almennur samhljómur um hvort meðferð kynferðisbrotamanna beri árangur eða ekki. Duwe og Goldman (2009) nefna dæmi um

rannsókn frá 1989 og aðra frá 1993 þar sem farið var yfir fjölda fyrri rannsókna (*meta analysis*) og ekki hafi verið hægt að fullyrða út frá þeim að meðferð hafi haft áhrif. Skýringuna í báðum þessum tilfellum segja Duwe og Goldman (2009) vera aðferðafræðilegan vanda fyrri rannsókna sem geri það að verkum að ekki sé hægt að segja að meðferð beri árangur. Rice og Harris (2003) höfðu sagt það áður en þau segja aðferðafræði skipta gríðarlega miklu máli í þessu samhengi og eins og á almennt við um samanburð á milli rannsókna þá er ekkert hægt að segja til um ágæti meðferðar á meðan ekki sé gætt að því að hafa hópana sem bera á saman samanburðarhæfa. Þau halda því einnig fram að til þess að meðferð geti virkað þurfi að vera til dýpri þekking á kynferðisbrotum um hvers eðlis þau eru hverju sinni. Þau vilja vita hvort meðferðin miði að því að eyða kynferðislegum ranghugmyndum, sé atferlismeðferð sem stuðli að því að kynferðisbrotamenn beri auðveldar kennsl á óæskilega kynferðislega árásargirni hjá sér og geti stoppað sig af, séu lyfjameðferðir til þess að draga úr framleiðslu kynaukandi hormóna eða jafnvel aðferðir sem miði að því að greina eiginleika og hegðun kynferðisbrotamanna sem hægt sé að tengja við óæskilega kynferðislega árásagirni og reyna þannig að þekkja kynferðisbrotamenn betur.

Sálfræðingar sem sinna meðferðum verða að vera meðvitaðir um að nauðsynlegt er að meta árangur úr meðferð á hlutlægan hátt og segja Witt, Greenfield og Hiscox, (2008) að rannsóknir hafi sýnt að slík meðferð dregur í raun úr ítrekunartíðni kynferðisbrota. Duwe og Goldman (2009) segja rannsóknir þeirra á árangri eldri rannsókna, frá árinu 1995 sýni í flestum tilfellum lægri ítrekunarbrotatíðni hjá kynferðisbrotamönnum sem höfðu hlotið meðferð og af þeim meðferðum sem höfðu verið notaðar hafi hugræn atferlismeðferð gefið besta raun. Þeir fóru í gegnum þessar rannsóknir en töldu samt ekki óhætt að alhæfa um ágæti meðferðar út frá þeim. Aðferðarfræði þessarra rannsókna sé ekki þess eðlis að þær séu samanburðarhæfar, það er almennt ekki valið í hópa af handahófi og í minnihluta tilfella var tryggt að samanburðarhóparnir væru sambærilegir við tilraunahópana. Þessi aðferðarfræði gerir það að verkum að líkur eru á því að þeir sem sem ljúki meðferð, séu á einhver hátt ólíkir þeim sem ekki geri það og niðurstöður úr samanburði milli þessara hópa því ekki endilega mælikvarði á áhrif meðferðarinnar (Duwe og Goldman, 2009). Mjög mikilvægt er að hóparnir séu samanburðarhæfir en í nýlegum rannsóknum á sviðinu er í flestum tilfellum lögð áhersla á að hópar sem bera eigi saman séu það og eru til þess notaðar aðferðir eins og að gera áhættumat á þátttakendum og útkoma úr því höfð til hliðsjónar þegar hóparnir sem bera á saman eru

myndaðir. Þar er tekið tillit til afbrotasögu, áhættu á ítrekun kynferðisbrota eftir afplánun og aldur þátttakanda. Einnig er leitast við að hafa eftirfylgnitíma sem lengstan þannig að ef kynferðisbrotamaður brýtur af sér aftur þá sé líklegra að það komi fram í rannsókninni (Olver, Wong og Nicholaichuk, 2009).

Duwe og Goldman (2009) gerðu eigin rannsókn á kynferðisbrotamönnum sem höfðu setið af sér dóm í fangelsum í Minnesota í Bandaríkjunum frá árinu 1990-2003. Þeir leituðust við að tryggja að samanburðarhópurinn úr hópi fanga sem ekki höfðu lokið meðferð væru sambærilegir við þá fanga sem höfðu lokið meðferð og tilheyrðu tilraunahópnum. Þátttakendur voru 2.040 og sýndu niðurstöður að meðferð minnkaði líkur á ítrekuðum kynferðisbrotum um 27% og almennt á ítrekuðum afbrotum um 12%.

Fjöldi rannsókna hafa sýnt það sama, að meðferð dragi úr ítrekunartíðni kynferðisbrota (t.d. Zgoba, Sager og Witt (2003), Nicholaichuk og Gordon, Gu og Wong (2000)). Nicholaichuk, Gordon, Gu og Wong (2000) gerðu rannsókn á kynferðisbrotamönnum í Kanada sem höfðu lokið sérhæfðri meðferð fyrir kynferðisbrotamenn sem þóttu líklegir til þess að brjóta af sér aftur (*e. high risk offenders*). Í tilraunahópnum voru 296 kynferðisbrotamenn sem höfðu lokið meðferð á árunum 1981-1996 og í samanburðarhópinum voru fundnir sambærilegir þátttakendur úr hópi kynferðisbrotamanna sem afplánuðu refsingu í fangelsum Kanada á árunum 1983-1996 en höfðu ekki lokið samskonar meðferð. Þeir gátu þó hafa tekið þátt í einhvers konar meðferð. Niðurstöðurnar sýndu að ítrekunartíðni brota þeirra sem hlutu sérhæfðu meðferðina var lægri en þeirra sem ekki hlutu slíka meðferð, 14,5% þeirra sem hlutu meðferðina braut af sér aftur samanborið við 33,2% þeirra sem ekki hlutu meðferðina.

Þá segja tölur úr rannsókn Zgoba, Sager og Witt (2003) að ítrekunartíðni þeirra kynferðisbrotamanna sem höfðu verið í meðferð á stofnun sem sérhæfði sig í meðferð kynferðisbrotamanna (ADTC stofnunin í New Jersey) að meðferðin þar hafi skilað árangri. Meðferðin samanstóð af nokkuð hefðbundinni lyfja- og sálfræðimeðferð. Sálfræðimeðferðin er sambærileg við meðferðir sem notaðar eru í öðrum betrunarvistunum í Bandaríkjunum. Meðferðin hefst á því að þátttakendur eru undirbúnir með því að kynna meðferðir fyrir þeim og undirbúa þá fyrir þátttöku í sérhæfðri meðferð. Verkefnavinna tengd kynferðisbrotum tekur svo við og þátttakendur leysa slík verkefni og sjá í samhengi við sitt/sín brot. Áhersla er lögð á að þátttakendur taki ábyrgð á brotum sínum og að þeir geti sýnt samúð með þolendum. Einnig er áhersla lögð á forvarnir gegn frekari brotum í framtíðinni og aðferðir sem miða að því að koma í veg

fyrir slíkt eru kenndar. Síðast en ekki síst er þátttakendum hjálpað að undirbúa sig fyrir lífið utan fangelsis þar sem þeir eru látnir taka þátt í verkum innan fangelsisins og látnir taka þar ábyrgð. Rannsóknin var gerð á 460 kynferðisbrotamönnum sem höfðu lokið afplánun á meðferðarstofnuninni frá árunum 1990 – 1995 og 250 kynferðisbrotamönnum sem afplánuðu í öðrum fangelsum. Eftirfylgnirannsóknir sýndu að 8,6% þeirra sem höfðu lokið meðferð frömdu kynferðisbrot aftur samanborið við 12,7% þeirra sem höfðu afplánað refsingu sína annarstaðar.

Marshall, Eccles og Barbaree (1993) eru sammála, þeir segja ekki spurningu um hvort meðferð virki fyrir kynferðisbrotamenn til þess að lækka ítrekunartíðni (ítrekunartíðni brota þeirra sem hafi ekki hlotið meðferð sé u.þ.b. 20%-60% en 15% eða minni ef þeir hafi hlotið meðferð) heldur sé spurningin hvernig meðferð hver skuli fá.

Í Bandaríkjunum er hugræn atferlismeðferð (*e. cognitive behavioral therapy*) mest notaða og mest rannsakaða aðferðin á síðustu árum í meðferðum á kynferðisbrotamönnum (Witt, Greenfield og Hiscox, 2008). Hugræn atferlismeðferð miðar í slíkum tilfellum að því að hafa áhrif á viðhorf, skoðanir og hegðun sem talið er að ýti undir kynferðisbrot gegn börnum. Meðferðin miðar að því að breyta bæði skaðlegum hugsunum og gjörðum brotamanns með einstaklingsmiðuðum aðferðum, til þess að bæta líf þeirra en sérstaklega til þess að reyna að koma í veg fyrir að þeir brjóti af sér aftur (Seto, 2008 og Witt; Greenfield og Hiscox, 2008). Til dæmis er gerendum gert grein fyrir óæskileika hugmynda þeirra um að kynlíf með börnum sé í lagi og einnig er unnið í skorti á samúð með þolendum, hömluleysi og reynt að bæta félagslega hæfileika gerenda til dæmis með því að kenna þeim að setja sig í spor annara. Reiðistjórnun getur einnig verið hluti af ferlinu og meðferðin getur falið í sér að leiðrétta réttlætningar á kynferðislegri hegðun í garð barna sem brotamaður hefur komið sér upp og kenna þeim að þekkja hvað það er sem kveikir löngun þeirra til óæskilegrar hegðunar og koma í veg fyrir að afleiðingarnar verði slíkar. Kynfræðsla getur verið hluti af fræðslunni, ásamt því að tekið er á vímuefnafíkn (Witt, Greenfield og Hiscox, 2008).

Seto (2008) segir þó að varlega skuli farið í að áætla um áhrif meðferðar á kynferðisbrotamenn en telur þó meðferðir geta gagnast til þess að halda aftur af einhverjum kynferðisbrotamönnum, þó hvötum þeirra og löngunum verði líklega ekki varanlega breytt með þeim.

Á Íslandi er aðallega notuð hugræn atferlismeðferð ásamt lyfjameðferðum í meðferðum á kynferðisbrotamönnum sem hafa brotið gegn börnum og er markmiðið að

þjóða öllum þeim föngum sem sitja af sér refsivist fyrir slík brot upp á viðtöl og meðferðir hjá sálfræðingum Fangelismálastofnunar ríkisins. Með fjölgun þessarar fanga, reynist erfiðara að ná að sinna þeim öllum áður en þeir komast aftur út í samfélagið, ásamt því að ávallt eru einhverjir sem neita meðferðum (Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011) Anna Kristín og Þórarinn Viðar, sálfræðingar sem sérhæft sig á þessu sviði á Íslandi, benda á að ef gera eigi betur og draga úr kynferðisbrotum, þurfi að huga að forvörnum.

Á Íslandi er meðferð viðurkennd aðferð til þess að taka á vanda ungra kynferðisbrotamanna og er spurningin þá hvort ekki væri ráð að leggja meiri áherslu á að allir fullorðnir gerendur sem koma til kasta yfirvalda, hljóti viðeigandi meðferð. Slíkt verða stjórnvöld að taka ákvörðun um, en án þess að slaka á refsingu væri hægt að skylda gerendur í meðferð á meðan afplánun refsivistar stendur en rannsóknir sýna að meðferð virkar í einhverjum tilfella (Witt, Greenfield og Hiscox, 2008) og væri því ráðlagt að beita henni alltaf.

Samstarf er komið á, á milli Barnaverndarstofu og þriggja sálfræðinga um þjónustu við unga gerendur í málum sem koma inn á borð stofnunarinnar (Heimasíða Barnaverndarstofu). Ungir gerendur í þessum tilfellum eru börn undir 18 ára sem sýna af sér óæskilega eða skaðlega kynferðislega hegðun og felst þjónustan í að gera áhættumat og veita meðferð með aðferðum á borð við hugræna atferlismeðferð eftir að vandinn hefur verið metinn með viðurkenndum matstækjum. Mikilvægur hluti meðferðarinnar felst að breyta óæskilegri og skaðlegri hegðun og hugsun í heilbrigðari og fer umfang meðferðarvinnunar eftir útkomu úr áhættumati sem framkvæmt er í upphafi. Í Ástralíu hefur áhersla verið lögð á það sama, að gerendum sem brjóti af sér ungir og þá sérstaklega innan fjölskyldu, sé veitt viðeigandi meðferð. Þar hefur einnig verið lagt til að í þessum tilfellum fái öll fjölskyldan meðferð og kynnist með því aðferðum sem styrki fjölskylduna í kjölfar slíkra brota (Grant o.fl., 2009).

Rannsóknarmarkmið

Tilgangurinn með þessari rannsókn er að skoða tíðni og einkenni kynferðisbrota. Með lýsandi tölfræði eru helstu niðurstöðum gerð skil og með einfaldri greiningu á tengslum milli breyta er kannað hvort tengsl séu á milli afbrotahegðunar gerenda og einkenni kynferðisbrota.

Megintilgangurinn er að athuga hvort um ólíka hópa gerenda sé að ræða eftir því hver tengsl þeirra við þolendur eru.

Í fyrsta lagi er búist við því að gerendur sem brjóti á börnum hafi meiri tengsl við þau heldur en gerendur sem brjóti á fullorðnum (sjá t.d. Gísli H. Guðjónsson og Jón F. Sigurðsson (2000); Guay o.fl. (2001), Kilpatrick, Saunders og Smith (2003) og Gebhard o.fl. (1965)). Þá er einnig ætlunin að kanna tíðni sifjaspells og skoða sérstaklega sifjaspellsbrot sem fela í sér blóðtengsl gerenda og þolanda. Í rannsókn Sariola og Uutela (1996) var kannað hvort um ólíka tíðni brota væri að ræða eftir því hvort um blóðtengsl milli gerenda og þolanda væri að ræða eða ekki. Þar var í meirihluta brota innan fjölskyldna ekki um blóðtengsl að ræða heldur stjúp tengsl.

Í öðru lagi er talið að munur sé á aldri þolanda eftir því hver tengsl gerenda og þolanda eru. Rannsóknir hafa sýnt að svo sé. Almennt séð, þá eru þolendur að meðaltali yngri hjá gerendum sem tengjast þeim fjölskylduböndum heldur en hjá þeim sem ekki gera það. Þá sérstaklega þegar börn eru 5 ára eða yngri (Fischer og McDonald, 1998).

Í þriðja lagi er talið að tengsl milli gerenda og þolanda (þegar þolandi er barn) séu ólík eftir því hvort þolandi sé drengur eða stúlka. Samkvæmt Finkelhor (1994a) voru þolendur sem voru stúlkur oftast tengdar gerendum fjölskylduböndum heldur en drengir. Samkvæmt Fischer og McDonald (1998) voru drengir hins vegar líklegri en stúlkur til þess að vera misnotaðir af ókunnugum aðilum, yfirboðurum sínum og kunningjum heldur en stúlkur.

Í fjórða lagi er búist við að endurtekin brotahegðun í garð eins þolanda sé ólík eftir því hver tengsl gerenda og þolanda eru. Tengsl hafa fundist á milli þess að gerandi og þolandi séu tengdir fjölskylduböndum og ítrekunar á brotahegðun í garð þolanda. Þegar um fjölskyldubönd er að ræða, eiga brotin sér yfirleitt stað yfir lengri tíma og eiga sér stað oftast heldur en ef ekki er um slík tengsl að ræða (Erickson, Walbek og Seely, 1988; Fischer og McDonald, 1998). Einnig er skoðað hvort gerendur hafi áður gerst sekir um kynferðisbrot og þá er skoðað hvað einkennir þá sem það hafa gert. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ítrekunartíðni í kynferðisbrotum eftir að gerandi hefur hlotið dóm, er lág (sjá t.d. Eric Baumer, Helgi Gunnlaugsson, Kristrún Kristinsdóttir og Richard Wright, 2001, Hanson og Bussiere (1998), Harris og Hanson (2004)).

Í fimmta lagi er talið að tengsl gerenda og þolanda hafi áhrif á aðferðir sem gerendur noti til þess að nálgast og hafa stjórn á þolendum. Þá er talið að það sé misjafnt eftir því hver tengsl milli gerenda og þolanda eru hvort gerendur lokki þolendur til lags

við sig eða hóti þeim á einhvern hátt. Samkvæmt Fischer og McDonald (1998) þá nota gerendur sem eru ótengdir þolendum oftak lokkun eins og peninga eða sælgæti til þess að lokka þolendur til lags við sig eða sem verðlaun fyrir þagmælsku, á meðan þeir sem brjóta á þolendum innan fjölskyldunnar skipi þolendum að þegja um brot.

Í viðauka I er gerð grein fyrir frekari niðurstöður varðandi sýknudóma og sakfellingar, ásamt því að farið er lauslega yfir refsingar.

Aðferð

Rannsóknargögn

Í þessari rannsókn var valið að skoða alla héraðsdóma í kynferðisbrotamálum á Íslandi á 10 ára tímabili (n=381). Dómarnir féllu frá 1. janúar árið 2001 til og með 31. desember árið 2010.

Héraðsdómarnir eru átta, raðað eftir stærð miðað við fjölda kynferðisbrotadóma á tímabilinu; Héraðsdómur Reykjavíkur, Héraðsdómur Reykjsness, Héraðsdómur Norðurlands eystra, Héraðsdómur Suðurlands, Héraðsdómur Vesturlands, Héraðsdómur Vestfjarða, Héraðsdómur Norðurlands vestra og Héraðsdómur Austurlands.

Í töflu 1 má sjá að langstærstur hluti dómanna fellur í Héraðsdómi Reykjavíkur og að fjórir stærstu héraðsdómarnir eru með mikinn meirihluta allra dóma.

Tafla 1. Fjöldi dóma við hvern héraðsdóm fyrir sig.

Dómstóll	Fjöldi	Hlutfall
Héraðsdómur Reykjavíkur	169	44,4
Héraðsdómur Reykjaness	74	19,4
Héraðsdómur Norðurlands eystra	41	10,8
Héraðsdómur Suðurlands	35	9,2
Héraðsdómur Vesturlands	20	5,2
Héraðsdómur Vestfjarða	19	5,0
Héraðsdómur Norðurlands vestra	14	3,7
Héraðsdómur Austurlands	9	2,4
Samtals	381	100,0

Framkvæmd

Dómar frá 1. mars 2006 eru aðgengilegir á netinu, nánar tiltekið á síðunni www.domstolar.is. Farið var yfir þá dóma á vefsíðum dómstólanna en eldri dómar voru fengnir frá hverjum héraðsdómi fyrir sig. Ýmist fengust þeir sendir með pósti (frá Héraðsdómi Vesturlands og Héraðsdómi Austurlands), í tölvupósti (frá Héraðsdómi Suðurlands, Héraðsdómi Norðurlands vestra, Héraðsdómi Norðurlands eystra og Héraðsdómi Vestfjarða), með því að farið var á staðinn og þeir sóttir úr dómagrunni þess héraðsdóms (Héraðsdómi Reykjaness) eða að unnið var úr þeim á staðnum (Héraðsdómi

Reykjavíkur). Leitað var að öllum dómum sem falla undir 194. gr. hgl. – 210. gr. hgl. (Lög nr. 19, frá 12. febrúar 1940).

Í Héraðsdómum Reykjaness og Reykjavíkur var skrifað undir trúnaðaryfirlýsingu þess efnis að rannsakandi héti því að gæta í hvívetna þagmælsku um atriði sem fengist vitneskja um við könnun á kynferðisbrotamálum sem gengið höfðu við dómstólinn. Þess var gætt og það haft í huga við úrvinnslu allra gagna, þó gögn frá hinum héraðsdómunum væru í raun birtingarhæf vegna þess að nöfn og kennitölur höfðu verið tekin út þar sem við átti.

Áður en farið var að vinna úr dómunum var útbúinn gátlisti yfir þær breytur sem átti að nota og upplýsingarnar svo skráðar í tölfræðiforritið SPSS (útgáfur 19,0 og 20,0). Gagnagrunnurinn innihélt í heildina 60 breytur og þær má sjá í töflu 2. Einnig má sjá í töflu 2 hvaða aðferðir voru notaðar við skráningu þeirra.

Breyta 5, „tegund brots“, er eigin skilgreining höfundar á tegund brots eftir því hvað við á í hvert skipti. Hún er skráð á þennan hátt í þeim tilgangi að einfalda skiptingu á milli þeirra sem brjóta gegn börnum og fullorðnum. Kynferðislegur lágmarksaldur á Íslandi í dag er 15 ára sem þýðir að hver sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára skal sæta fangelsi (Lög nr. 19, frá 12. febrúar 1940). Í sömu lögum, má sjá að 200. gr. almennu hegningarlögunum leggur bann við samræði eða kynferðismökum við barn sitt eða annan niðja, sama á hvaða aldri þau eru. En ekki er nóg að nota lagagreinar kynferðisbrotakafans þegar greina á milli brota gegn börnum og fullorðnum því sumar þeirra ná yfir hvoru tveggja (t.d. 200. gr. almennra hegningarlögunum um sífjaspell). Í þessari rannsókn er það talið kynferðisbrot gegn barni ef brotið er gegn 200. gr. almennu hegningarlögunum þó að þolandinn sé á aldursbilinu 14-18 ára. Þessi viðmið voru notuð vegna þess að þolandinn er barn geranda og börn verða samkvæmt 1. gr. lögræðislaganna sjálfráða og fjárráða 18 ára (Lög nr. 71, 28. maí 1997). Ekki er heldur nóg að nota eingöngu kynferðislegan lágmarksaldur þolanda til þess að greina á milli barna og fullorðna því kynferðislegur lágmarksaldur er ekki sá sami allt tímabilið. Fram til ársins 2007 hafði kynferðislegur lágmarksaldur verið 14 ára en var þá breytt í 15 ára. (sjá Lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum).

Tafla 2. Breytur í dómasafnsgrunni.

Nr.	Heiti	Eiginleikar	Dæmi	Flokkar
1	ID	Númer dóms eins og það kemur fyrir í skrá Héraðsdómanna.	T.d.: S0788/07	-
2	Dagsetning	Dagsetning sem dæmt er í máli.	T.d.: 17.01.08	-
3	Dómstóll	Í hvaða héraðsdómi er dæmt í viðkomandi máli,	T.d.: Héraðsdómur Reykjavíkur.	-
4	Dómari	Nöfn þeirra dómara sem dæma í viðkomandi máli. Upptalning:	Upptalning:	T.d.: Ragnheiður B., Ástríður G., Ingimundur E.
5	Brot	Tegund brots, eigin skilgreining.	Valmöguleikar:	1 = Kynferðisbrot gegn barni, 2 = Varsla/dreifing barnakláms/kláms, 3 = Kynferðisbrot gegn fullorðnum, 4 = Fleiri en ein tegund kynferðisbrots 5 = Vændi.
6	Samsett brot	Samsetning á brotum úr lið 5.	Upptalning:	T.d.: 1,2 = kynferðisbrot gegn barni og varsla/dreifing barnakláms/kláms.
7	Brot fl.	Auka dálkur ef vantar, t.d. ef tekið er sérstaklega fram um brot gegn barnaverndarlögum.		-
8	Lagagrein, skv. hegningarlögum	Fyrir hvaða grein hegningarlaganna er sakborningur dæmdur fyrir. Ef sýknað, hvaða brot var sakborningur ákærður fyrir.	T.d.: 194. gr. hgl. eða 201. gr.hgl.	-
9	Fjöldi þolenda	Hversu mörgum þolendum braut gerandi á skv. viðkomandi dómi.	T.d.: 1 eða 7.	-
10	Aldur1	Aldur sakbornings þegar brot á sér (fyrst) stað. Ef brot á sér stað yfir langan tíma, þá er miðað við aldur geranda þegar brotið átti sér fyrst stað.	T.d.: 23 ára.	-
11	Aldur 2	Meðalaldur þolenda þegar brot á sér (fyrst) stað. Ef þolandi er einn, þá aldur hans, ef þolendur eru fleiri þá er miðað við meðalaldur. Ef brot á sér stað yfir langan tíma, þá er miðað við meðalaldur þolenda þegar brotið átti sér fyrst stað.	T.d.: 5 ára + 6 ára +7 ára /3 = 6 ára.	-
12	Aldur 3	Ef þolendur voru fleiri en einn, þá er aldur allra þegar brot á sér (fyrst) stað, tiltekinn.	Upptalning:	T.d.: 5 ára, 6 ára og 7 ára.
13	Endurtekning	Eru brot gegn hverjum þolanda stök eða endurtekin?	Valmöguleikar:	1 = stök, 2 = hluti stök, önnur endurtekin, 3 = endurtekin og 99 = á ekki við.
14	Staður	Hvar á bortið sér stað?	Valmöguleikar:	1 = Heimili/yferráðasvæði þolanda, 2 = heimili/yferráðasvæði geranda, 3 = Heimili/yferráðasvæði vinnafólks þolanda, 4 = heimili/yferráðasvæði skyldmenna þolanda, 5 = Skóli/tómstundir, 6 = Stofnun, 7 = Í almenningsrými/úti, 8 = Í ókunnugu heimahúsi, 9 = annað, 100 = Fleiri en einn staður,

				99 = Á ekki við, 999 = Kemur ekki fram.
15	Staður2	Ef staðir í lið 14 voru fleiri en einn, hverjir?	Upptalning:	T.d.: 1,2.
16	Tími	Á hvaða tíma átti brot sér stað?	Valmöguleikar:	1 = Að nóttu til, 2 = Að kvöldi til, 3 = Að degi til, 4 = Að morgni dags, 5 = Á mismunandi tímum, 99 = Á ekki við og 999 = Kemur ekki fram.
17	Tími2	Ef brot átti sér stað á mismunandi tímum í lið 16, hvaða tímar voru það?	Upptalning:	T.d.: 1,2.
18	Lokkun	Lokkaði gerandi fórnarlambið til móts við sig/ t.d. borgaði fyrir?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = kemur ekki fram, 4 = stundum og 5 = á ekki við.
19	Hótanir	Hótaði gerandi fórnarlambinu?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = kemur ekki fram, 4 = stundum og 5 = á ekki við.
20	HótarÞátt	Hótaði gerandi þolanda til þess að fá hann til þess að taka þátt í athöfnum sínum?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei og 3 = kemur ekki fram.
21	HótarÞag	Hótaði gerandi þolanda til þess að þegja um brot sitt gegn honum?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = kemur ekki fram.
22	Vímuefni	Var gerandi undir áhrifum vímuefna þegar brot átti sér stað?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = ekki tekið fram og 4 = stundum/stundum ekki
23	Vímuefni	Var þolandi undir áhrifum vímuefna þegar brot átti sér stað?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = ekki tekið fram og 4 = stundum/stundum ekki
24	Undirbúningur	Kemur skýrt fram í dómslýsingu að gerandi hafi undirbúið brotið (brotið af ásetningi).	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = kemur ekki fram, 4 = stundum og 99 = á ekki við.
25	Tengsl	Hver eru tengsl geranda og þolenda?	Valmöguleikar:	0 = engin, 1 = barnabarn, 2 = náin vinatengsl/fjölskylduvinur, 3 = samvinnu-/ábyrgðartengsl (kennari, yfirmaður, óskild barnapía, foreldr vina osfv.) 4 = kunningi, 5 = stjúforeldri, 6 = systkini, 7 = önnur fjölskyldubönd, 8 = foreldri/barn, 9 = ekki tekið fram, 10 = par/sambýlisfólk/hjón, 11 = mismunandi tengsl, 12 = fyrrverandi par, 13 = eingöngu í gegnum spjallrásir á interneti og 99 = á ekki við.
26	Tengsl 2	Ef um fleiri en eina gerð tengsla var að ræða í lið 25, hver voru þau tengsl?	Upptalning:	T.d.: 1,4,6.
27	Blóðtengsl	Eru gerandi og þolandi tengdir blóðtengslum?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = bæði og, 99 = á ekki við og 999 = ekki tekið fram.
28	Klámefni	Magn þess efnis sem finnst hjá sakborningi. Ljósmyndir og myndbönd telja hvort tveggja jafn mikið.	T.d 100 myndir/myndbönd.	-
29	Játning	Játar brotamaður eða mótmælir fyrir dómi?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = hluta brota og 4 = kemur ekki fram.
30	Játning	Játar brotamaður eða mótmælir við ákæru?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = hluta brota og 4 = kemur ekki fram.
31	Misræmi	Skýring brotamans á misræmi ef hann t.d. játar lið 29 en ekki lið 30.	Upptalning:	T.d.: vegna áfengisneyslu.
32	Fyrri brot	Hefur brotamaður verið dæmdur áður fyrir kynferðisbrot?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = ekki tilgreint, 4 = önnur tegund brota (þó ekki væg

				umferðarlagabrot eins og hraðakstur).
33	Frestun	Er ákveðið að fresta fullnustu refsingar?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = á ekki við.
34	Skilorðsbundið	Hversu margir mánuðir af refsingu eru skilorðsbundnir?	-	Annar valmöguleiki: 999 = sektargreiðsla.
35	Kostnaður	Greiðir sakborningur sakarkostnaðinn?	Valmöguleikar:	1 = já og 2 = nei
36	Fangelsi	Þarf brotamaður að sitja inni?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei.
37	Fangelsisdómur	Lengd dóms sem þar að sitja af sér.	-	-
38	Tæki	Voru tæki gerð upptæk?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 = kemur ekki fram og 99 = á ekki við.
39	Meðferðarskilyrði	Eru sakborningi sett meðferðarskilyrði?	Valmöguleikar:	1 = já og 2 = nei.
40	Meðferðarskilyrði2	Ef svar við lið 39 var já, þá hvaða meðferðarskilyrði?	Upptalning:	-
41	Miskabætur	Upphæð miskabóta til þolenda/sektar í málum án brotþola.	-	-
42	Meðferð	Hefur brotamaður leitað meðferðar eftir brot?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei/kemur ekki fram.
43	Meðferðaraðili	Ef já við lið 42, hjá hverjum hefur brotamaður leitað meðferðar?	Valmöguleikar:	1 = sálfræðingi, 2 = geðlækni, 3 = félagsráðgjafa, 4 = öðrum, 5 = áfengis/vímuefnameðferð, 6 = fleiri en einum, 99 = á ekki við 999 = kemur ekki fram.
44	Meðferðaraðilar	Ef fleiri en einn meðferðaraðili í lið 43, þá hverjir?	Upptalning:	T.d. 1,2 (sálfræðingi og geðlækni).
45	Kyn1	Kyn sakbornings.	Valmöguleikar:	1 = kk og 2 = kvk.
46	Kyn2	Kyn fórnarlamb.	Valmöguleikar:	1 = kk, 2 = kvk, 3 = bæði kk og kvk og 99 = á ekki við.
47	Erlendir gerendur	Er tekið sérstaklega fram að gerandi sé erlendur?	Valmöguleikar:	1 = erlendur og 2 = íslenskur/ekki tekið fram.
48	Þjóðerni	Hvert er þjóðerni geranda (ef tekið fram)?	-	-
49	Þjóðerni2	Hvert er þjóðerni þolanda (ef tekið fram)?	Valmöguleiki:	99 = á ekki við.
50	Sérfræðingsvitni	Er sérfræðingsvitni notað við ákvörðun refsingar?	Valmöguleikar:	1 = já og 2 = nei.
51	Sérsvið	Hvert er sérsvið sérfræðivitisins?	Valmöguleikar:	1 = sálfræðingur, 2 = geðlæknir, 3 = félagsráðgjafi, 4 = annað, 5 = læknir, 6 = fleiri en einn, 99 = á ekki við.
52	Sérfræðingar	Ef sérfræðingar voru fleiri en einn, hver voru sérfræðisvið þeirra.	Upptalning:	T.d.: 1,2 (sálfræðingur og geðlæknir).
53	Áhrif	Eru tekin fram áhrif sérfræðivitisins?	Valmöguleikar:	1 = mildun refsingar, 2 = þynging refsingar, 3 = staðfesting á framsögu þolanda, 4 = staðfesting á framsögu geranda, 3,6 = staðfesta sögu þolanda og geranda, 5 = ekki tilgreint, 6 = geðrannsókn á sakborningi, 7 = fleiri en ein og 8 = annað.
54	Líðan	Er nánar talað um líðan brotamanns eftir verknað?	Valmöguleikar:	1 = já og 2 = nei.
55	Líðan2	Ef já við lið 54, þá hver var líðan brotamanns eftir brot?	Upptalning:	T.d.: eftirsjá.
56	Orsök	Hver var orsök að upp komst um brot?	Upptalning:	T.d: þolandi sagði kennara frá.
57	Afleiðingar fórnarlamb	Hverjar voru afleiðingarnar af kynferðisbrotnu fyrir fórnarlambið?	Upptalning:	T.d.: áfallastreituröskun.

58	Annað	Stutt lýsing á sérstæðum atburðum í dómi. Allt sem er vert að taka fram umfram það sem komið hefur fram í öðrum breytum.	Upptalning:	T.d.: Ekki nauðugar samfarir en átti að vita um aldur eða gerandi er prestur.
59	Annað ofbeldi	Notaði gerandi líkamlegt ofbeldi við verknað?	Valmöguleikar:	1 = já, 2 = nei, 3 =Stundum, 4 = kemur ekki fram, 5 = orð á móti orði (sýknað af því) og 99 = á ekki við.
60	Sýkna	Var sakborningur sýknaður að öllu leyti?	Valmöguleikar:	1 = já og 2 = nei.

Dómaskjölin eins og þau koma fyrir hjá héraðsdómunum eru misjöfn og ekki er notast við staðlað form nema að litlu leyti. Í hverjum dómi koma fram í upphafi helstu upplýsingar um hvaða mál sé tekið fyrir og stað og stund þar sem dómsmeðferð fer fram. Svo kemur dómsúrskurðurinn í lok skjalanna. Misítarlegar upplýsingar eru um brotin, aðferðir, tengsl geranda við þolendur, aldur þeirra sem koma fram og svo framvegis, en af þessum ástæðum er talsvert af brottfallsgildum (*e. missing values*) en það mun vera tekið fram í niðurstöðum þegar við á.

Tölfræðiúrvinnsla


Að mestu leyti er notast við lýsandi tölfræði til þess að gera grein fyrir niðurstöðunum en auk þess voru tengsl milli breyta skoðuð og þar sem við átti voru notuð kí-kvaðratpróf til þess að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli hópa. Miðað var við marktæktarkröfuna $p=0,05$, það er 95% vissu. Það þýðir að ef $p \leq 0,05$ þá er hægt að hafna núlltilgátu kí-kvaðratprófs sem gerir ráð fyrir að engin tengsl séu í töflunni sem um ræðir. Þá má álykta að tengsl séu á milli breytanna í töflunni og að aðeins 5% líkur eða minni séu á því að fá slík tengsl ef núlltilgátan væri rétt. Aðeins er notast við Kí-kvaðratpróf þar sem forsendur Kí-kvaðratprófs standast. Forsendurnar eru að mælingarnar séu óháðar, mælingarnar byggist á tíðni, að væntigildi séu nógu há. Hér er miðað er við að væntitíðni sé jafnt og eða hærri en 1 í öllum hólfum töflunnar sem um ræðir og að meðaltal væntitíðni allra hólfa sé 5 eða hærra (Moore og McCabe, 2007). T-próf var notað til þess að skoða hvort munur á milli meðaltals ólíkra hópa væri marktækur, þá var miðast við marktæktarkröfuna $p=0,05$ eins og í kí-kvaðratprófinu. Forsendur t-prófs eru að það sé normaldreifing í þýði, að helst engir frávillingar séu í gögnum og tilviljunarval í úrtaki/tilviljunar skipting í hópa (Moore og McCabe, 2007).

Niðurstöður

Lýsandi tölfræði

Fjöldi dóma


Kynferðisbrotadómarnir í þessari rannsókn voru 381 talsins og á mynd 1 má sjá tíðniþróun á milli ára.



Mynd 1. Fjöldi dóma á ári.

Fjöldi kynferðisbrotadóma á ári er talsvert mismunandi eftir héraðsdómum, sjá mynd 2. Þegar mynd 2 er borin saman við mynd 1 má sjá að vegna stærðar og þess vegna mikilla áhrifa Héraðsdóms Reykjavíkur er þróun heildarfjölda dóma (sjá mynd 1) þó í nokkru samræmi við þróun fjölda dóma þar (sjá mynd 2). Í Héraðsdómi Reykjavíkur er aukningin árið 2006 þó heldur meiri heldur en heildaraukningin það árið.

Aukningin á dómum í Reykjavík árið 2006 er talsverð en þar áður hafði verið fækkun frá árinu 2002, það er ekki í samræmi við fjölda dóma í næststærstu dómunum, Héraðsdómi Reykjaness og Héraðsdómi Norðurlands eystra, en í hvorugum þeirra var mikil aukning árið 2006.



Mynd 2. Fjöldi dóma á ári, skipt upp eftir héraðsdómum.

Brotaflokkar

Tafla 3 sýnir fjölda dóma eftir því hvort gerandi er ákærður fyrir brot gegn barni, fullorðnum, vörslu/dreifingu klámefnis, vændi eða fleiri en einn af þessum brotaflokkum. Í töflunni má sjá að um flestir dómur varða brot gegn börnum og þar á eftir koma brot gegn fullorðnum. Þessir tveir brotaflokkar eru lang stærstir og saman ná þeir yfir um 84% allra kynferðisbrota sem dæmt er fyrir. Brot sem varða vörslu/dreifingu kláms koma þar á eftir. Fáir dómur varða brot gegn fleiri en einni tegund brota og aðeins örfáir varða vændi.

Tafla 3. Fjöldi dóma eftir brotaflokki.

Brotaflokkur	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni	186	48,8%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum	133	34,9%
Varsla/dreifing barnakláms/kláms	43	11,3%
Fleiri en ein tegund brots	14	3,7%
Vændi	5	1,3%
Heild	381	100,0%

Í töflu 4 má sjá að algengast er að dómur sem fela í sér fleiri en eina tegund brota varða oftast brot gegn börnum og vörslu og/eða dreifingu kláms.

Tafla 4. Brotaflokkar – Fleiri en ein tegund brots í sama dómi. Kynferðisbrot gegn barni, kynferðisbrot gegn fullorðnum og varsla kláms.

Tegundir brota	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni og varsla kláms	8	57%
Kynferðisbrot gegn barni og fullorðnum	5	36%
Allt þrennt ofantalið	1	7%
Heild	14	100%

Fjöldi dóma út frá lagagreinum

Þegar dómarnir voru skoðaðir út frá lagagreinum, var þeim skipt upp eftir því hvort gerandi var sakfelldur eða sýknaður og dómarnir skráðir út frá lagagreininni sem sakfellingin á við en ekki þeim sem þeir eru sýknaðir af. Í töflu 5 má sjá dóma sem enda með sakfellingu og þar eru langflestir dæmdir fyrir brot gegn börnum yngri en 15 ára eða 202. gr. hgl.. Ef nauðgunarbrottin eru tekin saman, það er brot gegn 194. og 196. gr. þá eru þau næst tíðustu sakfellingarnar eða samtals 74. Blygðunarsemisbrot eða brot gegn 209. gr. hgl. koma þar á eftir. Mun færri brot varða nákæmari tegundir brota eins og brot gegn börnum þar sem um ábyrgðartengsl er að ræða og brot framin af opinberum starfsmönnum o.s.fv. en það er eðlilegt þar sem slíkar lagagreinar eiga aðeins við hluta þeirra dóma sem falla fyrir brot gegn 202. gr. hgl. eða 194. og 196. gr.

Tafla 5. Fjöldi dóma sem enda með sakfellingu, skipt eftir lagagreinum.

Lagagreinar hgl.	Efni lagagreinar	Fjöldi	Hlutfall
202. gr.	Kynferðisbrot gegn barni yngri en 15 ára	120	33,3%
209. gr.	Særð blygðunarsemi eða opinber hneykslan	57	15,8%
210. gr.	Varsla/dreifing klámefnis	50	13,9%
194. gr.	Nauðgun	49	13,6%
196. gr.	Nauðgun (til ársins 2007)	25	6,9%
201. gr.	Kynferðisbrot gegn barni m. ábyrgðartengsl	21	5,8%
200. gr.	Kynferðisbrot gegn eigin barni eða öðrum niðjum	18	5,0%
199. gr.	Kynferðisleg áreitni	8	2,2%
206. gr.	Vændi	3	0,8%
195. gr.	Þynging á refsingu fyrir brot á 194. gr.	3	0,8%
197. gr.	Kynferðisbrot af starfsm. opinberrar stofnunar	3	0,8%
204. gr.	Gáleysi um aldur í broti skv. 201 eða 202, gr.	2	0,6%
198. gr.	Kynferðisbrot í krafti stöðu/valds yfir þol.	1	0,3%
Samtals		360	100,0%

Þegar dómur sem enda með sýknu eru skoðaðir út frá lagagreinum, má sjá í töflu 6, að oftast er sýknað þegar ákært er fyrir nauðgun eða brot gegn 194. gr. hgl. og ef brot gegn 196. gr. eru tekin með þeim þá mynda þau langstærsta flokkinn eða 39% allra sýknudóma. Þar á eftir koma ákærur sem varða brot gegn börnum yngri en 15 ára eða 202. gr. hgl.. Sýknudómar gegn öðrum brotaflokkum eru mun sjaldgæfari.

Tafla 6. Fjöldi dóma sem enda með sýknu, skipt eftir lagagreinum.

Lagagreinar hgl.	Efni lagagreinar	Fjöldi	Hlutfall
194. gr.	Nauðgun	29	28,4%
202. gr.	Kynferðisbrot gegn barni yngri en 15 ára	27	26,5%
196. gr.	Nauðgun (til ársins 2007)	11	10,8%
209. gr.	Særð blygðunarsemi eða opinber hneykslan	11	10,8%
200. gr.	Kynferðisbrot gegn eigin barni eða öðrum niðjum	8	7,8%
201. gr.	Kynferðisbrot gegn barni m. ábyrgðartengsl	5	4,9%
199. gr.	Kynferðisleg áreitni	3	2,9%
195. gr.	Þynging á refsingu fyrir brot á 194. gr.	3	2,9%
210. gr.	Varsla/dreifing klámefnis	2	2,0%
206. gr.	Vændi	2	2,0%
198. gr.	Kynferðisbrot í krafti stöðu/valds yfir þol.	1	1,0%
Samtals		102	100,0%

Þolendur:

Fjöldi þolenda

Í 333 dómum þar sem brot beinast að þolendum (ekki brot án þolanda), eru þolendurnir í heildina 459. Þessi brot eru skoðuð nánar eftir því hvort þau eru gegn fullorðnum eða börnum og má sjá skiptinguna í töflu 7. Brot án þolanda getur átt við 210. grein almennu hegningarlaganna, sem varða klám og einnig 209. gr. almennu hegningarlaganna þar sem kært er fyrir blygðunarsemisbrot eða opinbert hneyksli með lostugu athæfi. Undir þessa rannsókn féll einn dómur sem hafði engan beinan þolanda (Þetta var dómur númer S-0857/03, í Héraðsdómi Reykjavíkur og var ákærði dæmdur fyrir að stunda sjálfsfróun í bíl sínum fyrir utan verslanir. Hann játaði brotið og var dæmdur til að greiða 100.000 krónur í sekt). Sjá má fjölda dóma eftir fjölda þolanda og brotaflokki í töflu 8.

Tafla 7. Fjöldi þolenda eftir brotaflokki.

Tegund brots	Fjöldi dóma	Fjöldi þol.	Meðalfjöldi
Kynferðisbrot gegn barni	195	296	1,52
Kynferðisbrot gegn fullorðnum	133	150	1,13
Brot gegn börnum og fullorðnum	5	13	2,75
Samtals	333	459	1,8

Þegar um brot gegn börnum og fullorðnum er að ræða er alltaf um börn á líkum aldri að ræða eða börn sem eru í kringum kynferðislegan lágmarksaldur, nema í einu tilfalli (S-1390/01), í því tilfalli eru þolendurnir á aldrinum 9 og 17 ára. Sá gerandi hafði verið dæmdur áður fyrir kynferðisbrot. Í öðru tilfallinu var hann kunningi þolanda en í hinu var hann náinn fjölskylduvinur, hann játar ekki brot sitt. Annars eru þolendur á bilinu 12-17 ára.

Í þeim brotum sem eru gegn bæði börnum og fullorðnum eru tengsl gerenda og þolenda misjöfn. Í tveimur tilfellum eru engin tengsl á milil þeirra, í einu er um vina og kunningjatengsl, í einu er eingöngu um tengsl í gegnum spjallrásir á netinu að ræða og í einu voru stjúpfóreltri og samvinnu/ábyrgðartengsl. Þetta sýnir að almennt séð þá er aðeins ein af þessum tengslum innan fjölskyldu og það er stjúpfóreltri.

Einn gerendanna hafði áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot, þrír gerendanna játa brot sín og í einu tilfalli eru brotin gegn drengjum.

Af þessum 333 dómum þar sem um kynferðisbrot gegn börnum eða fullorðnum er að ræða, er í 62 tilfellum eða 19%, um fleiri en einn þolanda að ræða. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Fjöldi dóma eftir tegund brots út frá fjölda þolenda

Fjöldi þolenda	Kynferðisbrot gegn barni		Kynferðisbrot gegn fullorðnum	
	Fjöldi dóma	Hlutfall	Fjöldi dóma	Hlutfall
0	0	0,0%	1	0,8%
1	142	72,8%	123	92,5%
2	30	15,4%	6	4,5%
3	14	7,2%	0	0,0%
4	2	1,0%	2	1,5%
5	2	1,0%	0	0,0%
6	2	1,0%	0	0,0%
7	2	1,0%	1	0,8%
8	1	0,5%	0	0,0%
Samtals	195	100%	133	100%

Notað var kíкваðratpróf til þess að kanna hvort munur á fjölda þolenda eftir brotaflokki væri marktækur. Þá var fjöldi þolenda flokkaður í tvo flokka; einn þolandi og fleiri en einn þolendur. Þeir dómur þar sem brotið hafði verið bæði gegn fullorðnum og börnum voru aðeins fimm og voru teknir út. Tafla 9 sýnir þessar niðurstöður. Það reyndist vera munur á fjölda þolenda eftir því hvort gerendur brutu gegn barni eða fullorðnum. Þeir sem brutu gegn barni höfðu brotið gegn fleiri þolendum heldur en þeir sem höfðu brotið gegn fullorðnum.

Tafla 9. Fjöldi dóma eftir tegund brota og því hvort um er að ræða einn þolanda eða fleiri.

	Brot gegn börnum	Brot gegn fullorðnum	Kí-кваðrat
Einn þolandi	142	123	$\chi^2(1, N=327) 19,7, p=0,000$.
Fleiri en einn þolandi	53	9	

Aldur þolenda

Aldur þolenda var skoðaður út frá því hvort brotið er gegn barni eða fullorðnum.

Yngsta barnið sem brotið er gegn er 2 ára gamalt og það elsta er 17 ára (brot gegn 200. gr. almennu hgl.).

Yngsti fullorðni þolandinn er 14 ára (fyrir breytingu kynferðisbrotakafans árið 2007) og sá elsti er 47 ára.

Fjöldi og aldur þolenda

Aldurinn var flokkaður niður eftir þroska barna almennt. Ung börn eru börn sem eru ekki komin á kynþroskaaldur eða rétt að komast á þann aldur og eldri börn eru börn sem eru komin á kynþroskaaldur eða eru nálægt því. Líkur aldur miðast við að ekki megi búast við miklum þroskamuni á börnunum á aldursbilinu sem um ræðir en ólíkur aldur gefur til kynna að þroskamunur geti verið á börnunum á aldursbilinu. Í töflu 10 má sjá að ef gerandi braut gegn mörgum þolendum voru þeir oftast á líkum aldri. Þó voru 7 tilfelli þar sem þolendur voru á ólíkum aldri, sumir á kynþroskaaldri en aðrir ekki. Þá má sjá á meðal þeirra brota, að einn gerandi brýtur gegn 4 ára barni og einnig gegn 15 ára barni og annar gerandi brýtur gegn 5 ára barni og 13 ára barni.

Tafla 10. Aldur þolenda þegar þolendur voru fleiri en einn.

Ólíkur aldur	Aldur þolenda ef margir	
	Líkur aldur - ungir	Líkur aldur - eldri
4,6,15,15,15	2,3,5	10,12
4,7,11	3,3	10,12
5,13	3,4	11,11,12
7,13	3,5	11,13,13
7,14	6,10	11,13,11
8,6,4,6,7,10,10	6,7	13, 14, 14
13,13,8	6,8	12,13,13,14,14
	6,8,8,8,11,11,11	12,14,16
	7,8	12,11
	8,6	11,12
	8,9	10,11,12
	6,10	13,13
	9,11	13,13
	9,9	14,14
	5,10,8	14,15,15,16
		14,14
		15,15
		16,16
		16,18
(n=7)	(n=15)	(n=19)

Kyn þolenda

Í 313 tilfellum (94%), eru þolendur kvenkyns. Í 17 tilfellum (5,1%) eru þolendur karlkyns og í tveimur tilfellum er um bæði karlkyns og kvenkyns þolendur að ræða í sama dómnum.

Í töflu 11 má sjá kyn þolenda eftir því hvort brotið er gegn barni eða fullorðnum og þar má sjá að ekki er mikill munur þar á. Kvenkyns þolendur eru langalgengastir hvort sem um brot gegn fullorðnum eða börnum er að ræða.

Tafla 11. Kyn þolanda eftir tegundum brota.

Tegund brots	Kyn þolenda	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni	KK	14	7,2%
	KVK	179	92,3%
	Bæði kk og kvk	2	1,0%
	Samtals	195	100,5%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum	KK	2	1,5%
	KVK	130	97,7%
	Á ekki við	1	0,8%
	Samtals	133	100,0%
Brot gegn börnum og fullorðnum	KK	1	20,0%
	KVK	4	80,0%
	Samtals	5	100,0%

Athugað var hvort munur væri á fjölda þolenda eftir kyni þeirra þegar þolandinn var barn. Ekki uppfyllti taflan forsendur til þess að gera kí-kvaðratpróf þegar hóparnir voru eins og þeir koma fyrir í töflu 11, þar voru hópar (hópurinn „bæði kvk og kk“ og hópurinn „á ekki við“) sem innihéldu of fáa þátttakendur þannig að ákveðið var að sameina hópa. Þá voru þeir sem höfðu brotið á drengjum flokkaðir sem einn hópur (þrátt fyrir að þeir hefðu einnig brotið á stúlku) og þeir sem aðeins brutu á stúlkum voru einn hópur. Fjöldi þolenda var flokkaður niður í breytur *einn þolandi* og *fleiri en einn þolandi*. Ekki var munur á fjölda þolenda eftir kyni þeirra. Kí-kvaðrat: $\chi^2(1, N=195) 2,418, p=0,106$). Þetta þýðir að kyn þolenda er ekki tengt því hvort þolendur séu margir eða einn.

Einungis tvö brot gegn fullorðnum þolendum voru gegn karlkyns þolendum og uppfyllti taflan ekki forsendur kí-kvaðrats prófs.

Gerendur:

Kyn gerenda

Kyn gerenda var skoðað og reyndist aðeins einn geranda vera kona. Sú kona braut gegn fullorðnum þolanda sem einnig var kona. Í þessu tiltekna broti (dómur S-0902/2007) voru gerandi og þolandi vinkonur fyrir brot en brotið fólst í því að þolandi og gerandi höfðu verið að skemmta sér saman og höfðu báðar verið að drekka áfengi ásamt fleiri vinkonum. Þolandi sofnaði en vaknaði við það hinar vinkonur hennar voru að spyrja hana hvort hún hefði viljandi tekið þátt í munnmökunum sem þær komu að geranda vera að eiga við þolanda. Þolandi hafði ekki gert það en minntist þeirra heldur ekki, þolandi upplifði í kjölfarið niðurlægingu og hræðslu í garð geranda sem hún hafði þekkt frá barnsaldri ásamt því að hún var almennt meira á varðbergi gagnvart öllu fólki. Gerandi neitaði að hafa gert nokkuð á hlut þolanda.

Aldur gerenda

Aldur gerenda er ekki kemur ekki fram í öllum dómum. Af heildinni kemur aldur fram í 61% dóma og þar sem hann er tekin fram þá er meðalaldurinn = 32 ár. Athugað varð hvort munur væri á aldri þeirra sem höfðu brotið gegn fullorðnum þolanda (meðalaldur = 32) og þeim sem höfðu brotið gegn barni (meðalaldur = 33) en sá munur var ekki marktækur ($t = 0,527$, $fg=201$, $p > 0,05$).

Gerendum sem annað hvort brjóta gegn börnum eða fullorðnum, var skipt niður eftir aldursbilum og má sjá þá dreifingu í töflu 12. Í töflunni má sjá að flestir gerendur eru á aldursbilinu 25-34 ára, bæði þegar þolendur eru börn og þegar þolendur eru fullorðnir. Þrátt fyrir að meðalaldur gerenda sé mjög svipaður eftir því hvort brotið var gegn barni eða fullorðnum, er aldursdreifing gerenda mjög ólík eftir þolendum. Mun fleiri gerendur sem brjóta gegn börnum eru yngri en 18 ára og einnig eru talsvert fleiri í þeim hópi 45 ára eða eldri. Þeir sem brjóta gegn fullorðnum eru flestir á aldrinum 18-34 ára.

Tafla 12. Aldri gerenda skipt í aldursbil og eftir brotaflokki

Aldursbil	Kynferðisbrot gegn börnum		Kynferðisbrot gegn fullorðnum	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Yngri en 18 ára	26	13,3%	2	1,5%
18-24 ára	21	10,8%	21	15,8%
25-34 ára	29	14,9%	34	25,6%
35-44 ára	16	8,2%	15	11,3%
45-54 ára	14	7,2%	6	4,5%
55 ára og eldri	15	7,7%	5	3,8%
Vantar	74	37,9%	50	37,6%
Samtals	195	100,0%	133	100,0%

Meðalaldur gerenda sem brjóta bæði gegn barni og fullorðnum er mun hærri en þeirra sem brjóta eingöngu gegn barni eða fullorðnum eða 43 ár á móti 32 ár. Þessi munur er marktækur; ($t = 2,936$, $fg=5$, $p < 0,05$).

Aldur gerenda var skoðaður nánar þegar eingöngu um brot gegn börnum var að ræða. Hann var skoðaður út frá kyni þolanda en aðeins var gefin upp aldur gerenda í 10 af 16 dómum þar sem þolendur voru karlkyns. Meðalaldur þeirra var 29 ára (miðgildi = 25 ára) og meðalaldur þeirra sem höfðu brotið gegn stúlkum var 32 ára (miðgildi = 29 ára) en þar var aldur gefin upp í 111 dómum af 179. Ekki er um marktækan mun að ræða á aldri gerenda eftir kyni þolanda ($t=-0,676$, $fg = 11$ og $p > 0,05$).

Þá var borin saman meðalaldur gerenda sem höfðu brotið gegn einum þolanda og þeim sem höfðu brotið gegn fleiri en einum þolendum. Meðalaldur gerenda með fleiri en einn þolanda ($n=35$) var 35 ára á móti 32 árs hjá þeim sem höfðu einn þolanda ($n=86$) en þessi munur var ekki marktækur, ($t=-1,092$, $fg = 64$ og $p > 0,05$).

Ekki var munur á aldri gerenda sem höfðu fleiri en einn þolanda sem voru á ólíku aldursbili og þeirra gerenda sem höfðu marga þolendur á sama aldursbili eða 34 ára á móti 37 ára en sá munur er ekki marktækur ($t=-0,466$, $fg = 13$ og $p > 0,05$).

Margir gerendur

Í fimm dómum voru ákærðu fleiri en einn í sama brotinu og vorusamtals 15 ákærðir fyrir hópverknað. Í einu tilfelli voru ákærðu fjórir (S-262/2007) og allir sýknaðir. Í því tilfelli hafði 14 ára kærandi sagt móður sinni frá því að hún hefði orðið fyrir hópnaudgun í partýi sem hún hafði verið í, þar sem hún og einn ákærðu hefðu neytt fíkniefna og

áfengis en hinir þrír hefðu aðeins neytt áfengis. Ákærðu sem voru á bilinu 15-17 ára, játuðu allir að hafa stunda hópök með kæranda og hinum ákærðu en neituðu algjörlega að mökin hefðu verið gegn vilja kæranda. Við dóm var eingöngu litið til áreiðanleika framburða kæranda og hinna ákærðu og var það metið sem svo að frásögn kæranda hefði verið afar reikul og gloppótt á meðan frásögn hinna ákærðu hefðu verið stöðugir í framburði sínum og játað ýmsar kynlífsathafnir með henni en að þeir hefðu ekki verið að misnota ástand hennar. Í þremur tilfellum voru gerendurnir þrír. Í einu tilfallinu (S-265/2008) voru ákærðu sakfelldir en ákvörðun refsingar frestað. Brot þeirra fólst í því að gerendurnir sem voru allir á 16. ári, tóku þolanda sem var 12 ára og héldu honum niðri í anddyri íþróttahúss þar sem þeir höfðu verið við æfingar á meðan einn þeirra otaði getnaðarlimi sínum að andliti hans. Brotið var taldist vera kynferðisbrot gegn barni (varða 2. mgr. 202. gr. hgl.). Annað brot þar sem gerendurnir voru einnig þrír (S-4054/2003) átti sér stað heima hjá kunningja þolanda þar sem allir gerendur og þolandi voru undir áhrifum áfengis. Gerendurnir nýttu sér ölvunarástand þolanda til þess að hafa við hana samræði þrátt fyrir mótbárur hennar. Tveir gerendur af þremur voru ósakhæfir vegna aldurs, þar á meðal var fyrrum kærasti þolanda en sá sem hlaut dóm var 15 ára eins og þolandi. Í þriðja tilfallinu þar sem gerendur voru þrír (S-296/2007) voru þeir allir sýknaðir. Þolandi kom ein í heimsókn til kunningja síns og þar voru fyrir tveir aðrir karlmenn en öll voru þau á 17.-18. aldursári. Karlmennirnir höfðu verið að drekka áfengi og hún fékk sér einnig áfengi en mjög lítið. Síðan lokkar einn þeirra hana inn í herbergi þar sem hann nauðgar henni ásamt því að hinir bætast við, halda henni og nauðga henni svo líka. Sýknudómurinn er meðalannars byggður á stöðugri neitun ákærðu og því að þeir eru sammála um málavexti á meðan vitnisburður kæranda er talinn reikull. Meðalaldur gerendanna í ofangreindum brotum er 16 ár og meðalaldur þolendanna er 15 ára. Einn dómur þar sem gerendur voru fleiri en einn var talsvert ólíkur þeim sem hafa verið tilgreindir hér að ofan. Gerendurnir voru tveir menn 28 ára og 32 ára en þolandi ein kona og nokkuð eldri en þeir eða 45 ára (S-2049/2007). Engin tengsl voru á milli gerenda og þolanda og voru þolendur báðir erlendir. Nauðgunin á sér stað í húsasundi um nótt þar sem gerendur þvinguðu hana til samræðis með ofbeldi. Annar gerendanna sagði þolanda hafa samþykkt að fara þangað með þeim og hafa við þá samræði sem hún neitar algjörlega en hinn sagðist ekki muna eftir atburðum kvöldsins vegna áfengisvímu. Gerendurnir hlutu báðir 5 ára dóm.

Þetta sýnir nokkuð greinilega að í dómum þar ákært er fyrir hópverknað eru gerendur undantekningalaust ungt fólk og í langflestum tilvikum undir 18 ára. Sama má sjá með þolendur í þessum dómum, þar er aðeins ein undantekning á því að þolandi er einnig undir 18 ára.

Vímuefni koma einnig við sögu í öllum dómunum nema einum. Það brot virðist nokkuð sérstakt (S-265/2008) en gerendur töldu athæfið alls ekki kynferðislegt.

Vímuefni

Skoðað var hvort tekið væri fram í dómum hvort gerendur hefðu verið undir áhrifum vímuefna þegar kynferðisbrotið átti sér stað. Þá mátti sjá að það var greinilegur munur eftir því hvort brotið var gegn barni eða fullorðnum. Í marktækt færri dómum þar sem ákært var fyrir brot gegn börnum var tekið fram að gerandi hafði á einhverjum tímapunkti verið undir áhrifum vímuefna á meðan verknaði stóð eða í 46 dómum (23,6%) á móti 87 tilfellum (65,4%) tilfella gegn fullorðnum ($\chi^2(1, N=328) 58,4, p=0,000$).

Einnig var skoðað hvort tekið væri fram í dómum hvort þolendur hefðu verið undir áhrifum vímuefna þegar brotið var gegn þeim. Þá mátti sjá að í 17 dómum eða 8,8% þeirra, voru börn á einhverjum tímapunkti undir áhrifum áfengis þegar brotið var gegn þeim. Börn sem voru undir áhrifum vímuefna þegar brotið var gegn þeim voru allt stúlkur á aldrinum 11 – 17 ára og eiga börn eldri en 15 ára því við börn gerenda. Tengsl gerenda og þolenda í þessum dómum voru frá þeim algengustu; kunningjatengsl (6 tilvik), fjölskyldutengsl (5 tilvik þar af 2 feðgin), ólík tengsl við marga þolendur (3 tilvik), samvinnu/ábyrgðartengsl (2 tilvik) og engin tengsl voru sjaldgæfust (1 tilvik). Í tilfelli yngstu stúlkunnar sem var 11 ára hafði 16 ára frændi hennar margsinnis haft samræði við hana og einnig gefið henni vímuefni, hann var fundinn sekur. 12 ára stúlkan hafði farið í partý til 20 ára geranda þar sem hann gaf henni áfengi og hafði svo samræði við hana þrátt fyrir neitun hennar. Gerandi sagðist halda að þolandi væri eldri en hann var fundinn sekur um brot gegn 202. gr. hgl..

Í brotum gegn fullorðnum var tekið fram að þolendur hefðu verið undir áhrifum vímuefna þegar brotið var gegn þeim í 73 dómum eða 54,9% þeirra.

Tími dags

Skóðað var hvenær kynferðisbrot áttu sér stað og mátti sjá mun eftir því hvort brot beindist gegn barni eða fullorðnum. Sjá töflu 13. Tíðni brota gegn fullorðnum eykst eftir því sem líður á daginn og langflest brot eiga sér stað á nóttunni eða um 60%. Brot gegn börnum eiga sér stað hvenær dagsins sem er.

Tafla 13. Tími dags sem brot á sér stað, eftir tegund brots.

Tegund brots	Tími dags	Tíðni	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni (n=195)	Að nóttu til	31	15,9%
	Að kvöldi til	19	9,7%
	Að degi til	34	17,4%
	Að morgni dags	1	0,5%
	Mismunandi tímum	64	32,8%
	Ekki tilgreint/Á ekki við	46	23,6%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=133)	Að nóttu til	80	60,2%
	Að kvöldi til	19	14,3%
	Að degi til	14	10,5%
	Að morgni dags	9	6,8%
	Mismunandi tímum	6	4,5%
	Ekki tilgreint/Á ekki við	5	3,8%

Staðir

Skóðað var hvar brot höfðu farið fram og í töflu 14 má sjá að hvort sem um brot gegn börnum eða fullorðnum var að ræða, fóru þau flest fram heima hjá gerendum. Í brotum gegn börnum var áberandi oft um sameiginleg heimkynni gerenda og barna að ræða sem skýrist af tengslun milli gerenda og þolenda.

Tafla 14. Staðir þar sem kynferðisbrot fara fram, eftir brotaflokki.

Brotaflokkur	Staður	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni (n=203)*	Annað/Á ekki við/kemur ekki fram	5	2,5%
	Heimili/yfirráðasvæði geranda	100	49,3%
	Heimili/yfirráðasvæði skyldmenna þolanda	10	4,9%
	Heimili/yfirráðasvæði vinafólks þolanda	1	0,5%
	Heimili/yfirráðasvæði þolanda	10	4,9%
	Í almenningsrými/úti	26	12,8%
	Í ókunnugu heimahúsi	4	2,0%
	Í tölvu	3	1,5%
	Sameiginleg heimkynni ger og þol	38	18,7%
	Skóli/tómstundastarf/Stofnanir	6	3,0%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=140)*	Annað/Á ekki við	9	6,4%
	Heimili/yfirráðasvæði geranda	43	30,7%
	Heimili/yfirráðasvæði skyldmenna þolanda	3	2,1%
	Heimili/yfirráðasvæði vinafólks þolanda	7	5,0%
	Heimili/yfirráðasvæði þolanda	37	26,4%
	Í almenningsrými/úti	28	20,0%
	Í ókunnugu heimahúsi	6	4,3%
	Sameiginleg heimkynni ger og þol	4	2,9%
	Stofnanir	3	2,1%

*Í hverjum dómi getur brotið hafa átt sér stað á fleiri en einum stað.

Ítrekunarbrott

Þegar skoðað er hvort gerendur hafi verið dæmdir áður fyrir kynferðisbrot, má sjá að af heildinni hafa 22 gerendur eða 5,8% gerenda verið dæmdir áður.

Átta gerendur sem brutu á börnum, fjórir þeirra sem höfðu dreift eða átt klám og níu þeirra sem höfðu brotið á fullorðnum þolendum. Sjá nánar í töflu 15. Í langflestum tilfellum höfðu gerendur ekki gerst sekir um kynferðisbrot áður (eða ekki tekið fram hvort svo væri og því reiknað með að svo hafi ekki verið), eða í 76,6% tilfella. Í 17,6% dóma var tekið fram að gerendur hefðu áður gerst brotlegir fyrir annarskonar alvarleg brott (önnur en væg umferðarlagabrott).

Tafla 15. Ítrekun kynferðisbrota, eftir tegund brots.

Brotaflokkur	Ítrekuð kynferðisbrot	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni	Já	8	4,1%
	Nei	111	56,9%
	Ekki tilgreint	45	23,1%
	Önnur tegund brota	31	15,9%
	Samtals	195	100%
Varsla/dreifing barnakláms/kláms	Já	4	9,3%
	Nei	23	53,5%
	Ekki tilgreint	10	23,3%
	Önnur tegund brota	6	14,0%
	Samtals	43	100%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum	Já	9	6,8%
	Nei	53	39,8%
	Ekki tilgreint	42	31,6%
	Önnur tegund brota	29	21,8%
	Samtals	133	100%
Kynferðisbrot gegn barni og fullorðnum	Já	1	20,0%
	Nei	3	60,0%
	Önnur tegund brota	1	20,0%
	Samtals	5	100%
Vændi	Nei	5	100%

Í 13 dómum var aldur geranda sem höfðu áður verið dæmdir fyrir kynferðisbrot, tekin fram og í 220 dómum þar sem gerandi hafði ekki verið dæmdur áður. Meðalaldur þeirra sem höfðu verið dæmdir áður var hærri, eða 37 ára (miðgildi = 32 og staðalfrávik = 7,8) á móti 32 ára (miðgildi = 28 og staðalfrávik = 14) hjá þeim sem ekki höfðu verið dæmdir áður; $\chi^2(1, N=233) 5,836, p=0,045$.

Fjöldi þolenda og aldur þeirra var *ekki* ólíkur eftir því hvort gerandi hafði áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot eða ekki. Brot gegn hverjum þolanda voru ekki frekar endurtekin ef gerandi hafði áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot eða öfugt. Ekki var marktækur munur í brotum gegn börnum; $\chi^2(1, N=195) 1,017, p=0,313$ og ekki heldur fullorðnum; $\chi^2(1, N=133) 2,477, p=0,116$.

Þeir sem brutu gegn barni og höfðu áður framið kynferðisbrot, voru *ekki* frekar tengdir þolanda fjölskyldutengslum (37,5% tilfella á móti 34,2% tilfella, $\chi^2(1, N=195) 0,036, p=0,849$). Þeir sem höfðu brotið af sér áður, höfðu *ekki* hlutfallslega brotið oftast gegn drengjum. Munurinn var ekki marktækur, $\chi^2(1, N=195) 3,124, p=0,077$.

Þeir sem höfðu áður verið dæmdir fyrir kynferðisbrot játuðu ekki frekar ákærnum í þetta sinn heldur en þeir sem voru að koma fyrir dóm fyrir kynferðisbrot í fyrsta sinn (játningar í 45,5% tilfella hjá þeim sem höfðu áður hlotið dóm á móti 37,9% hjá hinum, ómarktækur munur; $\chi^2(1, N=381) 0,503, p=0,478$.

Endurtekin brot gegn sömu þolendum

Í töflu 16 má sjá skiptingu á milli stakra og endurtekinna brota eftir tegund brots. Þegar gerandi fremur brot gegn fleiri en einum þolanda, geta brot hans verið stök gagnvart sumum þolendum en endurtekin gagnvart öðrum (sbr. flokkurinn sum stök, önnur endurtekin í töflu 16).

Þegar greint er á milli þeirra sem brjóta annaðhvort gegn barni eða fullorðnum, ekki bæði, þá má sjá í töflu 16 að langmest áberandi skipting er á milli stakra og endurtekinna brota þegar um brot gegn fullorðnum er að ræða en þau eru að langstærstum hluta stök. Algengara er að brot gegn börnum séu endurtekin en nánast jafn stór hluti brota gegn börnum eru endurtekin og stök.

Tafla 16. Tíðni brota hvers geranda, eftir tegund brots.

Tegund brots	Tíðni brota	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni (n=195)	Stakt	88	45,1%
	Sum stök, önnur endurtekin	20	10,3%
	Endurtekin brot	87	44,6%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=133)	Stakt	122	91,7%
	Sum stök, önnur endurtekin	1	0,8%
	Endurtekin brot	10	7,5%

Athugað var hvort munur væri á því hvort brot væru stök eða að hluta til eða öllu leyti endurtekin, eftir því hvort þau beindust að börnum eða fullorðnum. Í ljós kom að þessi munur var marktækur, $\chi^2(1, N=328) 74,55, p=0,000$. Brot gegn börnum eru miklu oftari endurtekin að einhverju leyti heldur en brot gegn fullorðnum en þau langoftast stök.

Hótanir

Þegar hótanir gerenda eru skoðaðar er ekki gerður greinamunur á því hvort tekið sé fram sérstaklega að ekki hafi verið um hótun/hótanir að ræða eða hvort einfaldlega hafi ekki verið tekið fram í dómnum hvort svo hafi verið, því er talið að það sé almennt ekki tekið fram ef svo er ekki.

Í ljós kom að í 46 dómum höfðu gerendur, sem annað hvort brutu gegn börnum eða fullorðnum, hótad þolendum.

Svipað hlutfall gerenda sem brutu á fullorðnum og börnum hótadi þolendum. Í brotum gegn fullorðnum voru það 19 gerendur eða 14,2% og í brotum gegn börnum voru það 27 gerendur eða 13,8%.

Munur var á því hvernig hótunum var beitt, eftir því hvort brotið var á barni eða fullorðnum, sjá töflu 17. Í töflunni má sjá að hótanir sem beinast að börnum snúast í flestum tilfellum að því að börnin þegi yfir brotunum (hótun/þagmælska) en hótanir sem beinast að fullorðnum snúast oftast um að þvinga þolendur til þess að taka þátt í verknaðinum með hótunum eða þvingunum.

Tafla 17. Hótanir eftir því í hvaða tilgangi hótunin er, flokkað eftir brotaflokki.

Hótun	Kynferðisbrot gegn barni	Kynferðisbrot gegn fullorðnum	Kí-kvaðrat
Þvingun	22,2%	84,2%	$\chi^2(1, N=328)$ 10,261, $p=0,001$
Þagmælska	77,80%	15,80%	$\chi^2(1, N=328)$ 8,356, $p=0,004$
Samtals	100,0%	100,0%	

Lokkun

Athugað var hvort gerendur hefðu lokkað þolendur til þess að komast í aðstöðu til þessað ná fram vilja sínum og kom í ljós að í 42 skipti eða 21,5% tilfella sem beindust að börnum hafði það verið svo. Í brotum sem beindust að fullorðnum var það einungis í 7 skipti eða 5,3% tilfella. Þessi munur var marktækur; $\chi^2(1, N=328)$ 16,287, $p=0,000$. Pennan mun má eftilvill skýra með þeim muni sem var á hótunum en í stað þess að lokka þolendur til lags við sig þá hótta gerendur fullorðnum þolendum til þess að koma sínu fram. Gerendur sem brjóta á börnum nota frekar lokkun og svo hótanir um að segja frá.

Þegar um börn var að ræða var athugað sérstaklega hvort munur væri á því hvort gerandi notaði lokkun eða ekki eftir því hvort hann braut gegn stúlkum eða drengjum en ekki fannst munur þar á. Í sex tilfellum (37,5% tilfella) notaði gerandi lokkun þegar þolandi var drengur en í 34 tilfellum (19%) þegar þolandi var stúlka en þessi munur var ekki marktækur, $\chi^2(1, N=195)$ 3,085, $p=0,081$.

Líkamlegt ofbeldi, annað en kynferðislegt

Skoðað var hvort gerendur hefðu beitt þolendur líkamlegu ofbeldi eða hörku til viðbótar við kynferðislegt ofbeldi. Í ljós kom að í 13 tilfellum (6,7%) brota gegn börnum, var tekið fram í dómi að gerandi hafi notað líkamlegt ofbeldi við verknaðinn og í 46 tilfellum eða um 35% tilfella í brotum gegn fullorðnum. Þessi munur var marktækur; $\chi^2(1, N=328) 42,277, p=0,000$.

Ekki var munur á aldri þeirra sem beittu ofbeldi og þeirra sem ekki gerðu það. Meðalaldur þeirra sem beittu líkamlegu ofbeldi var um 31 ár (30,91) en meðalaldur þeirra sem ekki beittu líkamlegu ofbeldi var um 33 ár (32,80) en þessi munur var ómarktækur; ($t=-0,766, fg = 79$ og $p > 0,05$).

Meðferð gerenda

Skoðað var hvort fram kæmi í dómum að einhverjir gerendur hefðu leitað sér meðferðar eftir að hafa verið kærðir fyrir kynferðisbrot. Alls höfðu um 10% allra gerenda leitað sér meðferðar. Þá má sjá að þeir sem brjóta gegn börnum leita sér frekar meðferðar. Sjá dreifingu í töflu 18.

Tafla 18. Fjöldi þeirra sem hafa leitað sér meðferðar, eftir tegund brots.

Tegund brots	Meðferð		Kí-kvaðrat
	Já	Nei	
Kynferðisbrot gegn barni (n=195)	26 (13,3%)	169 (86,7%)	$(\chi^2(1, N=328) 6,990, p=0,008)$.
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=133)	6 (4,5%)	127 (95,5%)	
Kynferðisbrot gegn barni og fullorðnum	1 (20%)	4 (80%)	
Varsla/dreifing barnakláms/kláms	6 (14%)	37 (86%)	

Þegar skoðað var hvort um marktækan mun væri að ræða eftir því hvort brotið var gegn barni eða fullorðnum (ekki bæði og ekki brot tengd klámi), kom í ljós að svo var ($\chi^2(1, N=328) 6,990, p=0,008$). Töluvert fleiri sem höfðu brotið gegn börnum höfðu leitað sér meðferðar heldur en þeirra sem höfðu brotið gegn fullorðnum.

Þeir sem leituðu sér meðferðar eftir ákæru, leituðu í helmingi tilvika til sálfræðings. Sjá má til hvers konar meðferðaraðila leitað var til í töflu 19.

Tafla 19. Meðferðaraðilar sem gerendur hafa leitað til eftir ákæru.

Meðferðaraðili	Fjöldi	Hlutfall
Sálfræðingur	22	50,0%
Áfengis/vímuefnameðferð	12	27,3%
Geðlæknir	10	22,7%
Samtals	44	100,0%

Játningar

Þegar játningar gerenda voru skoðaðar, mátti sjá að af þeim sem dæmdir voru sekir játuðu 117 brot sín, það eru 30,7% af heildinni. Þar að auki voru 29 eða 7,6% sem játuðu hluta þeirra brota sem þeir voru sakaðir um.

Af þeim 84 sem voru sýknaðir, voru 4 sem játuðu ákærunum en tvö þeirra brota voru fyrnd (S-0160/2000 og S-2729/2003). Í einu tilfalli var gerandinn of ungur og var sýknaður vegna sakhæfisskorts. Hann var þó metin hæfur til að greiða skaðabætur (S-0310/2006). Í einu tilfalli játaði sakborningur það sem á hann var borið en sagði tilganginn með verknaðinum alls ekki kynferðislegan en hann var ákærður fyrir að taka myndir af þolanda þar sem hún var að pissa á skemmtistað. Ekki var talið hægt að sakfella hann fyrir brot gegn 209. gr. almennu hgl. eins og hann var ákærður fyrir og hann því sýknaður (S-0810/2005).

Játningar voru skoðaðar eftir því fyrir hvers konar brot gerendur voru ákærðir og sjá má í töflu 20 að munur er á játningum eftir tegund brota. Langstærstur hluti játar brot sem varða klám, því næst koma kynferðisbrot gegn börnum en fæstar játningar voru á brotum gegn fullorðnum þolendum. Skýringar á játningum fyrir brot sem varða klám hljóta að vera þær að sönnunarbyrðin er mjög létt þar sem lögreglan hefur lagt hald á efnið sem um ræðir.

Tafla 20. Játningar eftir tegundum brota.

Tegund brots	Játning	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot gegn barni (n=195)	Já	60	30,8%
	Hluta brota	24	12,3%
	Nei	111	56,9%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=133)	Já	25	18,8%
	Hluta brota	2	1,5%
	Nei	106	79,7%
Varsla/dreifing barnakláms/kláms (n=43)	Já	31	72,1%
	Hluta brota	1	2,3%
	Nei	11	25,6%

Marktækur munur var á því hvort gerendur játuðu brot gegn börnum eða fullorðnum. En 41,3% játuðu brot gegn börnum á meðan einungis 19,7% játuðu brot gegn fullorðnum; $\chi^2(1, N=328) 19,275, p=0,000$. Þá var einnig marktækur munur á því hvort ákærðu játuðu á sig brot fyrir brot sem varða klám eða brot gegn þolendum (annaðhvort börnum eða fullorðnum); $\chi^2(1, N=381) 28,316, p=0,000$.

Megintilgátur - Tengsl gerenda og þolenda

Tengslum gerenda og þolenda var skipt enn frekar upp, miðað við það sem upphaflega var skráð útfrá dómasafninu og tengslahópum fækkað. Sjá upphaflegu breytuna númer 25 í töflu 2. Þá má sjá í töflu 21 að algengast er að gerandi og þolandi þekkist eða í 145 tilfellum af 195 (um 74%), í tæplega 11% tilfella eru engin tengsl á milli gerenda og þolenda.

Tafla 21 sýnir einnig að þegar þolandi er fullorðinn þekkjast gerandi og þolandi í 72 tilfellum (54%) á meðan engin tengsl eru á milli þeirra í 51 tilfelli (um 38%). Þá má sjá að þegar um tengsl er að ræða er oftast um kunningjatengsl að ræða.

Þetta sýnir að þegar um börn er að ræða þá er mjög sjaldan um ókunnugan geranda. Þá má einnig sjá í töflu 21 að þegar um brot gegn börnum er að ræða er mun oftast um mismunandi tengsl í hverju broti að ræða heldur en þegar um brot gegn fullorðnum er að ræða. Líklegasta skýringin á því er vegna þess að í brotum gegn börnum eru mun oftast margir þolendur.

Tafla 21. Tengsl gerenda og þolenda eftir brotaflokki.

Brotaflokkur	Tengsl	Fjöldi	Hlutfal
Kynferðisbrot gegn barni (n=195)	Engin tengsl	21	10,8%
	Fjölskyldutengsl	67	34,4%
	Kunningi	34	17,4%
	Mismunandi tengsl	19	9,7%
	Náin vinatengsl/fjölskylduvinur	44	22,6%
	Ekki tekið fram	10	5,1%
Kynferðisbrot gegn fullorðnum (n=133)	Engin tengsl	51	38,3%
	Fjölskyldutengsl	5	3,8%
	Kunningi	39	29,3%
	Mismunandi tengsl	2	1,5%
	Náin vinatengsl/fjölskylduvinur	28	21,1%
	Ekki tekið fram	8	6,0%

Aldur þolenda (barna) eftir tengslum:

Meðalaldur þolenda eftir því hver tengsl þeirra við gerendur eru þegar þolendur voru börn.

Þá voru þolendur flokkaðir niður eftir aldursbilum þar sem stuðst var við flokkun Gebhard o.fl. (1965) en hann miðar flokkun sína við líkamlegan þroska barna. Sjá niðurstöður flokkunar í töflu 22. Þar má sjá að greinilegur munur er á aldri þolenda eftir því hvernig þeir og gerendur eru tengdir. Það sem er mest áberandi er að þegar um fjölskyldutengsl er að ræða, eru þolendur langflestir á yngsta aldursbilinu. Þeir sem hafa mismunandi tengsl við þolendur, brjóta í flestum tilfellum á yngstu börnunum en þessi brot eru þó aðeins tólf talsins. Þegar um kunningja er að ræða eru flestir á aldursbilinu 12-14 ára en ef engin tengsl eru eru jafn margir þolendur á bilinu 0-11 ára og 12-14 ára en fæst brot gegn þolendum á elsta aldursbilinu, 15-17 ára.

Tafla 22. Aldur þolenda eftir tengslum þeirra við gerendur.

Tengsl gerenda og þolenda (N=185)	Aldursbil	Fjöldi	Hlutfall
Engin tengsl (n=21)	0-11 ára	7	33,3%
	12-14 ára	7	33,3%
	15-17 ára	3	14,3%
	Ekki tekið fram	4	19,0%
Fjölskyldutengsl (n=67)	0-11 ára	49	74,2%
	12-14 ára	9	13,6%
	15-17 ára	6	9,1%
	Ekki tekið fram	2	3,0%
Náin vinatengsl (n=44)	0-11 ára	13	28,9%
	12-14 ára	27	60,0%
	15-17 ára	4	8,9%
	Ekki tekið fram	1	2,2%
Kunningi (n=34)	0-11 ára	5	14,7%
	12-14 ára	26	76,5%
	15-17 ára	1	2,9%
	Ekki tekið fram	2	5,9%
Mismunandi tengsl (n=19)	0-11 ára	12	63,2%
	12-14 ára	3	15,8%
	15-17 ára	3	15,8%
	Ekki tekið fram	1	5,3%

Kyn þolenda (barna) eftir tengslum

Skóðað var hvort tengsl milli gerenda og þolenda væru ólík eftir því hvort þolandi var drengur eða stúlka. Gerendur eru sjaldnast ókunnugir, hvort sem þolendur eru drengir eða stúlkur (drengir = 12,5% ókunnugir gerendur og stúlkur = 10,6% ókunnugir gerendur). Gerendur eru nánast jafn oft kunningjar þegar þolendur eru drengir og stúlkur (drengir = 43,8% gerenda kunningjar og stúlkur = 40,8% gerenda kunningjar). Þegar gerendur og þolendur eru tengdir fjölskylduböndum eru þolendur aðeins oftast stúlkur (drengir = 31,3% gerendur innan fjölskyldu og stúlkur = 37,4% gerendur innan fjölskyldu). Hjá báðum kynjum er í um 6% tilfella um fleiri en eina gerð tengsla að ræða.

Athugað var sérstaklega hvort tengsl væru á milli þess að gerandi væri ókunnugur eða ekki og þess hvort þolandi væri stúlka eða drengur. Tengsl sem voru mismunandi eða ekki tekin fram voru ekki tekin með í útreikningana. Ekki voru tekin með þau skipti

þar sem þolendur voru fleiri en einn og bæði stúlka og drengur (n=2). Ekki var marktækur munur á því hvort gerandi braut gegn stúlku eða dreng, eftir því hvort um tengsl á milli þeirra var að ræða eða ekki ($\chi^2(1, N=175) 0,075, p=0,784$).

Einnig var athugað hvort tengsl væru á milli þess hvort gerandi væri tengdur þolanda fjölskylduböndum eða ekki og þess hvort þolandi væri stúlka eða drengur. Ekki var marktækur munur þar á heldur ($\chi^2(1, N=193) 0,176, p=0,675$).

Blóðtengsl

Þegar tekin eru saman brot gegn börnum þar sem gerandi brýtur einungis á þolendum innan fjölskyldu, þá má sjá að í 39 af 67 tilfellum var um blóðtengsl að ræða. Það gerir meirihluta tilfella eða 57,8%.

Tengsl og ítrekun

Þegar tíðni kynferðisbrota gegn börnum er skoðuð nánar og þá eftir tengslum geranda og þolanda, má sjá að munur er á því hvort brot eru stök eða endurtekin eftir því hver tengslin eru. Ef um engin tengsl er að ræða, eru flest brotanna stök. Ef um kunningjatengsl er að ræða er stærstur hluti brotanna stakur, ef um nánin vinatengsl er að ræða er meirihluti brotana endurtekin og sömuleiðis ef um fjölskyldutengsl er að ræða. Sjá töflu 23.

Tafla 23. Tíðni brota eftir tengslum gerenda og þolenda, þegar þolendur eru börn.

Tengsl (N=185)	Tíðni brota	Fjöldi	Hlutfall
Engin tengsl (n=21)	Stakt	16	76,2%
	Sum stök, önnur endurtekin	3	14,3%
	Endurtekin brot	2	9,5%
Fjölskyldutengsl (n=67)	Stakt	23	31,9%
	Sum stök, önnur endurtekin	5	6,9%
	Endurtekin brot	39	54,2%
Kunningi (n=34)	Stakt	25	73,5%
	Sum stök, önnur endurtekin	1	2,9%
	Endurtekin brot	8	23,5%
Náin vinatengsl (n=44)	Stök	13	29,5
	Sum stök, önnur endurtekin	2	4,5
	Endurtekin	29	65,9
Mismunandi tengsl (n=19)	Stakt	3	15,8%
	Sum stök, önnur endurtekin	8	42,1%
	Endurtekin brot	8	42,1%

Til þess að athuga hvort marktækur munur væri á þeim brotum sem áttu sér stað innan fjölskyldu og þeirra sem voru utan fjölskyldu var hópunum fækkað þannig að þau brot sem innihéldu mismunandi tengsl og einhver þeirra voru innan fjölskyldu, voru tekin með sem fjölskyldutengsl en aðrir hópar sameinaðir í einn sem innihélt ekki fjölskyldutengsl. Brotin voru einnig flokkuð niður eftir því hvort þau voru stök eða endurtekin og þá voru hópar líka sameinaðir Þau brot sem voru í sumum tilfellum stök en öðrum endurtekin, þá flokkuðust þau sem endurtekin því viðkomandi gerandi hafði vissulega framið endurtekin brot. Í ljós kom að munur var á því hvort brot væru endurtekin eða stök eftir því hvort um fjölskyldutengsl var að ræða eða ekki.

Ef brot voru innan fjölskyldu var 65,7% þeirra endurtekin að einhverju leyti en 34,3% þeirra stök. Ef brot voru ekki innan fjölskyldu voru nánast jafnt hlutfall þeirra stök og endurtekin eða 50,8% stök og 49,2% endurtekin. Kí-kvaðrat próf sýndi að þessi munur var marktækur í tilfellum þar sem þolendur voru börn ($\chi^2(6, N=185) 4,808, p=0,028$).

Tengsl og hótanir

Athugað var hvort munur væri á því eftir tengslum gerenda og þolenda þegar þolendur voru börn, hvort gerendur hótuðu þolendum sínum eða ekki (eða að það væri ekki tekið fram). Ekki var munur á tíðni hótana eftir því hvort um fjölskyldutengsl var að ræða eða

ekki. Um 12% geranda sem höfðu fjölskyldutengsl við þolendur hótuðu þeim á einhvern hátt en um 15% þeirra sem höfðu ekki fjölskyldutengsl við þolendur. Þessi munur var ekki marktækur, ($\chi^2(1, N=195) 0,311, p=0,577$). Ekki var heldur munur á því hvort gerendur hótuðu þolendum eftir því hvort þeir væru blóðskyldir eða ekki. Nánast jafn stór hluti þeirra sem voru blóðskyldir þolendum og þeir sem voru það ekki hótuðu þeim eða um 12%-14%.

Tengsl og lokkun

Brot gegn börnum voru skoðuð nánar eftir því hvort munur væri á því hvort gerendur hefðu lokkað þolendur eftir því hvernig þeir voru tengdir. Sjá töflu 24.

Tafla 24. Lokkun gerenda, skipt upp eftir tengslum við þolendur

Tengslahópur	Lokkun	Fjöldi	Hlutfall
Engin tengsl (n=21)	Já	8	38,1%
	Nei/Kemur ekki fram	13	61,9%
Kunningi (n=81)	Já	23	28,4%
	Nei/Kemur ekki fram	58	71,6%
Fjölskyldutengsl (n=83)	Já	10	12,0%
	Nei/Kemur ekki fram	73	88,0%

Til þess að athuga hvort munur væri á tíðni lokkunar eftir því hvort um fjölskyldutengsl væri að ræða eða ekki, voru hóparnir engin tengsl og kunningjatengsl sameinaðir í einn hóp. Þá kom í ljós að hlutfallslega notuðu gerendur oftast lokkun þegar þeir höfðu ekki fjölskyldutengsl við þolendur ($\chi^2(1, N=195) 7,603, p=0,006$).

Tengsl og líkamlegt ofbeldi, annað en kynferðislegt

Þar sem það tíðni ofbeldis er frekar há í brotum gegn fullorðnum voru þau skoðuð nánar (tekið fram að svo hafið verið í 35% tilfella). Brotin voru skoðuð eftir tengslum gerenda og þolenda. Þá var þeim skipt þannig upp að annars vegar voru einhver tengsl á milli geranda og þolanda og hinsvegar engin tengsl. Það var síðan athugað hvort munur væri á því hvort gerendur beittu ofbeldi eftir því hvort þeir hefðu einhver tengsl við þolendur eða ekki. Ekki kom fram marktækur munur á því hvort gerendur notuðu ofbeldi eftir því hvort það væru tengsl á milli þeirra eða ekki ($\chi^2(2, N=125) 1,36, p=0,506$).

Samantekt

Markmiðið með þessari rannsókn var að fara ítarlega yfir alla héraðsdóma sem féllu á Íslandi á árunum 2001 – 2011 þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot og skoða einkenni og afbrotahegðun þeirra sem ákærðir voru. Meginmarkmiðið var að athuga hvort um ólíka hópa gerenda væru að ræða eftir því hver tengsl þeirra við þolendur voru.

Samantekt á lýsandi tölfræði

Dómar

Kynferðisbrotadómarnir í þessari rannsókn voru 381 talsins og hefur þróun á fjölda mála verið upp og niður frá árinu 2001. Fækkun virðist hafa verið frá árinu 2002 til 2005 en árið 2006 var talsverð aukning aftur. Síðan þá var fjöldi dóma nokkuð stöðugur til ársins 2009 en dómar árið 2010 voru síðan aðeins færri. Á heildina litið er um að ræða sveiflur um 10-15 dóma sem ekki getur talist mikið. Þegar fjöldi dóma er skoðaður eftir staðsetningu héraðsdóma má sjá að fjöldi kynferðisbrotadóma á ári er talsvert mismunandi eftir héraðsdómum en héraðsdómur Reykjavíkur er langstærstur. Árið 2006 var mikil aukning á dómum í héraðsdómi Reykjavíkur og mátti sjá þá þróun þegar heildarfjöldi dóma er skoðaður. Ástæður fyrir þessari aukningu í héraðsdómi Reykjavíkur árið 2006 er ekki greinileg en þess ber þó að geta að samkvæmt skrifstofustjóra héraðsdóms Reykjavíkur þá geta dómar sem varða sérstaklega yfirgripsmikil mál stundum verið fluttir frá héraðsdómum úti á landi til héraðsdóms Reykjavíkur en þar eru flestir starfsmenn og aðgengi að öðrum sérfræðingum á höfuðborgarsvæðinu þægilegra. Hugsanlega hafa einhver mál færst til héraðsdóms Reykjavíkur þetta ár.

Af öllum dómum varða flestir dómar brot gegn börnum, þar á eftir koma brot gegn fullorðnum. Þessir tveir brotaflokkar eru lang stærstir og saman ná þeir yfir um 84% allra kynferðisbrota sem dæmt er fyrir. Brot sem varða vörslu/dreifingu kláms koma þar á eftir. Fáir dómar varða brot gegn fleiri en einni tegund brota og aðeins örfáir varða vændi. Dómar sem enda með sakfellingu varða langflestir brot gegn börnum yngri en 15 ára eða 202. gr. hgl. þar á eftir eru það nauðgunarbrotin eða brot gegn 194. og 196. gr. Blygðunarsemisbrot eða brot gegn 209. gr. hgl. koma þar á eftir. Langoftast er sýknað þegar ákært er fyrir nauðgun eða 39% allra sýknudóma. Þar á eftir koma ákæru sem varða brot gegn börnum yngri en 15 ára eða 202. gr. hgl.. Sýknudómar gegn öðrum brotaflokkum eru mun sjaldgæfari. Hugsanlegar ástæður fyrir því að sýknudómar í

nauðgunarákærum eru svo margar eru að þar er oftast um að ræða orð þolenda gegn orðum gerenda og játningar eru ekki algengar.

Þolendur

Í rannsókninni var farið yfir 381 héraðsdóm í kynferðisbrotamálum frá árinu 2001 til 2011 og kom í ljós að flestir þessara dóma vörðuðu brot gegn börnum eða 48,8%. Þar á eftir gegn fullorðnum, eða 34,9%. Þeir sem brutu gegn barni höfðu brotið gegn fleiri þolendum heldur en þeir sem höfðu brotið gegn fullorðnum. Í um 94% af öllum dómum voru þolendur eingöngu kvenkyns, í um 5% voru þolendur eingöngu karlkyns og í tveimur tilvikum eða 0,5% dómanna var bæði um kvenkyns og karlkyns þolendur að ræða. Í öðru tilvikinu (S-0228/02) mátu sálfræðingur og geðlæknir gerandann ósakhæfan vegna þess að hann væri á mörkum þess að vera þroskaheftur en ekki var farið eftir því og hann því dæmdur sekur. Í hinu tilvikinu (S-0097/10) eru þolendur þroskaheft systkini, gerandi hefur mök við stúlkuna og lætur drengin horfa á. Gerandinn var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn þeim báðum sem hann játaði við yfirheyrslur lögreglu en neitar algjörlega fyrir dómi. Hann segir játninguna hafa verið falska og ástæður fyrir því hafi verið innilokunarkennd vegna gæsluvarðhalds en hann á við andleg veikindi að stríða. Þrátt fyrir að brotin séu aðeins tvö eru andlegir annmarkar og veikindi gerenda í þessum tveimur málum áhugaverð niðurstaða en það er einmitt í samræmi við það sem t.d. rannsóknir Firestone, Dixon, Nunes og Bradford (2005) og Levenson, Becker og Morin (2008) höfðu sýnt fram á, að þeir sem brjóti bæði gegn stúlkum og drengjum eigi oft við alvarleg geðræn vandamál að stríða.

Þegar þeir sem ákærðir voru fyrir brot gegn drengjum voru skoðaðir nánar mátti sjá að þeir skáru sig ekki á afgerandi hátt frá þeim sem brutu gegn stúlkum. Þeir höfðu ekki haft fleiri þolendur eins og Levenson, Becker og Morin (2008) töluðu um og ekki var munur á aldri þolenda eftir því hvort þeir voru drengir eða stúlkur eins og rannsóknir Firestone, Dixon, Nunes og Bradford (2005) og Carlstedt o.fl. (2009) höfðu sýnt fram á.

Gerendur

Einkenni gerenda voru skoðuð sérstaklega og þá mátti sjá að í aðeins einum dómi var gerandinn kona og beindist það brot gegn fullorðnum þolanda sem einnig var kona. Engin kona var gerandi í máli gegn barni. Þetta er í samræmi við það sem MacLeod, P. og Page, L. (2010), Richards (2011) og Greenfield (1997) höfðu sagt, það var að í yfir 90% þeirra tilfella sem koma til kasta yfirvalda sé gerandinn karlmaður. Þetta er almennt

séð ekki talið gefa rétta mynd af tíðni kynferðisbrota sem framin eru af konum en er talið er að tilkynningar um slík brot séu mun færri heldur en raunverulegur fjöldi brota.

Ástæður fyrir þessu geta til dæmis verið að í gegnum tíðina hefur vandamálið lítið verið rætt og að þolendur vanti staðfestingu á því að það sem þeir upplifa sem kynferðislegt ofbeldi sé í raun kynferðislegt ofbeldi, að fleiri hafi verið í þeirra sporum og slík brot ætti að tilkynna (Grubin, 1998).

Aldur gerenda var skoðaður út frá brotaflokki og kom í ljós að ekki var munur á aldri gerenda eftir því hvort þeir brutu gegn barni eða fullorðnum. Gerendurnir sem brutu gegn börnum og þeir sem brutu gegn fullorðnum voru að meðaltali nánast jafn gamlir eða um 32 ára þar sem um fullorðna þolendur var að ræða en 33 ára þegar um börn var að ræða. Þessar niðurstöður voru ekki í samræmi við það sem búist var við. Rannsóknin sýndi ekki fram á sama aldursmun á gerendum sem höfðu brotið gegn börnum og þeim sem höfðu brotið gegn fullorðnum eins og rannsóknir Garlick., Marshall og Thornton (1996) og Blumenthal, Gudjonsson og Burns (1999) höfðu sýnt. Niðurstöðurnar voru frekar í samræmi við það sem rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns F. Sigurðssonar (2000) hafði sýnt, að ekki væri marktækur munur á aldrinum. Það er eðlilegt þar sem sú rannsókn er einnig gerð á dæmdum kynferðisbrotamönnum á Íslandi en hinar rannsóknirnar voru gerðar erlendis. Rannsóknin staðfestir þar af leiðandi að ekki er marktækur munur á aldri kynferðisbrotamanna á Íslandi eftir því hvort þeir brjóta gegn börnum eða fullorðnum.

Aldursdreifing gerenda var þó mjög ólík eftir því hvort þeir höfðu brotið gegn barni eða fullorðnum og var í samræmi við það sem búist var við, langflestir gerendur sem brutu gegn fullorðnum voru á aldrinum 25-34 ára og töluvert færri yngri og eldri en það en þegar um brot gegn börnum var að ræða voru dreifing gerenda yfir aldursbil mun jafnari. Þeir gerendur sem brutu af sér í hópi voru að meðaltali yngri en þeir sem brutu af sér einir og er það í samræmi við fyrri rannsóknir, til dæmis það sama og kom fram í rannsókn Porter og Alison (2006).

Í raun var aðeins eitt við aldur gerenda sem var sérstakt út frá einkennum kynferðisbrota. Það var að meðalaldur þeirra sem brjóta bæði gegn börnum og fullorðnum er mun hærri en þeirra sem brjóta eingöngu gegn barni eða fullorðnum eða 43 ár á móti 32 ár. Ástæðan gæti verið sú að eftir því sem gerendur eru eldri, því minni greinamun geri þeir á þroska og aldri unglinga sem eru á líku aldursbili (t.d. 14-17 ára)

en gerendur sem væru nær unglíngunum í aldri myndu kannski gera meiri greinamun þar á.

Þegar um brot gegn börnum og fullorðnum var að ræða var alltaf um börn á líkum aldri að ræða eða börn sem voru í kringum kynferðislegan lágmarksaldur, nema í einu tilfelli og hafði sá gerandi verið dæmdur áður fyrir kynferðisbrot. Í öðru tilfallinu var hann kunningi þolanda en í hinu var hann náinn fjölskylduvinur, hann játaði ekki brot sitt. Í þeim brotum sem voru gegn bæði börnum og fullorðnum voru tengsl gerenda og þolanda misjöfn. Þrír gerendanna játuðu brot sín og í einu tilfelli voru brotin gegn drengjum. Þetta er í samræmi við það sem búast mátti við varðandi aldur þolanda þegar brotið er bæði gegn börnum og fullorðnum en samkvæmt rannsóknum Guay o.fl. (2007) var mesti óstöðuleikinn hjá þeim sem brutu fyrst gegn unglingsþolanda en þeir fóru mest á milli aldursbila, frá unglíngi yfir í barn eða fullorðinn þolanda. Rannsakendurnir töldu óstöðugleika þessa hóps jafnvel megi rekja til þess að annað hvort eigi þessir gerendur ekki margt sameiginlegt og ættu ekki að teljast sem ákveðinn hópur eða að það að velja kynþroska fórnarlamb sé annað hvort málamiðlun þegar ekki er annað fórnarlamb til staðar þegar gerandi brýtur af sér eða ákvörðun tekin út frá aðstæðum á þeim tíma sem brotið fór fram.

Kyn þolanda sem gerendur brutu á voru ekki ólík eftir aldri gerendanna, aldur gerenda hafði ekkert með það að gera hvort brotin væru gegn fleiri en einum þolanda og ekki heldur fjölbreytt dreifing á aldri hvers þolanda. Það var eins og við var að búast en rannsóknir höfðu ekki gefið tilefni til þess að reikna með öðru.

Í þessari rannsókn kom fram munur á því hvort gerendur væru undir áhrifum vímuefna eftir því hvort þeir höfðu brotið gegn börnum eða fullorðnum. Þetta var í samræmi við niðurstöður rannsókna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns F. Sigurðssonar (2000). Í 46 dómum (23,6%) var tekið fram að gerendur hefðu verið undir áhrifum vímuefna þegar þeir brutu gegn börnum en í 87 dómum (65,4%) þar sem brotið var gegn fullorðnum. Einnig var athugað hvort þolendur hefðu verið undir áhrifum áfengis og í 73 af 133 dómum (55%) var tekið fram að svo hefði verið. Athyglisvert var að í 17 dómum voru börn á einhverjum tímapunkti undir áhrifum áfengis þegar brotið var gegn þeim. Börn sem voru undir áhrifum vímuefna þegar brotið var gegn þeim voru allt stúlkur á aldrinum 11 – 17 ára og voru tengsl þeirra við gerendur ýmiskonar.

Staður og tími

Í þessari rannsókn kom fram munur á því hvenær brot eiga sér stað eftir því hvort þau beinist gegn börnum eða fullorðnum. Langflest brot gegn fullorðnum eiga sér stað á nóttunni eða um 60% en brot gegn börnum eiga sér stað á mismunandi tímum dagsins. Í þolendarannsókn Greenfield (1997) mátti sjá að meirihluti nauðgana eða annara kynferðisbrota gegn fullorðnum þolendum átti sér stað á kvöldin, frá klukkan 18 til miðnættis, eða 43,4%.

Í þessari rannsókn var athugað hvar brotin höfðu farið fram og í ljós kom að bæði í tilfellum þar sem þolendur voru börn og fullorðnir, var algengast að brotið hafi átt sér stað heima hjá gerendum. Það er í samræmi við það sem kom fram í ársskýrslum Stígamóta frá árunum 2002 - 2011, í þeim öllum kom fram að stærstur hluti kynferðisbrota hafði farið fram á heimili geranda og þar næst á sameiginlegu heimili þeirra beggja. Það er einnig í samræmi við það sem kom fram í rannsókn Kilpatrick, Saunders og Smith (2003) en þar hafði meirihluti brotanna farið fram heima hjá barninu sem brotið var gegn eða í næsta nágrenni en í rannsókn Elliott, Browne og Kilcoyne (1995) hafði stærstu hluti brota reyndar farið fram heima hjá geranda en þar á eftir heima hjá þolanda, þann mun má líklegast rekja til þess að frekar margir gerendur í þeirri rannsókn höfðu engin tengsl við þolendur sem þeir brutu gegn. Hugsanleg skýring á því að gerendur fremji helst kynferðisbrot á sínu eigin heimili getur verið að þeir telji sig öruggari til að gera hvað sem er þar. Í brotum gegn börnum var áberandi oft um sameiginleg heimkynni gerenda og barna að ræða og er það skiljanlegt í ljósi þess að flest brotin eiga sér stað innan fjölskyldu og þá eiga gerandi og þolandi sameiginleg heimkynni. En ástæður fyrir því að algengt er að brotið sé gegn börnum á þeirra eigin heimilum eru væntanlega þær að börn verja mestum tíma á heimilum sínum og ef gerandi hefur aðgang að heimilunum þá er hann líklegur til að koma sér í þá aðstöðu sem hann kýs.

Ítrekunartbrot

Ítrekunartíðni brota var skoðuð og mátti sjá að af heildinni höfðu 22 gerendur eða 5,8% gerenda framið kynferðisbrot áður. Brot þessara 22 gerenda voru nú í átta tilvikum brot gegn börnum og í níu tilvikum brot gegn fullorðnum. Eitt tilfelli snérist nú um brot gegn bæði barni og fullorðnum og í fjórum tilfellum var um klám að ræða í þetta sinn. Í 17,6% dóma var tekið fram að gerendur hefðu áður gerst sekir um annarskonar alvarleg

brot (önnur en væg umferðarlagabrot). Þegar um brot gegn annað hvort barni eða fullorðnum er að ræða, mátti sjá að ítrekunartíðni var innan við 7% í báðum tilfellum, þetta er lág ítrekunartíðni og er það í samræmi við það sem fyrri rannsóknir Baumer, Helga Gunnlaugssonar, Kristrúnar Kristinsdóttur og Wright (2001) og Hanson og Bussiere (1998) höfðu sýnt. Þá kom fram á aldri gerenda sem höfðu áður framið kynferðisbrot og þeirra sem ekki höfðu gert það. Meðalaldur þeirra sem höfðu brotið af sér áður var 37 ár en þeirra sem ekki höfðu gert það var 32 ár. Hugsanleg skýring á þessum mun er sú að þeir sem eldri eru hafa haft meiri tíma til þess að brjóta af sér og hafa þess vegna einhverjir þeirra framið ítrekuð brot. Einhverjir þeirra sem yngri eru eiga hugsanlega eftir að fremja ítrekuð brot.

Í þessari rannsókn kom fram munur á því hvort brot væru stök eða endurtekin, eftir því hvort þau beindust að börnum eða fullorðnum. Í ljós kom að brot gegn börnum voru mun oftast endurtekin heldur en brot gegn fullorðnum, brot gegn fullorðnum voru langoftast stök.

Hótanir og lokkun

Þegar hótanir voru skoðaðar kom í ljós að munur var á því hvernig hótunum var beitt, eftir því hvort brotið var á barni eða fullorðnum. Hótanir sem beinast að börnum snúast í flestum tilfellum um að börnin þegi yfir brotunum (hótun/þagmælska) en hótanir sem beinast að fullorðnum snúast oftast um að þvinga þolendur til þess að taka þátt í verknaðinum gegn þeim (hótun/þvingun).

Þegar um lokkun var að ræða, kom í ljós að í 21,5% tilfella sem beindust að börnum hafði gerandi beitt einhverskonar lokkun.

Í ljós kom að í mun fleiri tilfellum var tekið fram í dómi að gerandi hafi notað líkamlegt ofbeldi við verknaðinn þegar um brot gegn fullorðnum var að ræða heldur en börnum. Það var svo í 35% tilfella í brotum gegn fullorðnum en aðeins 6,7% tilfella þar sem þolendur voru börn.

Meðferð

Að lokum var athugað í hve miklum mæli gerendur hefðu leitað sér meðferðar eftir brot og fyrir dómsúrskurð. Erfitt er að meta hversu stór hluti kynferðisbrotamanna leitar sér meðferðar við vanda sínum en miðað við það sem kom fram í niðurstöðunum þá höfðu þeir sem ákærðir voru fyrir brot gegn börnum frekar leitað sér meðferðar heldur en þeir sem höfðu verið ákærðir fyrir brot gegn fullorðnum og algengast var að sú meðferð væri

hjá sálfræðingi. Erlendar rannsóknir, sjá t.d. Duwe og Goldman (2009), Zgoba, Sager og Witt (2003), Nicholaichuk og Gordon, Gu og Wong (2000), sýna að sálfræðimeðferðir kynferðisbrotamanna geta svo sannarlega dregið úr ítrekunarbrotum og bætt líðan þeirra þannig að meðferð ætti að vera mikilvægur þáttur í betrun dæmdra kynferðisbrotamanna.

Játningar

Langstærstur hluti kynferðisbrotamanna játar brot sem varða vörslu eða dreyfingu kláms eða um 72%. Þar á eftir koma kynferðisbrot gegn börnum, um 30% en fæstar játningar voru á brotum gegn fullorðnum þolendum, um 19%. Skýringar á stórum hluta játninga fyrir brot sem varða klám hljóta að vera þær að sönnunarbyrðin er mjög létt þar sem lögreglan hefur lagt hald á efnið sem um ræðir og það sé oftast bundið við tölvu sem sé í eigu ákærða. Þeir sem ekki játa eru líklegir til þess að segjast ekki bera ábyrgð á efninu sem um ræðir þó það líti út fyrir að vera í þeirra eigu. Möguleg skýring á því af hverju þeir sem brjóta gegn börnum játi frekar en þeir sem brjóta gegn fullorðnum gæti verið sú að þeir sem brjóta gegn börnum hafa framið brot sem eru að engu leyti réttlætunleg og þeir sjái jafnvel eftir þeim. Samkvæmt rannsókn Elliot, Browne og Kilcoyne (1995) þá var algengt að þeir sem höfðu brotið gegn barni upplifðu mikinn kvíða í kjölfar brotanna þó svo að ekki hafi verið komið upp um þá eða 44% gerenda í rannsókninni. Á sama tíma gæti verið að þeir sem hafi brotið gegn fullorðnum viðurkenni á engum tímamarki að hafa framið brot, ekki einu sinni fyrir sjálum sér enda er möguleikinn fyrir hendi þegar um brot gegn fullorðnum er að ræða að gerandinn hafi ekki upplifað atburðina sem kynferðisbrot.

Megintilgátur samantekt.

Tengsl gerenda og þolenda og eiginleikar brota

Fyrsta megintilgátan var sú að gerendur sem brjóta á börnum hafi meiri tengsl við þau heldur en gerendur sem brjóti á fullorðnum. Þessi tilgáta stóðst. Þessi rannsókn sýndi fram á að algengast væri að gerandi og þolandi sem var barn, þekktust. Í brotum gegn fullorðnum var skiptingin ekki eins skýr en gerandi og þolandi þekkjast í meirihluta tilfella (um 54%) en þeir hafa engin tengsl sín á milli í um 38% tilfella. Þegar um einhver tengsl var að ræða voru kunningjatengsl algengust en meiri tengsl voru sjaldgæfari. Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns F. Sigurðssonar (2000) sem einnig var gerð á

kynferðisbrotamönnum á Íslandi. Einnig hafði þetta komið fram í rannsóknum Guay o.fl. (2001), Gebhard o.fl. (1965) og Finkelhor (1994a) en Finkelhor (1994a) sagði, að þeir sem brjóta gegn börnum séu oftast einhverjir sem börnin þekkja ólíkt því sem ímyndin var í kringum 1970 um óþekkta barnaníðinginn sem allir þyrftu að varast.

Þá sýndu niðurstöðurnar að auki að þegar um fjölskyldutengsl var að ræða, var oftast en ekki um blóðtengsl að ræða. Og þegar um feðgin var að ræða var einnig oftast um blóðtengsl að ræða heldur en stjúp tengsl. Það er ekki í samræmi við finnsku rannsókn Sariola og Uutela (1996) sem sýndu fram á að þegar um brot innan fjölskyldu væri að ræða, þá væri það að meiri hluta til stjúp tengsl og á milli feðgina var það svo í 75% tilfella. En í afbrotatölfræði frá Ríkislögreglustjóra (2009) mátti sjá að tilkynningar um kynferðisbrot sem var beitt af hálfu foreldra og stjúpforeldra voru nánast jafn margar á hverju ári. Mun á niðurstöðum þessarar rannsóknar, rannsókn Sariola og Uutela (1996) og tölum frá Ríkislögreglustjóra (2009) má hugsanlega rekja til þess að brotin þar eru frekar fá og eða um 5% eða minna af öllum tilkynningum Ríkislögreglustjóra á ári og um 10% af öllum kynferðisbrotum í Finnlandi samkvæmt Sariola og Uutela (1996). Þegar fjöldi brota er þetta lítið hlutfall þarf ekki mörg brot til þess að breyta niðurstöðunum svo um muni.

Önnur megin tilgátan var sú að munur væri á aldri þolenda eftir því hver tengsl þeirra við gerendur væru þegar þolendur væru börn. Talið var að þolendur væru að meðaltali yngri hjá gerendum sem tengjast þeim fjölskylduböndum heldur en hjá þeim sem ekki gera það. Þessi tilgáta stóðst. Það var greinilegur munur á aldri þolenda eftir því hvernig þeir og gerendur voru tengdir. Það sem var mest áberandi var að þegar um fjölskyldutengsl var að ræða, voru þolendur langflestir yngri en 11 ára. Þegar um vini eða kunningja var að ræða voru flestir þolendur á aldursbilinu 12-14 ára og ef engin tengsl voru var lítill munur á aldri þolenda. Þeir sem höfðu mismunandi tengsl við þolendur brutu í flestum tilfellum á börnum yngri en 11 ára en þessi brot voru þó aðeins 12. Þetta var í samræmi við það sem Fischer og McDonald (1998) höfðu fengið út, að börn sem voru beit kynferðisofbeldi af fjölskyldumeðlim voru að meðaltali yngri en börn þar sem gerandinn var ekki skyldur þeim. Ástæður fyrir þessum mun telja þeir vera þær að eftir því sem börnin eru yngri því meiri tíma eyða þau með fólki sem er náið þeim. Þessi skýring er mjög líkleg og getur skýrt af hverju ungir þolendur verða frekar fyrir misnotkun af hendi fjölskyldumeðlima eða nánna vina sem treyst er fyrir þeim og þeir hugsanlega fengnir til þess að gæta þeirra. Þeir gerendur sem hafa ekki eins greiðan

aðgang að börnum, þurfa að koma sér í tengingu við þau og þá er líklegra að eldri börn verði á vegi þeirra. Ástæðan fyrir því að vinir og kunningjar brjóta helst gegn börnum á aldrinum 12-14 ára er hugsanlega þú að þeir eiga auðveldara með að nálgast þau heldur en yngri börn, börn á þessum aldri eru meira að heiman og þeir gætu hafa byggt upp traust við þau utan heimilisins.

Þriðja meginmarkmiðið var að athuga hvort tengsl milli gerenda og þolenda væru ólík eftir því hvort þolandi væri drengur eða stúlka. Þessi tilgáta stóðst ekki. Ekki var munur á því hvort gerandi braut gegn stúlku eða dreng eftir því hvort um einhver tengsl á milli þeirra var að ræða eða ekki. Ekki var heldur munur á því hvort gerandi braut gegn stúlku eða dreng eftir því hvort um fjölskyldutengsl voru á milli þeirra eða ekki. Hafa skal í huga að erfitt getur verið að álykta um mun á hópunum þar sem fjöldinn í þeim er svo ólíkur. Annar hópurinn samanstendur af 16 drengjum en hinn hópurinn samanstendur af 309 stúlkum. Ef drengirnir hefðu verið fleiri hefðu niðurstöðurnar getað verið aðrar. Þetta gæti verið ástæðan fyrir því að tilgátan stóðst ekki. Samkvæmt Finkelhor (1994a) og Fischer og McDonald (1998) voru stúlkur oftast tengdar gerendum fjölskylduböndum heldur en drengir en drengir voru hins vegar líklegri en stúlkur til þess að vera misnotaðir af ókunnugum aðilum, yfirboðurum sínum og kunningjum heldur en stúlkur.

Fjórða megintilgátan var sú að talið var að endurtekin brotahegðun í garð sama þolanda væri ólík eftir því hver tengsl gerenda og þolanda væru. Þessi tilgáta stóðst. Niðurstöðurnar sýndu að ef brot voru innan fjölskyldu þá voru þau í fleiri tilfellum endurtekin heldur en ef þau voru utan fjölskyldu og ef um engin tengsl var að ræða milli gerenda og þolanda voru flest brotanna stök. Ef um kunningjatengsl var að ræða voru stök brot í meirihluta. Ef um náin vinatengsl var að ræða var meirihluti brotana endurtekin og sömuleiðis ef um fjölskyldutengsl var að ræða. Það virðist því vera að meiri tengsl þýði frekar endurtekin brot. Þetta var í samræmi við fyrri rannsóknir á borð við rannsókn Erickson, Walbek og Seely, (1988) og Fischer og McDonald (1998) sem héldu fram að þegar um fjölskyldutengsl væri að ræða ættu brotin sér stað yfir lengri tíma og ættu sér oftast stað heldur en ef ekki væri um slík tengsl að ræða. Samkvæmt þessu var talið að endurtekin brotahegðun í garð þolanda væri algengari þegar um fjölskyldubönd væri að ræða.

Fimmta megintilgátan var sú að það var talið fara eftir tengslum milli gerenda og þolanda hvort gerendur myndu nota hótanir og lokkun þegar þolandi væri barn. Þessi

tilgáta stóðst ekki. Ekki var munur á tíðni hótana eftir því hvort um fjölskyldutengsl var að ræða eða ekki. Samkvæmt rannsókn Fischer og McDonald (1998) þá nota gerendur sem eru ótegnir þolendum oftast hluti eins og peninga eða sælgæti til þess að lokka þolendur til lags við sig eða sem verðlaun fyrir þagmælsku, á meðan þeir sem brjóta á þolendum innan fjölskyldunnar hóta þolendum í von um að þeir segi ekki frá broti.

Takmarkanir rannsóknarinnar

Helstu takmarkanir þessarar rannsóknar snúa aðallega að gögnunum, það er dómsskjölunum. Í fyrsta lagi, þegar dómarnir eru fengnir til úrvinnslu koma þeir ekki allir með sama hætti í hendur rannsakanda þannig að þegar talað er um alla dóma á þessu tímabili er reiknað með því að engin dómur hafi orðið eftir þegar þeir voru sendir til höfundar og að dómur sem ættu að hafa birtst á heimasíðu héraðsdómanna séu í raun þar. Reglur um birtingu dóma má sjá í tilkynningu dómstólaráðs nr. 4/2010 en þessar reglur voru einnig í gildi árið 2009, sjá tilkynningu ráðsins nr. 2/2009 (Dómsmálaráð, 2009 og 2010). Þar segir í fyrstu grein að dómur og úrskurðir héraðsdómstóla skulu vera birtir á sameiginlegri heimasíðu héraðsdómstóla á netinu með undantekningum og takmörkunum sem kveðið er á um í reglunum. Það á við ef ætla má að birting dóms eða úrskurðar sé sérstaklega íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi þá sé rétt að birta ekki hluta upplýsinga úr dómi eða úrskurði. Þessar reglur ættu að tryggja að dómur sem falla séu í raun birtir á netinu en reglurnar eru hins vegar frá 2009 þannig að hvort tryggt sé að vinnureglurnar hafi verið þær sömu áður en reglurnar voru gefnar út skal látið ósvarað en starfsmenn héraðsdómanna gáfu ekki annað til kynna þegar ég leitaði til þeirra varðandi dóma sem höfðu ekki birst á netinu.

Dómskjöl í héraðsdómum eru aðeins á textaformi og var mjög mikil vinna fólgin í því að koma þeim á form sem hægt væri að vinna með í þessari rannsókn. Með því að koma dómskjölum hjá héraðsdómunum á form þar sem þeir væru flokkaðir nákvæmar niður væri auðveldara að nálgast upplýsingar eftir ákveðnum leitarskilyrðum. Í stað þess að þurfa að lesa yfir dómana í heild sinni og skrá um leið á annað form gætu gögnin verið á formi þar sem hægt væri að kalla fram ákveðnar grunnbreytur eins og til dæmis aldur ákærða, fyrri brot ákærða og nöfn dómara svo aðeins séu nefndar nokkrar breytur sem eiga við öll dómsmál gegn einstaklingum. Ef byrjað væri núna yrðu dómur framtíðarinnar aðgengilegri og myndi það auðvela alla rannsóknarvinnu og samanburði milli til dæmis brotaeiginleika og refsingar.

Ákveðið var að láta rannsóknina ná yfir alla dóma þar sem ákært er fyrir kynferðisbrot og ná þannig til þannig yfir mun fleiri brot og gerendur heldur en ef aðeins væru teknir fyrir þeir dómur sem enda með sakfellingu. Sýkna fyrir dómi er ekki endilega staðfesting á að atburðir hafi ekki átt sér stað en sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum er gríðarlega þung og með því að taka allar ákærur með í rannsóknina er komin stærri gagnagrunnur en annars hefði fengist en gögnunum verður þó að taka með þeim fyrirvara að þau eigi við ákærur en ekki sakfellingar. Annar möguleiki væri að skoða aðeins þá dóma sem enduðu með sakfellingu og enn annar að skoða mun á afbrotahæðun og eiginleikum afbrota þar sem gerendum væri skipt upp eftir því hvort þeir hefðu verið dæmdir sekir eða saklausir. En þetta eru hugmyndir að framtíðar rannsóknum sem áhugavert væri að sjá til samanburðar við þessa.

Umræða

Þrjár megintilgátur rannsóknarinnar af fimm stóðust. Í fyrsta lagi staðfesti þessi rannsókn að algengast væri að fjölskyldutengsl væru á milli geranda og þolanda sem var barn. Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Gísla H. Guðjónssonar og Jóns F. Sigurðssonar (2000) sem einnig var gerð á kynferðisbrotamönnum á Íslandi. Einnig hafði þetta komið fram í rannsóknum Guay o.fl. (2001), Gebhard o.fl. (1965) og Finkelhor (1994a). Þessar niðurstöður sýna að eins og Finkelhor (1994a) benti á er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að stærstur hluti brota gegn börnum sé framin af skyldmönnum þeirra en ekki af „vonda ókunnuga mannum“ þrátt fyrir að eitt og eitt slíkt brot komi vissulega upp. Í öðru lagi staðfesti þessi rannsókn að munur væri á aldri þolanda eftir því hver tengsl þeirra við gerendur væru þegar þolendur væru börn. Þetta var í samræmi við það sem Fischer og McDonald (1998) höfðu haldið fram. Í þriðja lagi staðfesti rannsóknin að ef brot væru innan fjölskyldu þá voru þau oftast endurtekin heldur en ef þau voru utan fjölskyldu og ef um engin tengsl var að ræða milli geranda og þolanda voru flest brotanna stök. Það kom fram að meiri tengsl þýddu frekar endurtekin brot. Þetta var í samræmi við fyrri rannsóknir á borð við rannsókn Erickson, Walbek og Seely, (1988) og Fischer og McDonald (1998) höfðu sýnt fram á.

Rannsóknin studdi ekki að sem rannsóknir Finkelhor (1994a) og Fischer og McDonald (1998) höfðu sýnt fram á en það var að brot gegn stúlkum ættu sér oftast stað innan fjölskyldu en brot gegn drengjum væru oftast framin af gerendum óskyldum þeim. Rannsóknin studdi ekki heldur það sem Fischer og McDonald (1998) höfðu sagt um

hótanir og lokkun en samkvæmt rannsókn þeirra þá nota gerendur sem eru ótegnir þolendum oftart hluti eins og peninga eða sælgæti til þess að lokka þolendur til lags við sig eða sem verðlaun fyrir þagmælsku, á meðan þeir sem brjóta á þolendum innan fjölskyldunnar hóta þolendum í von um að þeir segi ekki frá broti.

Hinar ýmsu ástæður geta verið fyrir því að hluti niðurstæða þessarar rannsóknar samræmist ekki þeim rannsóknum sem gengið var út frá en það má benda á að þegar einhverjar breytur, til dæmis kyn, fjöldi þolenda eða aldur, eru flokkuð niður og athuguð sér þá eru hóparnir orðnir mjög litlir og fá tilvik þarf til að breyta mynstri þegar svo er. Það þarf að hafa í huga þegar samanburðir við aðrar rannsóknir eru gerðir. Einnig gæti verið að niðurstöður hefðu verið á einhvern hátt öðruvísi ef um sakfellingar hefði verið að ræða í stað ákæra en það er ólíklegt því það er ekkert sem tryggir það að brot sem enda með sakfellingu á Íslandi séu líkari brotum sem enda með sakfellingu í öðrum löndum heldur en brot sem ákært er fyrir á Íslandi og brot sem enda með sakfellingu í öðrum löndum. Slíkur samanburður á milli landa er alltaf erfiður.

Þessi rannsókn sýndi fram á áhugaverðar niðurstöður en þær voru að aldur gerenda var að engu leyti ólíkur eftir neinum flokkunum fyrir utan tvær. Það var að meðalaldur þeirra sem brjóta bæði gegn barni og fullorðnum er mun hærri en þeirra sem brjóta eingöngu gegn barni eða fullorðnum eða 43 ár á móti 32 ár. Ástæðan fyrir gæti verið sú að eftir því sem gerendur eru eldri, því minni greinamun geri þeir t.d. á þroska og aldri 14-17 ára unglunga en þeir en gerendur sem væru nær unglungunum í aldri. Einnig voru gerendur sem áður höfðu verið dæmdir fyrir kynferðisbrot að meðaltali eldri en þeir sem ekki höfðu gert það. Aðrar áhugaverðar niðurstöður voru þær að ekki var munur á brotum gegn börnum eftir því hvort þolendur væru drengir eða stúlkur. Ekki var munur á aldri þolenda, fjölda eða tengslum við gerendur eftir kyni þeirra. Þetta var ólíkt því sem búist var við en hugsanlega hefur takmarkaður fjöldi þolenda sem eru drengir eitthvað með það að gera. Áhugavert var einnig að sjá hversu skýr tengsl voru á milli tengsla og endurtekinna brot, eftir því sem tengslin voru meiri, því oftart voru brotin endurtekin.

Það sem hér að ofan var talið varðandi tengsl og endurtekningar átti við brot gegn börnum en það átti ekki við brot gegn fullorðnum. Það sem einkennir brot gegn fullorðnum er vímuefnaneysla gerenda, tengsl sem eru oftast kunningjatengsl ef einhver eru. Oft var ekki um nein tengsl að ræða. Brotin áttu sér langoftast stað að nóttu til en

svo voru þau færri að kvöldi, enn færri að degi og enn færri en það að morgni dags. Ekki var um slíkt mynstur að ræða í brotum gegn börnum.

Athyglisvert var að sjá hversu stór hluti gerenda sem braut gegn börnum hafði játað brot sín miðað við þeirra sem braut gegn fullorðnum en það voru um það bil 41% miðað við um 20%. Einnig höfðu mun fleiri þeirra sem brutu gegn börnum leitað sér meðferðar eftir að hafa verið ákærður heldur en þeirra sem braut gegn fullorðnum eða 13,3% á móti 4,5%. Þessi munur á játningum og því að leita sér meðferða gæti hugsanlega verið hægt að skýra með viðhorfum gerenda. Gerendur sem brjóta gegn börnum sjá kannski frekar að þeir eigi við vanda að stríða fyrst þeir séu komnir í aðstæður sem þessar en gerendur sem brjóta gegn fullorðnum viðurkenna síður að hafa gert nokkuð rangt af sér þrátt fyrir að vera komnir í þessar aðstæður. Í aðstæðum sem þessum standa síðan oft aðeins þeirra orð gegn orðum þolanda en upplifun þeirra á atburðinum sem um ræðir er hugsanlega gjörólík og gerendur sjá enga ástæðu til þess að játa á sig þær ákæru sem þolandi upplifir sem kynferðislegt ofbeldi. Það getur einnig verið spurning um viðhorf geranda til þolanda, viðhorf hans til kvenna (ef þolandi er kona) og viðhorfa hans til samfélagsins í heild. Raunverulegar ástæður fyrir þessum mun væri eingöngu hægt að fá í viðtölum við dæmda kynferðisbrotamenn og liggja þær ekki fyrir.

Það er alltaf erfitt er að áætla um ástæður fyrir hegðun annarra en þegar hegðun fjöldans hefur ákveðin mynstur þá er þess virði að velta því fyrir sér, sérstaklega ef hægt er að grípa inni hegðunina og koma í veg fyrir hana. Miðað við hversu fáir af þeim sem höfðu verið ákærðir fyrir kynferðisbrot gegn barni höfðu leitað sér meðferðar hjá sérfræðingi og miðað við það sem rannsóknir hafa sýnt fram á um áhrif sálfræðimeðferðar fyrir kynferðisbrotamenn þá ætti meðferð að vera órjúfanlegur hluti af refsingu dæmdra kynferðisbrotamanna og með því að reyna að koma í veg fyrir ítrekun kynferðisbrota.

Hagnýting

Í fyrsta lagi er rannsókn eins og þessi sem byggir á að gera grein fyrir stóru gagnasafni með lýsandi tölfræði, fræðandi og upplýsandi og gæti á margan hátt nýst í fræðslu eða forvarnarstarf þar sem kynferðisbrot eru viðfangið.

Þær niðurstöður sem fást úr rannsóknum sem þessari geta hjálpað til við að flokka kynferðisbrotamenn niður í hópa eftir einkennum þeirra og eiginleikum brota sem geta

svo nýst við ýmsa vinnu með slíkum brotamönnum eins og gerð áhættumats, meðferðaráætlana eða þegar um forvarnaráætlanir er að ræða. Niðurstöðurnar, ef þær falla ekki að því sem fyrri rannsóknir hafa sýnt, geta líka flækt málin og gefið til kynna að ekki sé vænlegt að flokka kynferðisbrotamenn niður.

Niðurstöður þessarar rannsóknar bæta við þá þekkingu sem við höfum á hegðun og einkennum kynferðisbrotamanna á Íslandi og hver rannsókn á sviðinu skiptir máli og myndi ég ekki telja að þessi rannsókn hafi flækt málið heldur gefur hún til kynna frekar skýra mynd af kynferðisbrotum gegn fullorðnum annars vegar og staðfestir mörg einkenna kynferðisbrota gegn börnum.

Að auki gætu upplýsingar úr þessari rannsókn einnig nýst við að bæta uppsetningu dóma í leitarkerfi héraðsdómanna eins og rætt var um í tengslum við vankanta rannsóknarinnar. Þessi rannsókn gæti hjálpað til við mat á því hvaða upplýsingar ættu að vera þær meginbreytur sem gagnlegt væri að flokka eftir.

Heimildaskrá

- Abel, G.G., Becker, J.V., Cunningham-Rathner, J., Mittelman, M. og Rouleau, J. L. (1988) Multiple Paraphilic Diagnoses among Sex Offenders. *Bulletin of the American Academy of Psychiatry and the Law*, 16(2).
- Agnes B. Tryggvadóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Jakob Smári og Eyrún Jónsdóttir (2009). *Sálfræðiritið – Tímarit sálfræðingafélags Íslands*. 14, 28-38.
- Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940.
- Almenn hegningarlög, nr. 71 28. maí 1997.
- Alþingistíðindi 1991-92, A-deild, bls. 788.
- Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason (2011). Umfang kynferðisbrota gegn börnum: Mat á gerendum og meðferð. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (Ritstj.). *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ágústa Arna Sigurdórsdóttir (2012). „En hún var í svo stuttu þílsi!“ -Könnun á viðhorfum háskólanema til nauðgana. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Barnaverndarlög á Íslandi nr. 80/2002
- Barnaverndarstofa (2008). *Ársskýrsla 2006-2007*. Reykjavík: Bragi Guðbrandsson.
- Bennell, C., Jones, N.J. og Melnyk, T. (2009). Addressing problems with traditional crime linking methods using receiver operating characteristic analysis. *Legal and Criminological Psychology*, 14, 293-310.
- Beuregard, E. (2010). Rape and Sexual Assault in Investigative Psychology: The Contribution of Sex Offenders' Research to Offender Profiling *Journal of Investigative Psychology and Offender Profiling* 7, 1–13.
- Blumenthal, S., Gudjonsson, G. og Burns, J. (1999). Cognitive distortions and blame attribution in sex offenders against adults and children. *Child Abuse and Neglect*, 23(2). 129–143.
- Bonnar-Kidd, K.K. (2010). Sexual Offender Laws and Prevention of Sexual Violence or Recidivism. *American Journal of Public Health*, 100 (3), 412-419.
- Brennan, S. og Taylor-Butts, A. (2008). *Sexual Assault in Canada 2004 and 2007*. Ottawa, Ontario: Canadian Centre for Justice Statistics.
- Briere, J. og Elliott, D.M. (2003). Prevalence and psychological sequelae of self-reported childhood physical and sexual abuse in a general population sample of men and women. *Child Abuse and Neglect*, 27, 1205–1222.

- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2011). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (Ritstj.). *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 269-295). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Caldwell, M.F. (2002). What We Do Not Know About Juvenile Sexual Reoffense Risk. *Child Maltreatment*, 7(4), 291-302.
- Canter, D. og Youngs, D. (2003). Beyond offender profiling: The need for an investigative psychology. In Carson, D. og Bull, R. (Ritstj.), *Handbook of psychology in legal contexts* (bls. 171–205). Chichester, England: Wiley.
- Carlstedt, A., Nilsson, T., Hofvander, B., Brimse, A., Innala, S. og Anckarsäter H. (2009). Does Victim Age Differentiate Between Perpetrators of Sexual Child Abuse? A Study of Mental Health, Psychosocial Circumstances, and Crimes. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 21(4) 442-454.
- Dómsmálaráð (2009). *Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2009. Reglur um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna*. Sótt 4. janúar 2013 af: http://www.domstolar.is/files/Tilk.nr.2-2009%20Tilkynning%20um%20birtingu%20h%E9ra%F0sd%F3ma%20%E1%20heimas%ED%F0u%20h%E9ra%F0sd%F3mst%F3lanna_1263841772.pdf
- Dómsmálaráð (2010). *Tilkynning dómstólaráðs nr. 4/2010. Reglur um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna*. Sótt 4. janúar 2013 af: http://domstolar.is/files/Tilk.nr.4-2010%20Reglur%20um%20birtingu%20h%C3%A9ra%C3%B0sd%C3%B3ma%20%C3%A1%20heimas%C3%AD%C3%B0u%20h%C3%A9ra%C3%B0sd%C3%B3mst%C3%B3lanna_1976644385.pdf
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (e.d). *Upplýsingar fyrir þolendur afbrota*. Sótt 1. Ágúst 2012 af: <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/uppl.afbr.3b.pdf>
- Duwe, G. og Goldman, R.A. (2009). The impact of prison-based treatment on sex offender recidivism. Evidence from Minnesota. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 21(3), 297-307.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2010). Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt þann 22.ágúst 2012 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf
- Elliott, M., Browne, K. og Kilcoyne, J. (1995). Child sexual abuse prevention: What offenders tell us. *Child abuse & neglect*, 19(5), 579-594.
- Eric Baumer, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Richard Wright (2001). *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir úttekt refsingar*. Reykjavík: Höfundar og Háskólafjölritun ehf.

- Erickson, W. D., Walbek, N. H. og Seely, R. K. (1988). Behavior Patterns of Child Molesters. *Archives of Sexual Behavior*, 17(1), 77-86.
- Eyssel, F. og Bohner, G. (2011). Schema Effects of Rape Myth Acceptance on Judgments of Guilt and Blame in Rape Cases: The Role of Perceived Entitlement to Judge. *Journal of interpersonal violence*, 26, 1579-1605.
- Fauman, M.A. (2002). *Study guide to DSM-IV*. Washington, D.C: American Psychiatric Press.
- Finkelhor, D. (1994a). Current Information on the Scope and Nature of Child Sexual Abuse. *The future of children*, 4(2), 31-53.
- Finkelhor, D. (1994b). The international epidemiology of child sexual abuse. *Child Abuse og Neglect*, 18(5), 409-417.
- Finkelhor, D. og Leatherman, J. D. (1994). Victimization of Children. *American Psychologist*, 49(3), 173-183.
- Finkelhor, D., Ormrod, R. og Chaffin, M. (2009). Juveniles Who Commit Sex Offenses Against Minors. *Juvenile Justice Bulletin*.
- Firestone, P., Dixon, K. L., Nunes, K. L. og Bradford, J.M. (2005). A Comparison of Incest Offenders Based on Victim Age. *The Journal of the American Academy of Psychiatry and the Law*, 33, 223-232.
- Fischer, D.G. og McDonald, W. L. (1998). Characteristics of intrafamilial and extrafamilial child sexual abuse. *Child Abuse og Neglect*, 22(9), 915-929.
- Flatley, J., Kershaw, C., Smith, K., Chaplin, R. og Moon, D. (2010). Crime in England and Wales 2009/10. Findings from the British Crime Survey and police recorded crime. *Home Office Statistical Bulletin*.
- Fleming, J. M. (1997). Prevalence of childhood sexual abuse in a community sample of Australian women. *Medical Journal of Australia*, 166(2), 65-68.
- Freund, K., Watson, R og Dickey, R. (1991). Sex Offenses Against Female Children Perpetrated bu Men Who Are Not Pedophilies. *The journal of sex research*, 28(3), 409-423.
- Furr, R. M. og Funder, D. C. (2004). Situational similarity and behavioral consistency: Subjective, objective, variable-centered, and person-centered approaches. *Journal of Research in Personality*, 38, 421-447.
- Garlick, Y., Marshall, W. L. og Thornton, D. (1996). Intimacy deficits and attribution of blame among sexual offenders. *Legal and Criminological Psychology*, 1, 251-258.
- Gebhard, P. H., Gagnon, J.H., Pomeroy, W.B. og Christenson, C.V. (1965). *Sex Offenders. An Analysis of Types*. New York: Harper og Row, Publishers.

- Gilovich, T. (1991). Ertu viss? (Sigurður J. Grétarsson þýddi). Reykjavík: Mál og menning. (Upphaflega gefið út 1995).
- Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurdsson (2000). Differences and similarities between violent offenders and sex offenders. *Child Abuse og Neglect*, 24(3), 363–372.
- Goldman, R. J. og Goldman, J. D. (1988). The prevalence and nature of child sexual abuse in Australia. *Australian Journal of Sex, Marriage og Family*, 9(2), 94-106.
- Gottfredsson, M. R. og Hirschi T. (1990). *A General Theory of Crime*. Stanford Kaliforníu: Stanford University Press.
- Grant, J., Indermaur, D, Thornton, J., Stevens, G., Chamarette, C. og Halse, A. (2009). Intrafamilial adolescent sex offenders: Psychological profile and treatment. *Trends og issues in crime and criminal justice*, 375.
- Greenfeld, L.A. (1997). *Sex Offenses and Offenders: An Analysis of Data on Rape and Sexual Assault*. Washington DCV: Office of Justice Programs, U.S. Department of Justice.
- Grubin, D. (1998). Sex offending against children: *Understanding the risk*. London: Home Office.
- Grubin, D., Kelly, P og Ayis, S. (1997). *Linking Serious Sexual Assault*. London: Home Office.
- Grubin, D., Kelly, P. og Brunson, C. (2001). *Linking serious sexual assaults through behaviour*. London: Home Office.
- Guay o.fl., J.P., Proulx, J., Cusson, M. og Ouimet, M. (2001). Victim-Choice Polymorphia Among Serious Sex Offenders. *Archives of Sexual Behavior*, 30(5), 521-533.
- Hagstofa Íslands (2011, 29. mars). Hagtíðindi – Mannfjöldaþróun 2010. Sótt 8. janúar 2012 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=12311>
- Hanson, R.K. og Bussière (1998). Predicting Relapse: A Meta-Analysis of Sexual Offender Recidivism Studies. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 66(2), 348-362.
- Hanson, R.K., Scott, H og Steffy, R. A. (1995). A Comparison of Child Molesters and Nonsexual Criminals: Risk Predictors and Long-Term Recidivism. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 32, 325-337.
- Harris, A.J.R. og Hanson, R.K. (2004). *Sex Offender Recidivism: A Simple Question*. Kanada: Ráðherra almannaeilla og neyðarviðbúnaðar (e. Solicitor General of Canada).
- Hazelwood, R.R. og Warren, J.I. (2003). Linkage analysis: Modus operandi, ritual, and signature in serial sexual crime. *Aggression and Violent Behavior*, 8, 587–598.

- Heil, P., Ahlmeyer S. og Simons D. (2003). Crossover Sexual Offenses. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 15, 221-236.
- Helgi Gunnlaugsson (2003, febrúar) *Afbrotufræði: Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002*, í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.). Erindi flutt á ráðstefnu; Rannsóknir í Félagsvísindum IV. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson (2011). Afstaða Íslendinga til kynferðisbrota: Óttinn við hættulega og ókunna gerendur. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (Ritstj.). *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hettema, J. og Van Bakel, A. P. (1997). Cross-situational consistency in a mastery condition. *Journal of Research in Personality*, 31, 222–239.
- Hogg, M. A. og Vaughan, G. M. (2005). *Social psychology* (4. útgáfa). Harlow, England: Pearson Education Limited.
- Holy, L. (1996). *Anthropological Perspectives on Kinship*. London: Pluto Press.
- Kilpatrick, D.G., Saunders, B.E. og Smith, D.W. (2003). *Office of Justice Programs, National Institute of Justice: Youth Victimization Prevalence and Implications*. Washington, DC: U.S. Department of Justice.
- Krahe, B., Temkin, J. og Bieneck, S. (2007). Schema-Driven Information Processing in Judgements about Rape. *Applied Cognitive Psychology*, 21, 601–619.
- Krug, E.G., Dahlberg, L.L., Mercy, J.A., Zwi, A.B. og Lozano, R. (ritstjórar). (2002). *World report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.
- Lamb, S. og Edgar-Smith, S. (1994). Aspects of Disclosure. Mediators of Outcome of Childhood Sexual Abuse. *Journal of Interpersonal Violence*, 9(3), 307-326.
- Levenson, J., Becker, J. og Morin, J. (2008). The relationship between victim age and gender crossover among sex offenders. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 20, 43–60
- Leclerc, B., Proulx, J., Lussier P. og Allaire, J-F. (2009). Offender-Victim interaction and crime event outcomes: modus operandi and victim effects on the risk of intrusive sexual offenses against children. *Criminology*, 47(2), 595-618.
- Ligiéro, D.P., Fassinger, R., McCauley, M., Moore, J. og Lyytinen, N. (2009). Childhood sexual abuse, culture, and coping: A Qualitative study of Latinas. *Psychology of Women Quarterly* 33 (1), 67–80.
- London, K., Bruck, M., Ceci, S.J. og Shuman, D.W. (2005). Disclosure of child sexual abuse. What Does the Research Tell Us About the Ways That Children Tell? *Psychology, Public Policy and Law*, 11 (1), 194–226.
- Lonsway, K.A. og Fitzgerald, L. F. (1994). Rape Myths. In review. *Psychology of Women Quarterly*, 18, 133-164.

- Lussier, P., Proulx J. og Lblanc, M. (2005). Criminal Propensity, Deviant Sexual Interests and Criminal Activity of Sexual Aggressors against Women: A Comparison of Explanatory Models. *Criminology*, 43 (1), 249-282.
- Lussier, P., Leclerc, B., Cale, J. og Proulx J. (2007). Developmental Pathways of Deviance in Sexual Aggressors. *Criminal Justice and Behavior*, 34, 1441-1462.
- Lög nr. 19, frá 12. febrúar 1940.
- Lög nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum.
- Lög nr. 71, 28. Maí 1997.
- MacLeod, P. og Page, L (2010). *Scottish Crime and Justice Survey: Sexual Victimisation and Stalking*. Edinburgh: The Scottish Government.
- Mischel, W. (2004). Toward an Integrateive Science of the Person. *Annual Review of Psychology*, 55, 1-22.
- Mokros, A. og Alison, L.J. (2002). Is offender profiling possible? Testing the predicted homology of crime scene actions and background characteristics in a sample of rapists. *Legal and Criminological Psychology*. 7,(1), 25–43.
- Moore, D.S. og McCabe, G.P. (2003). *Introduction to the Practice of Statistics* (4. útgáfa). New York : W.H. Freeman.
- Nicholaichuk, T., Gordon, A., Gu, D. og Wong, S. (2000). Outcome of an Institutional Sexual Offender Treatment Program: A comparison between treated and matched untreated offenders. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 12, 2, 139-153.
- Olver, M. E., Wong, S. C. P. og Nicholaichuk, T. (2009). Outcome evaluation of a high intensity inpatient sex offender treatment program. *Journal of Interpersonal Violence*, 24, 522-536.
- Ólafur Örn Bragason, 2011. Sálfræðilegt mat og meðferð ungra gerenda kynferðisbrota. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (Ritstj.). *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Painter, S. L. (1986). Research on the prevalence of child sexual abuse: New directions. *Canadian Journal of Behavioural Science*, 18(4). 323-339.
- Ragnheiður Bragadóttir (2006). *Kynferðisbrot*. Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands.
- Ragnheiður Bragadóttir (2009). *Kynferðisbrot – Dómabók*. Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.
- Rainbow, L. og Gregory, A. (2011). What Behavioural Investigative Advisers actually do. Í Rainbow, L. (Ritstj.), *Professionalizing Offender Profiling* (bls.18). New York: Routledge.

- Rainbow, L. og Almond, L og Alison, L. (2011). BIA support to investigative decision making. Í Rainbow, L. (Ritstj.), *Professionalizing Offender Profiling* (bls.35). New York: Routledge.
- Richards, K. (2011). Misperceptions about child sex offenders. Trends and issues in crime and criminal justice, 429. Sótt 1.maí 2012 af:
<http://www.aic.gov.au/en/publications/current%20series/tandi/421-440/tandi429.aspx>
- Ríkislögreglustjóri (2005). Afbrotatölfræði 2004. Sótt 1. desember 2011 af:
<http://www.logreglan.is/upload/files/afbrotatolfraedi2004.pdf>
- Ríkislögreglustjóri (2006). Afbrotatölfræði 2005. Sótt 1. desember 2011 af:
<http://www.logreglan.is/upload/files/RLS%20Tolfr2006%281%29.pdf>
- Ríkislögreglustjóri (2007). Afbrotatölfræði 2006. Sótt 1. desember 2011 af:
http://www.logreglan.is/upload/files/RLS%20tolfraedi_web.pdf
- Ríkislögreglustjóri (2010). Afbrotatölfræði 2009. Sótt 1. desember 2011 af:
http://www.logreglan.is/rls_afbrot09.html
- Ríkislögreglustjóri (2011). Afbrotatölfræði 2010. Sótt 1. desember 2011 af:
http://www.logreglan.is/upload/files/AFBROTAT%D6LFR2010_ENDANLEG.pdf
 __.pdf
- Ríkislögreglustjóri, 2011b. Ferill kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008. Sótt 22. júlí 2012 af:
http://www.logreglan.is/upload/files/LOKASKJAL_ferill%20brota%20hj%20E1%20%20F6greglu%20og%20E1k%20E6ruvaldi_09%2002%202011%20%282%29%281%29.pdf
- Santtila, P., Junkkila, J. og Sandnabba, N.K. (2005). *Journal of Investigative Psychology and Offender Profiling*, 2, 87–103.
- Sariola, H. og Utela, A. (1996). The prevalence and context of incest abuse in Finland. *Child Abuse og Neglect*, 20(9). 843-850.
- Seto, M.C. (2008). *Pedophilia and Sexual Offending Against Children*. Washington DC: American Psychological Association.
- Sjöstedt, G., Långström, N., Sturidsson, K. og Grann M. (2004). Stability of Modus Operandi in Sexual Offending. *Criminal Justice and Behavior*, 31, 609-623.
- Smallbone, S.W. og Wortley, R.K. (2004). Criminal Diversity and Paraphilic Interests Among Adult Males Convicted of Sexual Offenses Against Children. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 48, 175-188.
- Smith, D.W., Letourneau, E. J., Saunders, B. E., Kilpatrick, D. G., Resnick, H. S., Best, C. L., (2000). Child Abuse Negl. *Delay in disclosure of childhood rape: results from a national survey*. 24(2), 273-87.

- Soothill, K., Francis, R., Sanderson, B. og Ackerley, E. (2000). Sexual offenders: Specialists, generalists - or both? *British Journal of Criminology*, 40, 56-67
- Steinunn Bergmann (2009, 21. september). Nýtt meðferðarúrræði fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Barnaverndarstofa. Sótt 23.nóv. 2010 af: <http://bvs.is/?s=9ogm=ogid=297>
- Stígamót (2002). Ársskýrsla Stígamóta 2002. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2002.pdf>
- Stígamót (2003). Ársskýrsla Stígamóta 2003. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2003.pdf>
- Stígamót (2004). Ársskýrsla Stígamóta 2004. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2004.pdf>
- Stígamót (2005). Ársskýrsla Stígamóta 2005. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2005.pdf>
- Stígamót (2006). Ársskýrsla Stígamóta 2006. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2006.pdf>
- Stígamót (2007). Ársskýrsla Stígamóta 2007. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2007.pdf>
- Stígamót (2008). Ársskýrsla Stígamóta 2008. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2008.pdf>
- Stígamót (2009). Ársskýrsla Stígamóta 2009. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: http://stigamot.is/files/Stigamot_Arsskyrsla_2009.pdf
- Stígamót (2010). Ársskýrsla Stígamóta 2010. Sótt þann 1. nóvember 2011 af: <http://stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2010.pdf>
- Thomas, T. (2004). When public protection becomes punishment? Use of civil measures to contain the sex offender. *European Journal on Criminal Policy and Research*, 10, 337–351.
- Von Hofer, Hanns (2000). Crime statistics as constructs: The case of Swedish rape statistics. *European Journal on Criminal Policy and Research* 8, 77–89.
- Westermarck, E. (1922). *The history of human marriage* (5.útgáfa). New York: The Allerton Book Company.
- Wilson, G. og Alison, L. (2005). Suspect prioritization in the investigation of sex offences: from clinical classification and profiling to pragmatism. Í Alison, L. (Ritstj.), *Forensic Psychologists Casebook* (bls. 68). Portland Oregon: Willan Publishing.
- Witt, P. H, Greenfield, D. P og Hiscox, S. P. (2008). Cognitive/behavioral approaches to the treatment adult sex offenders. *The Journal of Psychiatry and Law*: 36 (2).

Woodhams, J., Hollin, C.R. og Bull, R. (2007). The psychology of linking crimes: A review of the evidence. *Legal and Criminological Psychology*, 12, 233–249.


Zgoba, K. M., Sager, W.R. og Witt, P.H. (2003). Evaluation of New Jersey's Sex Offender Treatment Program at the Adult Diagnostic and Treatment Center: Preliminary Results. *Journal of Psychiatry and the Law*, 31, 133-164.

Viðauki


Refsingar

Þróun refsinga:

Á mynd 1 má sjá að mikill meirihluti ákæra sem koma fyrir héraðsdóm enda með sakfellingu.



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting sýkna og sakfellinga í kynferðisbrotamálum.



Mynd 2. Þróun refsinga fyrir kynferðisbrot, miðað við meðalfjölda refsímanuða í sakfellingum.

Á mynd 2 má sjá þróun refsinga í kynferðisbrotadómum sem enda með sakfellingu (skilorðsbundin refsing og fangelsisdómur lagt saman). Þá má sjá að refsingar hafa verið að þyngjast stöðugt frá árinu 2001 til ársins 2006. Frá árinu 2007 til ársins 2010 hefur refsímánuðum fjölgað, fækkað og fjölgað síðan aftur. Í töflu 1 má sjá að það eru langflestir refsímánuðir árið 2008 eða 26 að meðaltali. Staðalfrávikkið það sama ár er líka hæst og þegar gögnin eru skoðuð betur má sjá að þetta ár fellur annar af þyngstu dómunum í safninu eða 96 mánuðir (S-0674/2008). Það er þó ekki eini þungi dómurinn það árið, heldur fellur annar dómur sem er 72 mánuðir (S-0967/2008), síðan koma nokkrir dómar þar sem refsingin er 48 mánuðir. Árið 2009 fellur einnig dómur sem hljóðar upp á 96 refsímánuði (S-0077/2009) en það ár eru aðrir dómar ekki eins þungir og það sést greinilega á meðaltali og miðgildi sem er mun lægra en árið áður.


Tafla 1. Þyngd refsingar í dómum sem enda með sakfellingu.

Þyngd dóma í mánuðum	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi refsídóma	22	31	26	24	20	36	28	30	35	19
Fjöldi sektardóma	3	2	6	4	3	0	1	0	2	2
Meðaltal, fjöldi mánaða í refsingu	10	12	12	15	18	18	17	26	16	22
Miðgildi, fjöldi mánaða í refsingu	8	10	10	9	15	12	14	20	12	18
Staðalfrávik	10	9	9	15	16	19	16	25	19	16

Þegar brot sem eru án þolanda eru tekin út og þau sem hafa þolendur eru skoðuð nánar, má sjá þróun dóma eftir árum í töflu 2 en þar er þeim skipt upp eftir því hvort þolendur séu börn eða fullorðnir eða bæði. Þá má sjá í töflu 2 að þyngstu dómarnir sem falla eru 96 mánuðir og á það bæði við um kynferðisbrot gegn börnum og fullorðnum.

Tafla 2. Þyngd refsingar í dómum sem enda með sakfellingu, skipt eftir tegund brots.

Kynferðisbrot gegn barni	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi refsídóma	17	15	13	16	10	18	11	17	24	11
Fjöldi sektardóma	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Meðaltal, fjöldi mánaða í refsingu	11	12	15	13	19	21	16	32	12	21
Miðgildi, fjöldi mánaða í refsingu	8	8	15	9	7	13	18	24	12	12
Staðalfrávik	10	10	9	13	20	22	12	26	11	13
Vægasti dómur	2	0	3	2	3	1	0	3	0	6
Þyngsti dómur	42	36	36	48	60	60	36	96	48	48
Kynferðisbrot gegn fullorðnum	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi refsídóma	3	14	7	4	8	15	11	10	10	6
Fjöldi sektardóma	0	0	2	1	1	0	0	0	0	0
Meðaltal, fjöldi mánaða í refsingu	10	13	15	21	22	18	24	22	26	21
Miðgildi, fjöldi mánaða í refsingu	12	12	12	20	21	12	18	18	15	21
Staðalfrávik	5	8	8	21	8	16	19	22	29	14
Vægasti dómur	5	0	6	3	12	2	1	0	2	5
Þyngsti dómur	14	24	26	42	36	60	60	60	96	42
Kynferðisbrot gegn barni og fullorðnum	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi refsídóma	1	0	1	2	0	0	0	0	0	1
Fjöldi sektardóma	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Meðaltal, fjöldi mánaða í refsingu	18	0	2	24	0	0	0	0	0	60
Miðgildi, fjöldi mánaða í refsingu	18	0	2	24	0	0	0	0	0	60
Staðalfrávik	0	0	0	17	0	0	0	0	0	0
Vægasti dómur	0	0	0	12	0	0	0	0	0	0
Þyngsti dómur	0	0	0	36	0	0	0	0	0	0



Mynd 3. Þróun refsingar, miðað við meðalfjölda refsímánuða í sakfellingum. Skipt eftir þolendahópum.

Þegar þróun refsingar er skoðuð út frá því hvort þolendur eru börn eða fullorðnir, má sjá á mynd 3, að refsingar fyrir brot gegn fullorðnum hafa smáaukist frá árinu 2001, að árunum 2006 og 2010 undanskildum. Þegar brot gegn börnum eru skoðuð má sjá sömu tilhneigingu, það er að refsingar hafa smásaman verið að þyngjast frá árinu 2001, fyrir utan árin 2007 og 2009 en þá eru refsingarnar lægri en árið áður.

Árið 2009 voru dómarnir talsvert fleiri en hin árin ($n=24$) og þegar gögnin eru skoðuð nánar í sambandi við þennan mun, þá má geta þess að þetta ár var í tveimur dómum ekki dæmt til refsivistar þó þeir hefðu endað með sakfellingu. Í öðrum dómnum (S-0265/2008) voru gerendurnir þrír og ákvörðun refsingar frestað í tvö ár ef gerendur myndu halda almennt skilorð, það er ef þeir myndu ekki brjóta af sér aftur á þeim tveimur árum. Í hinum dómnum (S-0755/2009) var gerandinn metinn ósakhæfur og gert að sæta vistun á viðeigandi stofnun. Þyngsti dómurinn árið 2009 var 48 mánuðir (S-0138/2009) og aðeins einn dómur var svo þungur það árið.

Tengsl og sakfellingar

Athugað var hvort munur væri á hlutfalli sakfellinga eftir því hvort gerandi væri tengdur þolanda fjölskylduböndum, þegar þolandi var barn. Ekki var marktækur munur þar á ($\chi^2(1, N=195) 0,888, p=0,346$).

Athugað var hvort munur væri á hlutfalli sakfellinga eftir því hvort gerandi hafði einhver tengsl við þolanda eða ekki, þegar þolandi var fullorðinn. Ekki var marktækur munur þar á ($\chi^2(1, N=131) 0,374, p=0,541$).